

**SKOÐUN** Íris Ólafsdóttir segir að setja þurfi spurningarmerki við aukna áherslu Íslendinga á loðdýrarækt. 15



**MENNING** Björn Hlynur Haraldsson bætist við leikhópinn í Ástríði. 30



**SPORT** Íslenska landsliðið þarf á „nýjum“ stjörnum að halda á HM í handbolta á Spáni. 26


Námskeið
- innifalin í áskrift -
www.badhusid.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
11. janúar 2013
9. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



## Borgin leysir til sín lóð

Reykjavíkurborg hefur leyst til sín lóð UMFÍ við Tryggvagötu. Til skoðunar er að reisa þar leiguíbúðir. Starfshópur hefur verið skipaður til að vinna tillögur um eflingu almenns leigumarkaðar. 4

**Karl Vignir kærður** Þrír höfðu í gær lagt fram kæru á hendur Karli Vigni Þorsteinssyni vegna kynferðisbrota. Nágrannar bera Karli Vigni misvel söguna. 2 & 8

**Fundust myrtar** Hundruð Kúrda komu saman í París í gær fyrir utan upplýsingamiðstöð þar sem þrjár konur fundust myrtar í fyrrinótt. 10

**Samningar skýra ekki verðbólgu** Forseti ASÍ gefur lítið fyrir gagnrýni aðalhagfræðings Seðlabankans. 12



14

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 2° | ASA | 5 |
| Akureyri | 2° | SSA | 4 |
| Egilsstaðir | 3° | SA | 4 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | ASA | 5 |
| Reykjavík | 4° | SA | 6 |

**Bjart norðaustanlands** en rigning eða slydda með köflum sunnan og vestan til. Fremur hægur vindur og heldur kólnandi. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk






**VETRARGOLF** Vinirnir Ásgeir Nikulásson og Þorsteinn Steingrímsson notuðu tækifærið í gær til að spila nokkrar holur á Korpúlfsstaðavelli, en að eigin sögn nýta þeir hvert tækifæri til að rölta einn hring. Peir gera ekki miklar kröfur til vallargæða í janúar en veðrið hefur verið þessum dellukÖllum hagstætt að undanförnu með óvenjulegum hlýindum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Notaði kortið í 16 löndum

Páll Heimisson hefur verið ákærður fyrir að misnota kreditkort norrænu íhaldsflokkanna og hafa af þeim 19 milljónir á 26 mánuðum. Eyddi 510 þúsund krónum hjá úrsmiði í Vín og 414 þúsundum í lúxusverslun í Beirút.

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Páli Heimissyni, þrítugum fyrrverandi starfsmanni í Valhöll, fyrir umboðssvik. Honum er gefið að sök að hafa notað kreditkort íhaldshóps Norðurlandaráðs í heimildarleysi í sextán löndum frá 2009 til 2011.

Málið kom upp vorið 2011 þegar stjórn íhaldshópsins hafði færst frá Íslendingum til Finna. Sjálfstæðisflokkurinn kannaði bókhaldið eftir fyrirspurn frá Finnlandi og kærði Pál, sem hafði verið ritari hópsins, til lögreglu.

Í ákærunni, sem gefin var út 18. desember, má sjá lista með 321 kreditkortafærslu á 26 mánaða tímabili, frá 26. janúar 2009 til 21. mars 2011. Fullyrt er í ákæru að þessi notkun kortsins hafi verið „án heimildar og með öllu ótengd störfum ákærða fyrir flokkahópinn“.

Páll er ákærður fyrir að hafa svikið út alls 19,4 milljónir króna. Af ákærunni má ráða að kortið hafi verið notað í sextán löndum á þessu tímabili og að rúmar tvær milljónir af fénu hafi verið notaðar til að kaupa flugfarseðla.

Hæstu einstöku fjárhæðirnar sem sjá má á yfirlitinu eru 510 þúsund krónur sem eytt var hjá úrsmiðnum Hübner í Vín í Austurríki og 414 þúsund króna viðskipti við lúxusvöruverslunina Aishti í Beirút í Líbanon. - sh / sjá síðu 6



**VINSÆLL VETTVANGUR** Samkvæmt ákærunni tók Páll alls tólf milljónir út af kortinu úr bönkum og hraðbönkum um allan heim.




Ögmundur Jónasson hefur lagt fram frumvarp og málið er í forgangi:

# Boðar eftirlit með barnaníðingum

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég er að vonast til þess að þetta frumvarp verði orðið að lögum innan nokkurra vikna. Við höfum sett þessi mál í algeran forgang,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra um frumvarp sem heimilar eftirlit með barnaníðingum eftir að þeir afplána dóm. Hann lagði frumvarpið fram á Alþingi í nóvember og það bíður nú fyrstu umræðu.

Samkvæmt frumvarpinu verður hægt að hafa eftirlit, þar með talið rafrænt, með dæmdum barnaníðingum og ákvarða dvalarstað þeirra og læknismeðferð þegar miklar líkur eru taldar á að þeir brjóti af sér aftur. Ögmundur segir úrskurð dómara munu þurfa áður en afplánun lýkur. „Þetta verður aldrei ákvörðun lögreglu eða fangelsisyfirvalda.“ - þeb / sjá síðu 2 og 8

> **Ég er að vonast til þess að þetta frumvarp verði orðið að lögum innan nokkurra vikna. Við höfum sett þessi mál í algeran forgang.**
>
> *Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra*







## SPURNING DAGSINS



Hálfdán, er snjóboltinn farinn að rúlla?

**„Heldur betur. Nú þurfum við að setja allt annað á ís í bili.“**

Hálfdán Pedersen er meðlimur í Snjóhöggvurunum, sem eru á leið til Colorado í Bandaríkjunum að keppa í snjóskúlptúragerð.

Samtök atvinnulífsins leggja til að gildistími kjarasamninga verði styttur um mánuð:

# Skriður virðist kominn á kjaraviðræður

**KJARAMÁL** Kjaramál Samtök atvinnulífsins (SA) vilja kanna möguleikann á því að gildistími kjarasamninga verði styttur um mánuð og renni út 31. desember 2013. Þá telja SA nauðsynlegt að þegar verði hafin vinna vegna næstu kjarasamninga, meðal annars við mótun atvinnustefnu.

SA og Alþýðusamband Íslands (ASÍ) hafa undanfarið átt í viðræðum vegna endurskoðunar kjarasamninga, en hvor aðili hefur rétt á því að opna samningana fyrir 21. janúar. Samkvæmt gildandi samningum munu laun á vinnumarkaði hækka um 3,25% um næstu mánaðamót. ASÍ hefur sett fram kröfu um hærri launahækkanir, þar sem kaupmáttur hefur vaxið minna en stefnt var að. ASÍ hefur lagt til að samningar verði lausir 1. september 2013 verði verðbólga ekki undir 3%. SA hefur ekki litist á þær tillögur.

„Eftir að hafa á undanförnum fundum fengið eintóm neikvæð svör frá atvinnurekendum er þarna komin ákveðin opnun á viðræður við okkur um þá stöðu sem er komin upp, sem er jákvætt,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. „Við viljum hins vegar eiga samræður um verðlagsmálin og við munum hittast á morgun [í dag] og fara yfir þetta.“

Gylfi segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um að opna samningana komist SA og að ASÍ ekki að samkomulagi. „Þá tekur stöðumat einfaldlega við. Getum við náð fram hagstæðari samningi en við erum með núna eða eigum við frekar að taka þessa launahækkun og nota næsta árið til að setja okkur í stellingar fyrir átök þegar samningarnir renna út? Það er spurningin,“ segir Gylfi. - mþl

> **Við viljum hins vegar eiga samræður um verðlagsmálin og við munum hittast á morgun [í dag] og fara yfir þetta.**
>
> *Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ*

Brotið ekki á sakaskrá:

## Sagt upp eftir bloggfærslu

**LÖGREGLUMÁL** Starfsmanni Slökkviliðs Reykjavíkur hefur verið vikið úr starfi eftir að upp komst að hann hefði fyrir tæpum áratug hlotið dóm fyrir kynferðisbrot gegn stúlku þegar hún var ellefu og tólf ára. Frá þessu sagði fréttastofa Rúv í gær.

Í kjölfar umfjöllunar Kastljóss um brot barnaníðingsins Karls Vignis Þorsteinssonar hafa önnur mál komið inn á borð ýmissa samtaka sem og vinnuveitenda. Rúv greinir frá því að dómurinn hafi fallið fimm árum áður en maðurinn hóf störf hjá Slökkviliðinu. Brotið kom ekki fram á sakavottorði hans þegar hann sótti um starfið. Sjálf vakti stúlkan athygli á því með bloggfærslu að maðurinn starfaði sem sjúkraflutningamaður. - shá

Drápshunda leitað:

## Hafa drepið fimm manns

**MEXÍKÓ, AP Fimm hafa fundist látnir undanfarnar vikur í almenningsgarði í Mexíkóborg eftir að hundar réðust á þá. Nú í vikunni hófu yfirvöld að leita uppi hunda sem ganga lausir á þessum slóðum.**

**Fimmtán ára stúlka fannst látin fyrir utan garðinn í desember. Í lok mánaðarins fundust síðan ung kona og lítið barn hennar látin. Loks fundust lík manns og konu viku síðar. Öll voru illa leikin af hundsbitum.** - gb

## MENNTAMÁL

### Nýtt flugvirkjanám Keilis

Keilir mun í samstarfi við breska flugvirkjaskólann Air Service Training Ltd. hefja að bjóða flugvirkjanám hér á landi á næstu mánuðum. Kennslan mun fara fram hjá Keili á Ásbrú í Reykjanesbæ, en um tveggja ára bóklegt og verklegt nám er að ræða.



**RISASMOKKURINN** Mynd úr þætti sem tekinn var upp í fyrrasumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tímamót á 630 metra dýpi:

## Risasmokkur náðist á mynd

**JAPAN, AP Vísindamenn og sjónvarpsfólk segjast í fyrsta sinn hafa náð upptökum af risasmokkfiski í sínu náttúrulega umhverfi.**

**Myndir náðust af þriggja metra smokki úr mönnuðum kafbáti í einum af hundrað ferðum hans í Kyrrahafi í fyrrasumar. Verið var að taka upp sjónvarpsþátt í samstarfi japanska sjónvarpsins NHK, Discovery Channel og Náttúruvísindasafns Japans. Smokkfiskurinn fannst á 630 metra dýpi um það bil þúsund kílómetra suður af Tókýó.**

**Þátturinn verður sýndur í Japan á sunnudaginn en 27. janúar á Discovery Channel.** - óká

Tvö fíkniefnamál rannsökuð:

## Tveir með alls kíló af kókaíni

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum rannsakar nú tvö fíkniefnamál eftir að tveir menn voru teknir með samtals eitt kíló af kókaíni í Leifsstöð í tveimur aðskildum málum.

Senegali um fertugt var handtekinn þar 30. desember við komuna frá Kaupmannahöfn með 600 grömm af kókaíni innvortis. Gæsluvarðhaldið yfir honum rennur út í dag.

Þá var rúmlega fertugur Rússi handtekinn við komuna frá París og fundust á honum um 300 grömm af kókaíni. Hann hefur sætt farbanni síðan. - sh

# Glötuðu tækifæri til að losna við bragga

Isavia féll á tíma og missti af tækifæri til að losna við bragga sem félagið mátti rífa til að rýma fyrir vélaskemmu á Reykjavíkurflugvelli. Bragginn er nú sagður stríðsminjar. Á þeirri forsendu ætti að friða flugvöllinn sjálfan, segir talsmaður Isavia.

**SKIPULAGSMÁL** Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur hafnað að endurnýja áður útgefið leyfi fyrir niðurrifi herbragga við hlið gamla flugturnsins í Reykjavík.

Isavia, sem rekur Reykjavíkurflugvöll, fékk fyrir nokkrum árum heimild til að rífa umræddan bragga og byggja tækjaskemmu í staðinn. Ekkert varð úr niðurrifinu þá og þegar loks átti að hefjast handa var það um seinan. „Leyfið fyrir niðurrifinu gilti aðeins í eitt ár og því þurfti að byrja umsóknarferlið upp á nýtt,“ útskýrir Friðþór Eydal, talsmaður Isavia.

Synjun byggingarfulltrúa nú byggir á umsögnum Húsafriðunarnefndar og borgarminjavarðar, sem kveður braggann ásamt gamla flugturninum og flugskýli 1 þar á bak við mynda heild frá hernámsárunum. Engir braggar frá þessum tíma standi nú í Reykjavík utan flugvallarsvæðisins.

„Nálægð við minjasvæði í Öskjuhlíð gerir það að verkum að þessar byggingar myndu henta vel fyrir safn og sem sýningarstaður fyrir flugminjar og sögu hernámsáranna í Reykjavík,“ segir í umsögn borgarminjavarðar.

Friðþór segir að ætlunin hafi verið að reisa stóra vélaskemmu á reitnum sem bragginn stendur á og þar til hliðar. „Við erum komnir með ný, fullkomin og rándýr snjóhreinsunar- og hálkueyðingartæki sem þola illa að standa úti í öllum veðrum þegar ekki er verið að nota þau. Þetta þýðir að ending tækjanna verður minni og viðhald þeirra mun kostnaðarsamara,“ segir Friðþór. Nú verði vélageymslunni einfaldlega fundinn annar staður.

Friðþór minnir á að forsendur synjunar á niðurrifi braggans séu tilvísun til minja frá stríðsárunum. „Þá finnst mér persónulega skjóta skökku við að ekki skuli vera gengið skrefið til fulls og flugvallarmannvirkið sjálft friðað á sömu forsendum,“ segir hann. Reykjavíkurflugvöllur og Keflavíkurflugvöllur séu stærstu minjar frá stríðsárunum á Íslandi.

„Þetta eru ekki minjar vegna þess að hér hafi skapast eitthvert „ástand“ milli íslenskra kvenna og erlendra hermanna – sem er gjarnan það sem heitast þykir í þessari sögu, því miður – heldur vegna þess að héðan var rekin starfsemi sem átti þátt í því að bjarga tugþúsundum mannslífa á hafinu suður af Íslandi í skipalestum bæði á leiðinni til Rússlands og frá Bandaríkjunum til Bretlands,“ segir Friðþór Eydal. gar@frettabladid.is



**NÝJA SKEMMAN** Samþykkta teikningin sem féll á tíma með útrunninni niðurrifsheimild. MYND/ISAVIA

**BRAGGINN** Gamli flugturninn er friðaður og minjavernd telur að braggann við hliðina og flugskýlið þar á bak við eigi að vernda líka. Flugvallarmenn vildu nota plássið til að reisa stóra tækjageymslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Við erum komnir með ný, fullkomin og rándýr snjóhreinsunar- og hálkueyðingartæki sem þola illa að standa úti í öllum veðrum.**
>
> *Friðþór Eydal, talsmaður Isavia.*




Biskup Íslands segir að Áskirkja hafi ekki fylgt varúðarreglum kirkjunnar:

# Þrír höfðu kært Karl Vigni í gær

**LÖGREGLUMÁL** Þrír einstaklingar hafa lagt fram kæru á hendur Karli Vigni Þorsteinssyni vegna kynferðisbrota. Þriðja kæran var lögð fram í gær. Brotin sem hafa verið kærð eru hugsanlega ekki fyrnd og gáfu brotaþolar skýrslu í gær. Þetta staðfesti Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildarinnar, í samtali við Rúv í gær. Lögreglan býst fastlega við að fleiri kærur verði lagðar fram á hendur Karli á næstunni.

Síðdegis í gær skrifaði biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, inn á vefinn Kirkja.is vegna máls Karls Vignis. „Í hámæli er alvarlegt kynferðisbrotamál í samfélagi okkar. Það er þyngra en tárum taki að slíkt skuli hafa viðgengist og það um áratuga skeið. Af þessu tilefni vil ég árétta að prestar og forysta safnaða þjóðkirkjunnar fylgi varúðarreglum eins og þær eru fram settar í starfsreglum og siðareglum Þjóðkirkjunnar. Þess hefur ekki verið gætt af hálfu Áskirkju varðandi þann einstakling er um ræðir, eins og þegar er fram komið af hennar hálfu.“

„Kynferðisbrot eiga aldrei að líðast og eru smánarblettur á samfélaginu,“ skrifar Agnes. - shá, hh



**KARL VIGNIR ÞORSTEINSSON** Dag eftir dag hlaðast upp frásagnir fólks af brotum Karls. Þrír hafa kært. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bílanaust

# HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG AFTUR

Bílanaust hefur opnað á ný. Við erum staðráðin í því að veita bíleigendum enn betri þjónustu en þeir eiga að venjast. Við byggjum á afburðareynslu og bjóðum upp á eitt mesta úrval landsins af varahlutum og bílavöru. Jafnframt bjóðum við breiða línu af olíum, verkfærum og iðnaðarvörum. Við tökum vel á móti þér á átta stöðum á landinu og hlökkum sannarlega til að sjá þig aftur!

**Bílanaust – Gæði, reynsla og gott verð.**

**OSRAM BÍLAPERUR**




**25% AFSLÁTTUR**

**RÚÐUVÖKVI**
5 lítrar, -12°C




Gott verð!
**890 KR.**

**TJÖRU-HREINSIR**
1 lítri




Gott verð!
**690 KR.**

**FASTLYKLASETT**
Laser 12 stk.
8-19 mm



25% afsláttur
**2.963 KR.**

**LED SJÓNVARP**
HAIER 32" HD Ready 1366 x 768



Gott verð!
**69.900 KR.**

**MÓTOROLÍA**
10W-40
Semi Syn 5 lítrar



25% afsláttur
**3.149 KR.**

**HÁÞRÝSTIDÆLA**
CARSTECH - 120 bör/2400W



25% afsláttur
**29.175 KR.**

**BOSCH ÞURRKUBLÖÐ**



**25% AFSLÁTTUR**

**FRÁBÆR OPNUNAR TILBOÐ**

**HILLMAN BÍLTÆKI**
CD, USB, MP3, 4x45w, fjarstýring



Gott verð!
**16.900 KR.**

Gildistími: 11.-19. janúar 2013

| STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 | Tækniþjónusta Funahöfða 13 | Smiðjuvegi 4a | Dalshrauni 17 | Krossmóum 4 | Hrísmýri 7 | Lyngási 13 | Furuvöllum 15 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 110 Reykjavík \| 535 9000 | 110 Rvk. \| 535 9110 | 200 Kópavogi 535 9100 | 220 Hafnarfirði 555 4800 | 260 Reykjanesbæ 421 7510 | 800 Selfossi 482 4200 | 700 Egilsstöðum 471 1244 | 600 Akureyri 535 9085 |

www.bilanaust.is


FÍTON / SÍA

## GENGIÐ
10.01.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,03 | 129,65 |
| Sterlingspund | 207,16 | 208,16 |
| Evra | 169,03 | 169,97 |
| Dönsk króna | 22,654 | 22,786 |
| Norsk króna | 23,113 | 23,249 |
| Sænsk króna | 19,691 | 19,807 |
| Japanskt jen | 1,465 | 1,4736 |
| SDR | 197,3 | 198,48 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR** 232,7673

Skuldir Vefpressunnar jukust um tæplega sjötíu milljónir á milli ára:

# Vefpressan tapaði þrjátíu milljónum

**VIÐSKIPTI** Vefpressan ehf., sem rekur meðal annars vefina Pressan.is og Eyjan.is, tapaði 29,8 milljónum króna á árinu 2011. Rekstrarafkoma félagsins var neikvæð um 44,4 milljónir króna en bókfærður söluhagnaður vegna sölu á félaginu Emoll ehf. fyrir 14,6 milljónir króna lagaði heildarniðurstöðu ársins. Þetta kemur fram í óendurskoðuðum ársreikningi Vefpressunnar sem skilað var inn til ársreikningaskráar síðastliðinn mánudag.

Vefpressan tapaði 7,2 milljónum króna á árinu 2010 og versnaði afkoma fyrirtækisins umtalsvert á milli ára.

Eignir Vefpressunnar voru bókfærðar á 139 milljónir króna í lok árs 2011. Þær höfðu þá hækkað um 39 milljónir króna á milli ára, meðal annars vegna kaupa á Eyjunni Media, en virði þess félags er sagt 25,8 milljónir króna í reikningnum. Vefpressan átti auk þess útistandandi viðskipta- og skammtímakröfur upp á tæplega 58 milljónir króna.

Skuldir félagsins hækkuðu mikið á milli ára. Þær voru 21,8 milljónir króna í lok árs 2010 en 90,6 milljónir króna í lok árs 2011. Þar af var yfirdráttarheimild sem Vefpressan fékk á árinu 2011 upp á 35 milljónir króna og aðrar skammtímaskuldir upp á 39,3 milljónir króna. Eigið fé var 48,4 milljónir króna og hafði lækkað um 30 milljónir króna á einu ári. Björn Ingi Hrafnsson, stjórnarformaður, útgefandi og ritstjóri Pressunnar og Arnar Ægisson, framkvæmdastjóri hennar, eru aðaleigendur Vefpressunnar. - þsj



**TAPREKSTUR** Björn Ingi Hrafnsson er aðaleigandi og stjórnarformaður Vefpressunnar og útgefandi og ritstjóri Pressunnar.

Verðlaun Philips K. Dick:

## Lovestar Andra Snæs tilnefnd

**MENNING** Bókin Lovestar eftir Andra Snæ Magnason hefur verið tilnefnd í Bandaríkjunum til verðlauna sem kennd eru við Philip K. Dick. Þetta kemur fram á vefsíðu Forlagsins. Um ein helstu vísindaskáldsagnaverðlaunin þar í landi er að ræða, en Dick er einn þekktasti og áhrifamesti höfundur vísindaskáldsagna í heiminum.



**ANDRI SNÆR MAGNASON**

Lovestar kom út í enskri þýðingu í fyrra, en hún er ein sjö sagna sem tilnefndar eru að þessu sinni.

Tilkynnt verður um úrslitin 29. mars í Washington. Bókin kom út árið 2002 hér á landi og var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. - kóp

Niðurstaða íbúaþings í Hofi:

## Plastpokalaus bær árið 2030

**AKUREYRI** Árið 2030 verður Akureyri fyrsti plastpokalausi bærinn á landinu. Þá er stefnt að því að allar verslanir bæjarins selji einungis tau- eða bréfpoka. Þetta er meðal niðurstaðna íbúaþings í Menningarhúsinu Hofi, sem greint er frá á vef Akureyrar vikublaðs.

Þingið var haldið í þeim tilgangi að fá íbúa til að ræða um framtíð samfélagsins til langs tíma og skapa þannig grunn að nýrri langtímaáætlun. Þá kom fram að endurheimta þurfi fjörúna, fjölga útivistarsvæðum, Gilið verði græn gata og að minnka þurfi áherslu á einkabílinn og draga úr útblæstri. - sv

# Borgin byggir leiguhúsnæði á lóð UMFÍ við Tryggvagötu

Reykjavíkurborg hefur leyst til sín lóð UMFÍ við Tryggvagötu. Greiðir félaginu 14 milljónir í útlagðan kostnað. Lóðin verður með í plönum um eflingu almenns leigumarkaðar. Starfshópur um húsnæðismál skipaður í gær.

**REYKJAVÍK** Borgarráð samþykkti í gær að leysa til sín lóð Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) við Tryggvagötu 13. Á sama fundi var samþykkt skipan starfshóps um húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar, en meðal annars á að efla almennan leigumarkað. Svo gæti því farið að leiguíbúðir yrðu reistar við Tryggvagötuna.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, segir lóðina vera mjög verðmæta og mikilvæga í uppbyggingu miðborgarinnar.

„Það sem við erum með í höndunum er lóð á besta stað í borginni. Nú munum við kalla eftir tillögum skipulagsráðs og skipulagssviðs um bestu nýtingu á lóðinni."

Dagur er einnig formaður starfshópsins sem borgarráð skipaði varðandi húsnæðismál. Hann segir að hópurinn muni horfa til þessarar lóðar.

„Óneitanlega er þetta ein af lóðunum sem við höfum horft til til að efla almennan leigumarkað á Íslandi."

UMFÍ fékk vilyrði fyrir lóðinni í borgarstjórnartíð Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins og hugðist reisa höfuðstöðvar sínar þar. Fregnir bárust síðan af því að viðræður væru í gangi um byggingu hótels á lóðinni, en bæði Edduhótel og Icelandair-hótel voru nefnd til sögunnar. Ekki var sátt um hugmyndir um hótelbyggingu, og enda hafði verið rætt um höfuðstöðvar UMFÍ á lóðinni.

Reykjavíkurborg greiðir UMFÍ 14 milljónir vegna útlagðs kostnaðar við hönnunar- og deiliskipulagsvinnu. Helga G. Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, segir félagið ganga sátt frá borði, en það hefur fest kaup á húsnæði undir höfuðstöðvar sínar.

„Við vorum orðin ákveðin í því að þetta væri góð lausn og erum bara sátt. Við keyptum húsnæði fyrir svolitlu síðan þar sem þetta mál dróst og dróst og við gátum ekki beðið endalaust."

kolbeinn@frettabladid.is



**VERÐMÆT LÓÐ** Bílastæði eru í dag á lóðinni sem stendur við hlið Grófarinnar, sem hýsir meðal annars Borgarbókasafn og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Starfshópur um húsnæðismál mun skoða hvort þar verða reistar leiguíbúðir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

## Aðgerðaráætlun um húsnæðismál

Borgarráð skipaði í gær starfshóp til að fylgja eftir húsnæðisstefnu Reykjavíkurborgar til 2020 – húsnæði fyrir alla. Ásamt Degi, sem er formaður, sitja í hópnum Björk Vilhelmsdóttir, Páll Hjaltason, Elín Sigurðardóttir og Áslaug Friðriksdóttir. Hópurinn á að skila tillögum fyrir 1. júní.

Dagur segir að hópurinn eigi að gera uppbyggingaráætlun um leigu- og stúdentaíbúðir. Kortlagðir verði möguleikar til uppbyggingar, bæði á vegum borgarinnar og einkaaðila, og fundað hafi verið með uppbyggingaraðilum til að kanna áform þeirra. „Þetta er mjög mikið forgangsmál hjá meirihlutanum í borginni og lykilmál út frá ýmsum sjónarmiðum, ekki síst ungs fólks. Það gæti stefnt í húsnæðiskreppu því fólk hefur hvorki leiðir til að kaupa né leigja ef framboð er ekki nægt."



**DAGUR B. EGGERTSSON**





FÆKKAÐU TÆKIFÆRUNUM

EF ÞÚ KEMUR Í VEG FYRIR EÐA FÆKKAR ÞEIM KRINGUMSTÆÐUM ÞAR SEM BARN ER EITT MEÐ EINUM FULLORÐNUM, ÞÁ DREGUR ÞÚ VERULEGA ÚR HÆTTUNNI Á AÐ BARN ÞITT VERÐI FYRIR KYNFERÐISLEGRI MISNOTKUN.

Kynntu þér nánar bæklinginn *7 skref til varnar börnum okkar* á vefnum www.blattafram.is


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Strekkingur með SA-strönd, annars hægari.




**Sunnudagur**
Fremur hæg breytileg átt.

**KÓLANDI NÆSTU DAGA** og það frystir um helgina. Úrkoma verður á víð og dreif, rigning eða slydda sunnan og vestan til í dag en éljagangur í öllum landshlutum hluta úr morgundeginum. Á sunnudag má búast við snjókomu eða éljum um mest allt land.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Berlín | 0° | Friedrichshafen | 3° | Las Palmas | 21° | New York | 6° | París | 7° |
| Aþena | 15° | Billund | 0° | Gautaborg | 0° | London | 7° | Orlando | 26° | San Francisco | 11° |
| Basel | 3° | Frankfurt | 2° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 17° | Ósló | -8° | Stokkhólmur | -3° |



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

# SALATBAR
## FERSKUR & FJÖLBREYTTUR

ENDURVINNANLEGAR UMBÚÐIR






## Einfaldlega meira úrval!
Yfir 40 spennandi réttir t.d.

Innihaldslýsing og næringargildi er á öllum réttunum

- Pastaskrúfur í paprikudressingu
- Hvítlaukspasta
- Tortelini með engifer
- Núðlur í súrsætrisósu
- Heilhveitipasta í tómatdressingu
- Núðlur í BBQ sósu
- Rifinn kjúklingur
- Kínakálsblanda
- Garðsalat
- Spínat
- Klettasalat
- Paprikublanda
- Rifnar Gulrætur
- Agúrkur
- Rauðlaukur
- Rauð Paprika söxuð
- Kús kús
- Hummus
- Sæt kartöflumús
- Skinkuréttur
- Cherry tómatasalat
- Buffaló kjúklingavængir
- Olífumix í kryddolíu
- Surimi salat
- Hrásalat með mangó
- Asíublanda
- Ferskt salsa
- Quinoasalat með trönuberjum
- Kartöflusalat úr sætum kartöflum
- Baunasalat
- Perusalat
- Kartöfluréttur
- Maíssalat
- Rótargrænmeti
- Grísakjöt með grænmeti
- Kjúklingabollur
- Melónur
- Brauðteningar
- Túnfiskur
- Ananas
- Kotasæla
- Egg



24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað heita feðgarnir sem vilja reisa tíu hótel víða um land?
**2.** Hverjir eru markmenn íslenska handboltalandsliðsins á HM?
**3.** Hver var formaður vistheimilanefndar forsætisráðuneytisins?

**SVÖR**
**1.** Hreiðar Hermannsson og Hermann Hreiðarsson.
**2.** Björgvin Páll Gústavsson og Aron Rafn Eðvarðsson.
**3.** Róbert Spanó.

Dagur B. Eggertsson gefur ekki aftur kost á sér í varaformennsku í Samfylkingunni:

# Kosið um nýjan varaformann á landsfundi

**STJÓRNMÁL** Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar, gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í varaformannsstólnum. Það er því ljóst að nýr formaður og varaformaður leiða flokkinn í næstu kosningum.

Dagur segir að hann hafi ákveðið að hugsa sín mál þegar Jóhanna Sigurðardóttir ákvað að hætta sem formaður flokksins. „Ég vil halda áfram starfinu í borginni og klára það sem við erum að gera þar. Það er pólitíkin í þessu, en ég neita því ekki að varaformennskan, ofan á borgarmál í meirihluta og síðan þriðja og fjórða barnið, er nú hátt upp í þó nokkuð.“

Dagur hyggst því hafa meiri tíma til að sinna fjölskyldunni. „Það er ekki hægt að vera varapabbi, þótt maður geti verið varaformaður.“

Nokkrir þingmenn flokksins hafa verið nefndir til sögunnar sem varaformaður. Ber þar hæst þær Katrínu Júlíusdóttir fjármálaráðherra, Oddnýju G. Harðardóttur, fyrrverandi fjármálaráðherra, og Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, formann velferðarnefndar. Varaformaður verður kjörinn á landsfundi í byrjun febrúar. Allsherjarkosning til formanns hefst 18. janúar, en frestur til að ganga í flokkinn fyrir það rennur út í dag. **- kóp**

> **Það er ekki hægt að vera varapabbi, þótt maður geti verið varaformaður.**
> *Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingarinnar*



**HÆTTA** Jóhanna Sigurðardóttir og Dagur B. Eggertsson láta af störfum formanns og varaformanns Samfylkingarinnar á landsfundi í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL









**GERÐI VÍÐREIST** Á kortinu má sjá nokkurn veginn hve mikið fé var gjaldfært á kreditkortið í hverju landi fyrir sig. GRAFÍK/JÓNAS

# Lét íhaldsflokkana borga dýran fatnað

Ákæran á hendur Páli Heimissyni, fyrrverandi starfsmanni í Valhöll, virðist leiða í ljós að hann hafi ferðast um heim allan og lifað hátt í tvö ár á kostnað norrænu íhaldsflokkanna. Hann tók tólf milljónir í reiðufé út úr bönkum á 26 mánuðum.

**DÓMSMÁL** Páll Heimisson notaði kreditkort íhaldshóps Norðurlandaráðs meðal annars í dýrum fataverslunum og skartgripabúðum og á veitingastöðum um heim allan. Stærstur hluti fjárins sem honum er gefið að sök að hafa svikið út var þó tekinn út í bönkum og hraðbönkum, alls tólf af nítján milljónum.

Þetta má sjá í ákæru sérstaks saksóknara á hendur Páli, sem var gefin út 18. desember. Hún verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 30. janúar næstkomandi.

Af ákæruskjalinu má ráða að Páll hafi notað kortið í sextán löndum á tímabilinu frá janúar 2009 til mars 2011. Hann ferðaðist um þrettán Evrópulönd á tímabilinu að meðtöldu Íslandi; Danmörku, Svíþjóð, Bretland, Holland, Frakkland, Þýskaland, Austurríki, Tékkland, Króatíu, Ungverjaland, Kýpur og Rússland. Þá fór hann til Líbanon, New York í Bandaríkjunum og Peking, höfuðborgar Kína.

Ekki er annað að sjá en að hann hafi að mestu haldið sér uppi með kreditkorti íhaldshópsins á þessum ferðalögum, ef marka má ákæruna. Þá eyddi hann um 2,2 milljónum króna í viðskiptum við flugfélög á þessu 26 mánaða tímabili. Af 321 færslu eru 29 vegna viðskipta við flugfélög.

Í ákærunni segir að árið 2009 hafi Páll notað kortið í heimildarleysi fyrir rúmar 9,5 milljónir króna og tæpar 9,7 milljónir árið 2010. Árið 2011 virðist hann hafa hægt á sér, því að þá er notkunin ekki nema tæpar 223 þúsund krónur á þriggja mánaða tímabili. Það ár er til dæmis ekki um neinar óheimilar úttektir á reiðufé að ræða, samkvæmt ákærunni.

Páll Heimisson er þrítugur, fæddur árið 1982. Hann hafði verið virkur í ungliðastarfi Sjálfstæðisflokksins og var alþjóðafulltrúi flokksins þegar hann tók við sem ritari íhaldshópsins. Hann er nú skráður með lögheimili í Rúmeníu.

Páll er ákærður fyrir umboðssvik, en við slíku broti liggur allt að tveggja ára fangelsi nema ef sakir eru metnar sérstaklega miklar. Þá er refsiramminn sex ár.

stigur@frettabladid.is

**29** sinnum átti Páll viðskipti við flugfélög með kreditkorti íhaldshópsins.

## Flokkurinn verður ekki fyrir tjóni



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON**

Í ákærunni er kreditkortið eignað Sjálfstæðisflokknum. Þar segir að Páll hafi misnotað aðstöðu sína til að skuldbinda Sjálfstæðisflokkinn og bótakrafan, rúmar 19,4 milljónir, er sett fram í nafni Sjálfstæðisflokksins.

Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri flokksins, segir þó að þetta sé aðeins vegna þess að íhaldshópur Norðurlandaráðs sé ekki lögaðili. „Þess vegna þarf einhver fulltrúi grúppunnar að standa að málinu formlega og við tókum það á okkur, enda erum við kærandinn í málinu,“ segir hann.

„Tjónið er Norðurlandaráðs að því gefnu að ekkert fáist upp í kröfuna,“ segir Jónmundur en kveðst þó vonast til þess að tjónið fáist bætt.

LYKILL



**VW Golf Trendline TDI**
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 24.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**3.050.000,-**

# ÁRGERÐIR 2012 MEÐ ALLT AÐ 75% FJÁRMÖGNUN



**VW Golf** Trendl TDi 1,6
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 22.500 km, beinskiptur
Ásett verð:
**3.050.000,-**



**VW Golf** Trendl 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 4.000 km, sjálfkiptur
Ásett verð:
**3.390.000,-**



**Skoda Fabia**
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.930.000,-**



**Skoda Fabia**
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 28.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**1.890.000,-**



**VW Tiguan** Track & Field
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 39.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.290.000,-**



**VW Tiguan** Trend&Fun
Árgerð 2012,dísel
Ekinn 32.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.250.000,-**



**VW Tiguan** Trend&Fun
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 27.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**4.950.000,-**



**VW Polo** 1.4 Comfortl.
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 23.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**2.700.000,-**



**VW Polo** Trendl. 1.2 5g
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 25.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.150.000,-**



**VW Polo** 1,2 TDi
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 25.000 km, beinskiptur
Ásett verð:
**2.290.000,-**



**Audi A4** 2,0TDi AT
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 38.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**5.090.000,-**



**Audi A4** 2,0TDi 6 gíra
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 38.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð:
**4.690.000,-**

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**
**lykill.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

MÁL BARNANÍÐINGSINS KARLS VIGNIS ÞORSTEINSSONAR

# Nágranni Karls Vignis vildi aldrei skilja son sinn eftir einan heima

Nágrannar Karls Vignis Þorsteinssonar hafa misjafnar sögur að segja af honum. Formaður húsfélagsins hafði heyrt af honum sögur en ekkert meira. Einstæð móðir í stigaganginum segist árangurslaust hafa reynt að fá formann húsfélagsins til að gera eitthvað í málum Karls.

Nágrannar Karls Vignis Þorsteinssonar í Eskihlíð hafa misjafnar sögur að segja af honum. Kona sem býr í íbúðinni á móti Karli og á tíu ára son segist ekki hafa sofið rólega í mörg ár, eða síðan hún frétti af athæfi hans í gegnum tíðina. Hún leyfir syni sínum til að mynda aldrei að vera einum heima af ótta við manninn og vill ekki að hann heilsi honum í stigaganginum. Hún segir Karl löngu hættan að heilsa sér. Konan hefur verið að leita sér að nýrri íbúð síðan hún fékk fregnir af athæfi nágranna síns fyrir nokkrum árum, en það hefur ekki gengið sem skyldi.

Konan segist margoft hafa leitað til lögreglu og fjölmiðla vegna Karls, en aldrei hafi verið hlustað á hana. Hún hafi þó aldrei haft „nokkuð á hann“, eins og hún orðar það, en henni var verulega brugðið eitt kvöld þegar hún var nýflutt í blokkina og sá inn í íbúðina til hans. Hún segir Karl hafa legið á dýnu á miðjum gangi inni hjá sér, en dyrnar inn í íbúðina stóðu galopnar. Þá var hann ekki klæddur í neitt nema stuttermabol og vaknaði þegar hún kallaði á hann. Henni brá við þegar hún sá að maðurinn var nakinn að neðan og flúði aftur inn í íbúð sína.

Konan hefur margsinnis reynt að fá húsfélagið til að gera eitthvað í málunum, en Karl situr í stjórn þess. Hún segist ekki hafa hlotið miklar undirtektir, þá sér í lagi frá formanni húsfélagsins, Þorvaldi Skúlasyni Schumacher.

Þorvaldur segir reynslu sína af Karli Vigni eingöngu hafa verið í gegnum húsfélagið. Hann hafi þó heyrt orðróm varðandi barnagirnd hans. „Maður hafði heyrt af einhverju svona einhvern tímann. En ég varð ekki var við neitt,“ segir Þorvaldur. „Hann var alveg kurteis og framfærinn, eins og fólk er bara. Venjulegur nágranni.“

Þorvaldur man ekki til þess að hafa komið inn í íbúð Karls Vignis, sem hefur búið þar síðan árið 1981. Þorvaldur hefur sjálfur búið í Eskihlíðinni síðustu þrettán ár. Hann segir umfjöllun Kastljóss um áralanga misnotkun mannsins ekki hafa komið sér í opna skjöldu.

„Ég get ekki sagt að þetta hafi komið mér sérstaklega mikið á óvart,“ segir hann. Spurður hvort einhver hafi komið að tali við sig í húsinu vegna Karls segir hann svo vera.

„Það var kona sem hafði áhyggjur af syni sínum. Hún spurði mig hvort ég hefði heyrt af Karli. Ég taldi svo vera og að allir hefðu einhvern grun um það,“ segir hann.

„Það var allavega mín tilfinning, að allir vissu af þessu. Fólk hafði áhyggjur.“

Arnar Ómarsson bjó í sama stigagangi og Karl Vignir frá tíu til fimmtán ára aldurs. Hann er átján ára í dag og fluttur annað. Arnar varð aldrei var við neitt misjafnt og segir Karl hafa verið „næs, gamlan karl“.

„Hann var rosa næs við mig. Voðalega kurteis, spurði mig um einkalíf mitt og svona. Hvað ég væri að gera í frístundum. En hann bauð mér aldrei heim. Sem betur fer,“ segir Arnar. „Þetta kom mér rosalega á óvart og mér þótti þetta mjög óþægilegt því ég hafði aldrei heyrt neitt þessu tengt.“

sunna@frettabladid.is



**MISJÖFN REYNSLA NÁGRANNA** Nágrannakona Karls Vignis hefur verið að leita sér að íbúð í þrjú ár, síðan hún fékk fregnir af kynferðisofbeldi hans gegn börnum á Kumbaravogi. Hún hefur bannað syni sínum að heilsa Karli á göngum blokkarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Ég get ekki sagt að þetta hafi komið mér sérstaklega mikið á óvart.**
>
> *Þorvaldur Skúlason Schumacher formaður húsfélagsins að Eskihlíð 16*

## Segir tvo menn venja komur sínar til Karls

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Karl Vignir hafi leyft ungum mönnum að búa í íbúð sinni í gegnum tíðina, sumum í fleiri ár. Greint var frá atviki í blaðinu fyrr í vikunni, sem átti sér stað á nýársnótt árið 1994, þegar hópur ungmenna fór heim til Karls Vignis og níddist á honum fyrir að hafa beitt ungan mann kynferðisofbeldi gegn því að hann fengi að búa hjá Karli Vigni.

Að sögn nágrannakonu Karls Vignis hafa aðallega tveir menn vanið komur sínar í íbúð hans undanfarin misseri. Annan segir hún vera eldri mann. Hann komi reglulega til Karls, stundum oft í viku. Hinn maðurinn er að sögn konunnar á þrítugsaldri og kemur sjaldnar en sá eldri. Sá hafi komið á öllum tímum sólarhrings og hún stundum þurft að hleypa honum inn. Hún sé þó hætt því.

Innanríkisráðherra hefur sett nýtt frumvarp í forgang:

## Fylgst með ferðum níðinga

Frumvarp sem fjallar meðal annars um eftirlit með barnaníðingum eftir að afplánun í fangelsi lýkur liggur fyrir Alþingi og bíður fyrstu umræðu. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segist vonast til þess að frumvarpið verði orðið að lögum innan nokkurra vikna, það hafi verið sett í algjöran forgang.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, er meðal þeirra sem hafa sagt að úrræði vanti til að fylgjast með hættulegustu kynferðisglæpamönnum landsins. Hann hefur einnig talað fyrir því að barnaverndaryfirvöld fái upplýsingar um búsetu manna eftir afplánun og heimild til að tilkynna barnaverndarnefndum á þeim stöðum um búsetuna.

„Þegar maður hefur verið dæmdur fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn börnum og verulegar líkur eru taldar á því að hann muni fremja slík brot að nýju að lokinni afplánun kæmi til greina að mæla fyrir um rafrænt eftirlit í því formi að á honum sé jafnan tæknilegur búnaður svo unnt sé að fylgjast með ferðum hans,“ segir í greinargerð með frumvarpi innanríkisráðherra. Samhliða því væri mælt fyrir um bann við því að viðkomandi kæmi nálægt stöðum þar sem börn eða hópur barna eru til staðar, til dæmis við leik- eða grunnskóla. „Þá kann að vera rétt eftir atvikum að beita jafnframt öðrum ráðstöfunum, t.d. um að maður sæti lyfja- eða geðmeðferð með reglubundnum hætti,“ segir einnig í greinargerðinni. - þeb








**JÁTAÐI FYRIR FALINNI MYNDAVÉL** Kastljós lét lögreglu vita af upptökum af Karli Vigni hinn 14. desember. Hún sótti þær ekki til RÚV fyrr en 20. desember. MYND/ÚR KASTLJÓSI RÚV

Lögregla og Kastljós senda yfirlýsingar á víxl:

## Upptökurnar sóttar af lögreglu eftir viku

Lögreglan sótti upptökur af játningum Karls Vignis Þorsteinssonar sex dögum eftir að forsvarsmenn Kastljóss létu vita af tilvist þeirra.

Bæði lögregla og Kastljós sendu frá sér yfirlýsingar í gær varðandi framgang málsins hjá lögreglu, en ekkert var aðhafst í máli Karls Vignis fyrr en eftir fyrsta Kastljósþáttinn. Þrátt fyrir það hafði lögregla fengið upptökur af Karli í hendurnar hinn 20. desember síðastliðinn.

„Gögnin, en ætla má að upptökurnar hafi verið nokkurra vikna gamlar þegar þær bárust lögreglu, voru um margt óljós um hvað var verið að játa, á hvaða tíma brot voru framin og gegn hverjum sem og að hve miklu leyti um var að ræða brot sem maðurinn hafði þegar verið sakfelldur fyrir,“ segir í yfirlýsingu lögreglu.

Kastljós svaraði um hæl þar sem fram kom meðal annars að strax 14. desember hefði lögreglu verið gert ljóst að á upptökum væri að finna játningar á nýlegum kynferðisbrotum auk játninga hans á eldri brotum gegn á þriðja tug barna á 50 ára tímabili, meðal annars gegn nafngreindum einstaklingum. Þá þegar bauðst lögreglu að skoða efnið.

„Skilja má á yfirlýsingu lögreglu að óljóst sé hvenær upptökurnar voru gerðar. Vegna þessa er rétt að taka fram að á upptökunum er nákvæmur kóði sem sýnir dagsetningu og tíma,“ segir einnig í yfirlýsingu Kastljóss. - sv

# ÚTSÖLU-
# MARKAÐUR

## HVERAFOLD 1-3

**EFRI HÆÐ**

**LEIKFÖNG, BÚSÁHÖLD, FATNAÐUR, OG JÓLAVÖRUR**
**Á ÓTRÚLEGU VERÐI!**
**OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 12:00 - 19:00**

netto

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# NÝR HYUNDAI KEMUR Á ÓVART




Hyundai Santa Fe Comfort - Jeppi ársins 2012
Comfort 2,2 dísil, sjálfskiptur. Verð: 7.690 þús. kr.
Eyðsla 6,6 l/100 km.*




Hyundai ix35 – 4x4
2,0 dísil, beinskiptur. Verð: 5.790 þús. kr.
Eyðsla 5,7 l/100 km.*




Hyundai i30 Classic
1,4 dísil, beinskiptur. Verð: 3.550 þús. kr.
Eyðsla 4,1 l/100 km.*

5 ÁRA ÁBYRGÐ – ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Fáir bílaframleiðendur treysta bílum sínum jafnvel og Hyundai sem býður **5 ára ábyrgð og ótakmarkaðan akstur** með öllum nýjum Hyundai bílum.

**ÓKEYPIS LÉTTSKOÐUN** fyrir Hyundai viðskiptavini.
Viðskiptavinir Hyundai geta komið með bílinn sinn hvenær sem er í Léttskoðun þeim að kostnaðarlausu.

**Opnunartími Hyundai Kauptúni 1** (Beint á móti IKEA)
Opið frá kl. 07.45–18.00 virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
575 1200 – www.hyundai.is
www.facebook.com/hyundai.is

* Miðast við blandaðan akstur samkvæmt framleiðanda
ENNEMM / SÍA / NM56105


Til stóð að heimila notkun kjötlíms í Evrópu frá og með ársbyrjun 2011:

# Kjötlím er ekki notað hérlendis

**HEILBRIGÐISMÁL** Kjötlím er ekki notað í matvælaframleiðslu hér á landi að því er Kjartan Hreinsson, sérgreinadýralæknir á sviði matvælaöryggis og neytendamála hjá Matvælastofnun, best veit.

„Ég hef eftirlit með flestum kjötvinnslum landsins og hef ekki séð þetta í notkun,“ segir Kjartan en bætir við að þó hafi ekki verið spurt sérstaklega um notkunina.

Sjónvarpskokkurinn Jamie Oliver á þessa dagana í vök að verjast fyrir dómi vegna þess að hafa talað illa um kjötlím í einum þátta sinna og kallað það „bleikt slím“. Kjötiðnaðarmaður segir umfjöllunina hafa kostað sig starfið vegna samdráttar sem varð í kjölfar umfjöllunarinnar hjá fyrirtækinu þar sem hann starfaði.

Neytendasamtökin greindu frá því árið 2010 að notkun kjötlíms yrði heimiluð á evrópska efnahagssvæðinu frá 2011. Kjötlím er búið til úr ensíminu þrombíni og notað til að líma saman kjötbita þannig að úr verði heil stykki. - óká



**HAMBORGARI** Í Bandaríkjunum dró úr notkun „bleiks slíms“ til að drýgja kjöthakk eftir umfjöllun Jamies Oliver. Beef Products Inc. lokaði í fyrra þremur verksmiðjum. NORDICPHOTOS/AFP

# Þrjár kúrdískar konur fundust myrtar í París

**Hundruð Kúrda í París söfnuðust í gær saman fyrir utan miðstöð Kúrda þar sem þrjár konur fundust myrtar í fyrrinótt. Innanríkisráðherra Frakka segir konurnar hafa verið teknar af lífi. Daginn áður höfðu Tyrkir gert friðarsamning við Kúrda.**

**FRAKKLAND, AP** Þrjár konur fundust myrtar í upplýsingamiðstöð Kúrda í París í fyrrinótt. Manuel Valls, innanríkisráðherra Frakklands, segir að konurnar hafi hreinlega verið teknar af lífi.

Hinar myrtu voru Kúrdar. Ein þeirra var Sakine Cansiz, sem tók árið 1978 þátt í að stofna Verkamannaflokk Kúrdistans (PKK), samtök sem hafa síðan 1984 barist fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis Kúrda í austurhluta Tyrklands. Stjórnvöld í Tyrklandi, Bandaríkjunum, Evrópusambandinu og fleiri ríkjum flokka þessi samtök sem hryðjuverkasamtök.

Hinar konurnar tvær voru Fidan Dogan, starfsmaður upplýsingamiðstöðvarinnar, og Leyla Soylemez.

Konurnar þrjár höfðu verið einar í upplýsingamiðstöðinni á miðvikudaginn. Ekki náðist samband við þær símleiðis og því héldu vinir þeirra á vettvang stuttu eftir miðnætti. Þeir þurftu að brjótast inn um dyr til að komast inn og fundu þá líkin. Tvær kvennanna voru með skotsár á hálsi en sú þriðja á enni og maga.

Allt er á huldu um ástæðu morðanna.

Fljótlega eftir að fréttist af morðunum héldu hundruð Kúrda á vettvang og söfnuðust saman í götunni fyrir utan upplýsingamiðstöðina, sem er í tíunda hverfi Parísarborgar. Fjölmargir Kúrdar búa í Frakklandi, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Franska lögreglan hefur nokkrum sinnum handtekið Kúrda sem grunaðir eru um að hafa útvegað PKK fé með ólögmætum hætti. Sama dag og konurnar voru myrtar höfðu tyrkneskir fjölmiðlar skýrt frá því að samkomulag hefði tekist milli tyrkneskra stjórnvalda og Abdullah Öcalan, stofnanda og helsta leiðtoga PKK, en Öcalan hefur verið í fangelsi síðan 1999.

Tyrknesk stjórnvöld hafa oft sakað bæði Frakka, Þjóðverja og Hollendinga um að styðja PKK, meðal annars með því að framselja ekki grunaða hryðjuverkamenn til Tyrklands. gudsteinn@frettabladid.is



**ÁFALL FYRIR KÚRDA Í PARÍS** Hundruð manna söfnuðust saman fyrir utan miðstöð Kúrda í París í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## Friðarsamningur við Öcalan

Á miðvikudaginn var skýrt frá því að tyrknesk stjórnvöld hefðu komist að samkomulagi við Abdullah Öcalan, einn helsta leiðtoga uppreisnarsveita Kúrda, um friðaráætlun sem felur í sér að samtök hans, Verkamannaflokkur Kúrdistans, leggi niður vopn í mars.

Í staðinn hafa stjórnvöld lofað að veita Kúrdum aukin réttindi í Tyrklandi. Kúrdar eru um 20 prósent íbúa Tyrklands.

Ríkisstjórn Tyrklands hefur átt í viðræðum við Öcalan undanfarnar vikur. Hann hefur setið í tyrknesku fangelsi síðan 1999, en samtök hans hafa barist fyrir sjálfstjórn Kúrda í suðaustanverðu Tyrklandi allt frá árinu 1984. Barátta þeirra hefur kostað tugi þúsunda lífið.

Bakkabræður stefna fréttastjóra DV fyrir meiðandi ummæli:

# Segja skrif kynda undir andúð

**DÓMSMÁL** Ágúst og Lýður Guðmundssynir, Bakkabræður, hafa stefnt Inga Frey Vilhjálmssyni, fréttastjóra DV, og eigendum blaðsins fyrir meiðandi ummæli. Þeir vilja meina að tilgangur Inga Freys með skrifum sínum um rekstur bræðranna, meðal annars Bakkavör Holding, hafi verið að „kynda undir andúð í garð þeirra [Lýðs og Ágústs] vegna þátttöku þeirra í atvinnurekstri og atvinnuuppbyggingu hér á landi, einkum eftir einkavæðingu ríkisbankanna tveggja,“ eins og segir í stefnunni.



**INGI FREYR VILHJÁLMSSON**

Þarna er vísað í lög um fjölmiðla frá 2011 og skrif Inga Freys sögð vera hatursáróður. Stefnendur fara ekki fram á miskabætur.

Hjálmar Jónsson, formaður Blaðamannafélags Íslands, sagði í samtali við DV í gær að stefnan væri fráleit. „Það er prentfrelsi og tjáningarfrelsi á Íslandi og menn mega láta í ljósi skoðanir sínar og eiga að gera það. Það er fráleitt að sækja menn til saka fyrir skoðanir sínar. Mér finnst þetta ótrúlegt að menn láti sér detta þetta í hug.“ - kóp



**BAKKABRÆÐUR** Saka fréttastjóra DV um hatursáróður og stefna honum fyrir brot á fjölmiðlalögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ummæli sem stefnt er fyrir*

- Þetta voru peningar sem þeir höfðu tekið í arð út úr íslenskum hlutafélögum sínum á árunum fyrir hrun.
- Bakkabræður halda hins vegar arðgreiðslum upp á milljarða sem þeir tóku út úr eignarhaldsfélaginu sem þarf að afskrifa 22 milljarða hjá.
- Arðgreiðslurnar byggðu því á blekkingum.
- Þau uppkaup kunna að vera fjármögnuð með arðgreiðslunum sem þeir tóku út úr íslenska hagkerfinu á árunum fyrir hrunið.

*Birtust í leiðara Inga Freys í DV 24. október 2012

# ÚTSALA

MIKIL VERÐLÆKKUN Á SÝNIS-HORNUM!

Fjöldi loftljósa og lampa á ótrúlega góðu verði!




IMPULS GÓLFLAMPI
VERÐ ÁÐUR 29.800,- NÚ 15.000,-




ACADEMY LOFTLJÓS
VERÐ ÁÐUR 49.900,- NÚ 30.000,-




ZIGGY GÓLFLAMPI
VERÐ ÁÐUR 24.900,- NÚ 16.000,-




TAK LJÓSAKRÓNA – SVÖRT EÐA HVÍT
VERÐ ÁÐUR 79.900,- NÚ 55.000,-




ATOMITA BLACK
VERÐ ÁÐUR 119.900,- NÚ 85.000,-




TAK LJÓSAKRÓNA – SVÖRT EÐA HVÍT
VERÐ ÁÐUR 49.900,- NÚ 25.000,-




LOFTLJÓS
VERÐ ÁÐUR 49.900,- NÚ 30.000,-




LOFTLJÓS
VERÐ ÁÐUR 48.900,- NÚ 29.800,-




BOX VEGGLJÓS
VERÐ ÁÐUR 19.900,- NÚ 10.000,-

kíktu inn á **www.pfaff.is**

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

DYNAMO REYKJAVIK

# Kjarasamningar ekki skýring verðbólgu

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, gefur lítið fyrir gagnrýni Þórarins G. Péturssonar, aðalhagfræðings Seðlabankans, á gildandi kjarasamninga frá 2011. Gylfi segir þá ekki skýra verðbólgukúfinn á árunum 2011 og 2012, hvað þá veikt gengi krónu.

**KJARAMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands (ASÍ), gefur lítið fyrir þá skoðun Þórarins G. Péturssonar, aðalhagfræðings Seðlabankans, að gildandi kjarasamningar frá 2011 hafi kynt undir verðbólgu og lækkað gengi krónunnar. ASÍ hefur krafist frekari launahækkana á þessu ári en samið var um þá.

Fréttablaðið birti í gær grein eftir Þórarin þar sem hann lýsti þeirri skoðun að miklar launahækkanir við endurskoðun gildandi kjarasamninga myndu ekki bæta kaupmátt launafólks heldur einungis kynda undir verðbólgu.



**ÞÓRARINN G. PÉTURSSON**

Þá sagði jafnframt í greininni að þær launahækkanir sem samið var um árið 2011 hefðu einmitt ekki skilað því sem að var stefnt heldur leitað út í verðlag og þar með lækkað gengi krónunnar.

„Mér finnst þetta vera lítið og fátæklegt innlegg í umræðuna. Verðbólga hefur vissulega verið mikil en það er alveg nýtt mat hjá Þórarni að veik staða krónunnar sé vegna kjarasamninganna,“ segir Gylfi og heldur áfram: „Við skulum ekki gleyma því að krónan hrundi árið 2008 og ég sé því ekki alveg hvernig kjarasamningar frá 2011 hafa orsakað þessa stöðu.“



**KJARASAMNINGAR HANDSALAÐIR 2011** Aðalhagfræðingur Seðlabankans segir kjarasamninga frá 2011 ekki hafa skilað því sem að var stefnt heldur kynt undir verðbólgu og lækkað gengi krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Þá segir Gylfi að Seðlabankanum sé nær að líta í eigin barm þar sem bankinn hafi ekki ráðið við það verkefni sitt að hafa taumhald á krónunni, sem sé þó í höftum.

Þegar skrifað var undir gildandi kjarasamninga í maí árið 2011 var tólf mánaða verðbólga 3,4%. Á skömmum tíma í kjölfarið hækkaði verðbólga í 6,5% þegar hún fór hæst í janúar 2012. Síðan hefur verðbólga lækkað hægt og rólega og mælist nú 4,2%.

> **Við skulum ekki gleyma því að krónan hrundi árið 2008 og ég sé því ekki alveg hvernig kjarasamningar frá 2011 hafa orsakað þessa stöðu.**
>
> *Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ*

Spurður hvort kjarasamningarnir hafi ekki skýrt þennan verðbólgukúf að hluta svarar Gylfi: „Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að launahækkanir hafa áhrif á kostnað fyrirtækja og þar með að einhverju leyti á verðbólgu. En þegar laun hækka um 4% og launahlutfall í fyrirtækjum er beint og óbeint um 35 til 40% þá getur 4% launahækkun ekki skýrt 6,5% verðbólgu.“

Gylfi segir að 4% launahækkun hefði átt að leiða af sér 1,6% verðhækkun og þar með 2,4% kaupmáttaraukningu. Það hafi hins vegar ekki orðið raunin. „Skal menn undra að við berum okkur nú aumlega og biðjum um launahækkun á móti þessu?“ segir Gylfi að lokum.

magnusl@frettabladid.is



**STUÐNINGSMENN FJÖLMENNTU** Í stað innsetningarathafnar var efnt til útisamkomu í Caracas. NORDICPHOTOS/AFP

### Innsetningu forsetans frestað í Venesúela:

## Þúsundir sýna Hugo Chavez stuðning

**VENESÚELA, AP** Þúsundir stuðningsmanna Hugos Chavez, forseta Venesúela, komu saman fyrir utan forsetahöllina í Caracas í gær til að sýna stuðning sinn við forsetann.

Chavez liggur á sjúkrahúsi á Kúbu, nýlega kominn úr enn einni krabbameinsaðgerðinni, og hefur ekki haft heilsu til að tala opinberlega vikum saman.

Hann var of veikur til þess að taka formlega við forsetaembættinu í gær þegar nýtt kjörtímabil hans hófst. Þjóðþing landsins samþykkti að fresta innsetningarathöfninni og hæstiréttur staðfesti að sú frestun bryti ekki í bága við stjórnarskrá landsins. Stjórnarandstæðingar hafa þó ekki fallist á þann úrskurð og segja að forseti þingsins hafi átt að taka við völdum forseta og boða strax til kosninga.

Chavez hefur yfirgnæfandi stuðning á þingi og dómarar við hæstarétt eru sagðir honum hliðhollir. Í stað innsetningarathafnar boðaði ríkisstjórnin í gær til útisamkomu fyrir utan forsetahöllina, þar sem fólk gæti komið til að sýna samstöðu með Chavez. - gb

Helgarblað Fréttablaðsins






Hollustan rauði þráðurinn í lífinu
Elísabet Margeirsdóttir er þekktust sem veðurfréttamaður á Stöð 2 en hún rekur líka næringarráðgjöf og er ástríðufullur hlaupari sem stefnir á 160 kílómetra víðavangshlaup í haust. Hún segir mestu skipta að finna sinn eigin takt í hollustunni og hafa gaman af þeirri líkamsrækt sem maður kýs.

Meðal efnis núna um helgina



Heldri manna veiðar í Þýskalandi
Steinarr Lár klæðir sig upp fyrir „séntilmannaveiðar“.



Færri treysta stjórnmálaflokkunum
Landsmenn telja Sjálfstæðisflokkinn best fallinn til forystu í flestum málaflokkum, samkvæmt skoðanakönnun MMR. Traust til flokka hefur minnkað mikið frá árinu 2009.



Eftirminnilegustu sigrarnir
Strákarnir okkar eru að hefja keppni á sínu 17. heimsmeistaramóti í handbolta. Fréttablaðið rifjar upp tíu eftirminnilegustu sigrana.



Gerðu góð kaup á útsölunni
Leður og tígrisdýramunstur verða áberandi í sumar og þess vegna vert að kíkja eftir þeim á útsölunum.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi FRÉTTABLAÐIÐ

FITON / SÍA

HM Á SPÁNI

Sæktu um lykil núna á ob.is




# Strákarnir okkar stjórna afslættinum!

Ef íslenska handboltalandsliðið á HM vinnur til dæmis með 18 mörkum, verður 18 kr. afsláttur daginn eftir á öllum ÓB- og Olís-stöðvum með ÓB-lyklinum. Afsláttur gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís. **Hver verður afslátturinn eftir Ísland – Rússland?**




*SPÁ ÞÁTTTAKENDA Á FACEBOOK-SÍÐU ÓB

## HM-leikur ÓB – Giskaðu og þú getur unnið

**ÓB-GULLLYKILL**
**-20 kr.** af lítranum í 10 skipti

**ÓB-SILFURLYKILL**
**-15 kr.** af lítranum í 10 skipti

**ÓB-BRONSLYKILL**
**-10 kr.** af lítranum í 10 skipti

**Kíktu inn á Facebook-síðu ÓB og kynntu þér skemmtilegan leik sem gefur þér möguleika á enn meiri afslætti!**

Afsláttur gull-, silfur- og bronslykils bætist ekki við annan afslátt. Afsláttur vegna markatölu bætist ekki við annan afslátt.

ÓB

PIPAR\TBWA • SÍA • 123841

Stefnuleysi hefur ríkt gagnvart afnámi hafta:

# Hringlað með höft

Þegar samþykkt var að setja á gjaldeyrishöft á Íslandi í lok nóvember 2008 var því sýndur skilningur. Krónan hafði enda hrapað í verði samhliða bankahruninu. Í frumvarpi með lögunum kom fram að „talsverð hætta er á að aðilar sem eiga verulegar fjárhæðir í krónum […] muni leggja allt kapp á að […] koma fjármunum sínum úr landi um leið og færi gefst“. Skýrt var þó tekið fram að höftin væru neyðarúrræði og í yfirlýsingu sagði að „þess er vænst að hömlur á fjármagnshreyfingar gildi í sem skemmstan tíma“.



Þórður Snær Júlíusson

thordur@frettabladid.is

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði í lögunum áttu þau því að gilda til 30. nóvember 2010, eða í tvö ár. Sú tímasetning var valin vegna þess að þá átti samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) að ljúka. Árið 2010, þegar ljóst var að lengja þyrfti í samstarfinu, voru höftin framlengd samhliða fram í ágústlok 2011. Í mars 2011, fimm mánuðum áður en samstarfinu lauk, samþykkti ríkisstjórnin hins vegar áætlun um losun gjaldeyrishafta. Í tilkynningu sagði að „áætlunin er ekki tímasett heldur ræðst framvindan af þróun efnahagslegra skilyrða og árangri af einstökum aðgerðum“.

Tveimur mánuðum síðar lagði sama ríkisstjórn fram frumvarp þess efnis að höftin ættu að gilda til ársloka 2015. Sjálfstæðismenn sögðu frumvarpið vera ein alvarlegustu hagstjórnarmistök í gjörvallri Íslandssögunni. Með lögfestingu þess væri verið að setja á hörðustu og stífustu höft sem sést hefðu síðan Austur-Þýskaland leið undir lok. Framsóknarflokkurinn sagði að áframhaldandi höft myndu standa í vegi fyrir mikilvægum erlendum fjárfestingum. Að endingu var lögð fram breytingartillaga, daginn áður en lögin voru afgreidd, sem stytti gildistíma haftanna til ársloka 2013. Fyrir þeirri dagsetningu var engin sérstök ástæða. Hún virðist hreinlega hafa verið út í loftið.

Fréttablaðið greindi síðan frá því skömmu fyrir síðustu jól að sátt hefði náðst innan þverpólitískrar nefndar um að gjaldeyrishöftin yrðu ótímabundin og að afnám þeirra yrði háð efnahagslegum skilyrðum. Formenn allra stjórnmálaflokka hafa tekið undir þennan skilning og frumvarp þess efnis verður lagt fram á því þingi sem hefst eftir helgi.

Allan þennan tíma hefur legið fyrir að hér væri allt stappfullt af aflandskrónum, kvikum krónum í eigu erlendra aðila, sem vildu losna út úr íslensku hagkerfi. Umfang þeirra er nú um 400 milljarðar króna. Það hefur líka legið fyrir að það þyrfti að greiða eigendum krafna á gömlu bankana út á einhverjum tímapunkti. Kvikar krónur í eigu þrotabúa þeirra eru nú um 211 milljarðar króna og eignarhlutur þeirra í Íslandsbanka og Arion banka er metinn á um 221 milljarð króna. Samtals er því aflandskrónustabbinn meira en 830 milljarðar króna. Þá eru ótaldir þeir 1.500 milljarðar sem Íslendingar eiga í ýmiss konar innlánum sem ugglaust myndu að hluta leita annað við lyftingu hafta.

Í ljósi þessa er erfitt að átta sig á því hvað stjórnvöldum, og stjórnarandstöðu, hefur gengið til með síbreytilegri afstöðu sinni gagnvart höftunum. Eina vikuna eiga þau að vera tímabundin, þá næstu háð efnahagslegum skilyrðum og í þeirri þriðju háð upptöku nýrrar peningamálastefnu, sem er ekki til. Og svo er hringekjan endurtekin. Fyrir þjóð með það bak við eyrað að síðasta haftatímabil stóð í yfir sextíu ár er þetta stefnu- og, að því er virðist, þekkingarleysi ekki mjög uppörvandi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið

**Skrímsladeildin**

Hannes Hólmsteinn Gissurarson skrifar vikulega fróðleiksmola í Morgunblaðið. Á dögunum leitaðist hann við að kanna uppruna hugtaksins „skrímsladeild Sjálfstæðisflokksins“ sem andstæðingar flokksins grípa stundum til. Eftir því sem Hannes kemst næst var hugtakið fyrst nefnt á prenti haustið 2006 í grein eftir Össur Skarphéðinsson. Athygli vekur að moli Hannesar er efnislega samhljóða fuglahvísli AMX frá 2009 undir fyrirsögninni Skrímsladeildin á Google. Annaðhvort er Hannes Hólmsteinn höfundur þeirrar færslu eða hann hefur tekið efni hennar traustataki án þess að geta heimildar.



**Birtist fyrst í Mogganum**

Hitt er svo annað mál að það er rangt að fyrst hafi verið minnst á skrímsladeild Sjálfstæðisflokksins á prenti árið 2006. Orðið „skrímsladeildir“ birtist fyrst í Morgunblaðinu 1998 þar sem það var haft eftir Sighvati Björgvinssyni. Það birtist fyrst með beinni vísun í Sjálfstæðisflokkinn í DV árið 2004: „Þegar mikið liggur við er sett af stað afl innan Sjálfstæðisflokksins sem gjarnan kallast skrímsladeildin.“



**Sama villan tvisvar**

Engin furða er að dæmið úr DV hafi ekki skilað sér í gúggli smáfuglanna á AMX árið 2009. Þá náðu árgangar DV á vefnum Tímarit.is ekki lengra en til 2003. Í fyrra bættust hins vegar við árgangar til ársins 2006. Það hefði því átt að vera hægðarleikur fyrir Hannes að hafa uppi á hugtakinu í DV frá 2004, hafi hann á annað borð leitað þess fyrir pistil sinn í Morgunblaðinu. **bergsteinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Má plata?

STJÓRNMÁL



**Guðfríður Lilja Grétarsdóttir**
fv. alþingismaður

„Farðu bara í vinnuna,“ segir tveggja ára dóttir mín með þjósti þegar ég geri eitthvað svo yfirgengilegt á hennar hlut að eiga skilið þyngstu refsingu. Að neita henni um ís er dæmi um framferði móður sem á það eitt skilið að hunskast í vinnuna.

Það er snúnara en ég hélt að vera góður uppalandi. Ferlega snúið! Ég ætti að vera svo miklu betri mamma en ég er. Samt er ég virkilega að reyna og sumt tekst ágætlega. Þannig eru börnin mín hjartahlýju dugleg að biðjast fyrirgefningar þegar þau breyta rangt. Þegar stóri bróðir rífur af litlu systur dótið eða litla systir bítur stóra bróður í handlegginn (fast) þá endar senan jafnan með því að þau fallast í faðma og segja „fyrrigerru“. Fyrirgefðu.

Það reynist ekki öllum auðvelt að leiðrétta mistök. Í pólitík virðist það jafnvel gamalgróið prinsipp að viðurkenna aldrei mistök og biðjast aldrei afsökunar, sama hvað upp kemur úr kafinu. Fjölmiðlar eiga ekki að vera undir sömu sök seldir. Mistök eru mannleg og eðlileg, illgirni er annars eðlis.

Á öðrum degi nýja ársins las ég um sjálfa mig illkvittinn dálk á miðopnu Fréttablaðsins. Slíkt sætir auðvitað ekki tíðindum en hitt er þó verra að þurfa enn að svara fólki úti í bæ fyrir þá lygi

**➜ Ég tók að mér launalaust verkefni sem sneri að því að gera mannréttindamálum hærra undir höfði í Stjórnarráðinu og á Alþingi.**

Fréttablaðsins að ég hefði sem þingmaður verið í „tveimur störfum samtímis“. Þetta er uppspuni. Ég tók að mér launalaust verkefni sem sneri að því að gera mannréttindamálum hærra undir höfði í Stjórnarráðinu og á Alþingi. Fréttablaðinu tókst að gera úr þessu hið tortryggilegasta mál. Ég verðskulda kannski illgjarna nýárskveðju fyrir það að hafa rangar skoðanir á Fréttablaðsmælikvarða en enginn verðskuldar að upp á hann sé logið opinberlega, ekki einu sinni kona með sjálfstæðar skoðanir.

Dóttir mín heldur áfram að segja mér að fara í vinnuna þegar ég verðskulda afplánun – og það geri ég oft. Þegar á reynir er þó heldur lítil innistæða fyrir brottvísun minni því er ég býst til ferðar sér hún eftir öllu saman: „Nei, mamma, ekki! Ekki fara í vinnuna! Fyrrigerru.“ Merkilegt hvað það reynist okkur fullorðna fólkinu oft erfitt þetta litla orð sem þó getur öllu breytt. Gleðilegt nýtt ár.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is*
**MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Umræðuþræðinum lokað

Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur



> Þótt þingmeirihluti geti ef til vill skuldbundið sjálfan sig pólitískt með ráðgefandi þjóðaratkvæði þá getur hann ekki ákveðið að skuldbinda aðra … aðra, enn ókjörna, þingmenn með sama hætti.

Mér hefur verið boðið að hitta fulltrúa Feneyjanefndarinnar þegar þeir verða hér á landi til að kynna sér drög að nýrri stjórnarskrá.

Ætli ég segi bara ekki við þá að í raun viljum við Íslendingar ekki fá að heyra skoðun annarra á stjórnarskránni. Ekki lengur. Það sé orðið of seint. Reyndar ekki of seint fyrir hrós en vilji einhver koma með ábendingar um hluti í frumvarpinu sem mættu betur fara þá sé tíminn útrunninn. Því þjóðin hefur talað. Já, þjóðin.

Mér finnst sjálfum erfitt að tala fyrir hönd heillar þjóðar og ég myndi vilja sem minnst af því gera. Eða hlaða á þjóðina skoðunum og einkennum og láta hana segja hluti í aðfaraorðum stjórnarskráa. Þjóð er bara samansafn af einstaklingum. Þjóð getur varla haft skoðun nema að nánast allir sem henni tilheyra séu á þeirri skoðun. Þjóð til dæmis er vart kristin ef fjölmargir sem henni tilheyra eru það ekki. En það er önnur saga.

Aðrir eiga auðveldara með að túlka það sem þjóðin vill. Þorvaldur Gylfason: „Lestin er komin á teinana. Þjóðin sagði skoðun sína með skýrum og afdráttarlausum hætti í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október. Alþingis bíður nú það eitt að ganga frá málinu í samræmi við vilja þjóðarinnar. Alþingi getur ef það vill innsiglað lýðræðislega kjölfestu ferlisins með því að leggja endanlega gerð frumvarpsins í dóm þjóðarinnar að nýju samhliða alþingiskosningunum 27. apríl nk.“

Örn Bárður Jónsson: „[Fulltrúar í stjórnlagaráði] hafa margir hverjir orðið fyrir vonbrigðum þegar sniglum líkir einstaklingar hafa loks rænu á að tjá sig, löngu eftir að ferlinu lauk og meira að segja eftir að þjóðin hafði sagt álit sitt í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Ég er ekki að segja að slíkt orðfæri hafi aldrei heyrst áður. En þessu fylgja hættur. Nú er einhver kannski ekki lengur bara ósammála Þorvaldi Gylfasyni heldur ósammála þjóðinni. Við getum búið til orð fyrir þetta: „Þjóðlast – það að vera ósammála þjóðinni.“

Menn mega hafa sína skoðun á því hvenær loka eigi umræðuþræðinum um stjórnarskrána en ég er þeim Erni Bárði og Þorvaldi ósammála.

Stjórnarskráin sjálf tilgreinir hvernig henni skuli breytt. Nú er þingið að ræða tillögurnar. Það er að sjálfsögðu hárréttur tími til að koma með ábendingar og gagnrýni. Hefði þingið beðið um umsagnir utan úr þjóðfélaginu og kallað eftir áliti Feneyjanefndar Evrópuráðsins ef satt væri að „umræðum væri lokið?“ Auðvitað ekki.

**„Kjósa um málið strax í vor!“**

Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar sagði á sínum tíma þetta í áliti sínu vegna þjóðaratkvæðisins 20. október: „Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar að frumvarp Alþingis, að aflokinni síðari samþykkt þess skv. 79. gr. gildandi stjórnarskrár, eigi að bera undir þjóðina til endanlegrar staðfestingar og gildistöku í bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Nú vilja menn breyta leikreglunum og kjósa um málið strax í apríl. Hvers vegna? Ætli heitustu stuðningsmenn frumvarpsins hugsi þetta ekki svona: „Jafnvel þótt ekki verði þingmeirihluti fyrir frumvarpinu eftir kosningar (segjum að Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn nái góðri kosningu) þá mun „já“ í þjóðaratkvæðagreiðslu neyða þingið til að samþykkja frumvarpið engu að síður.“

En það sem sumir líta á sem kost er í raun aðför að sjálfstæði þingsins og þar með grunnstoðum lýðræðisins. Þótt þingmeirihluti geti ef til vill skuldbundið sjálfan sig pólitískt með ráðgefandi þjóðaratkvæði getur hann ekki ákveðið að skuldbinda aðra, enn ókjörna, þingmenn með sama hætti. Og treyst á að „allt verði brjálað“ ef þeir voga sér að fylgja stjórnarskránni og fara eftir sannfæringu sinni.

Þingið getur gert tillögur að breytingum að stjórnarskrá í takt við sannfæringu þeirra þingmanna sem þar sitja. Ég óska þeim raunar velfarnaðar í því starfi. Margt í vinnu sérfræðinganefndarinnar var frumvarpinu til bóta og ég fagna því að menn hafi beðið um umsögn Feneyjanefndarinnar. Þetta getur enn farið vel. En ætli menn að setja málið í þjóðaratkvæði eftir rúma þrjá mánuði, í bullandi ósætti og þvert á fyrri fyrirheit meirihluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, þá mun ég sjálfur mæta niður á Austurvöll og hella upp á kaffi fyrir Birgi Ármannsson.

# Sorglega fyndið hjá DV

FJÖLMIÐLAR
Ólafur Hauksson
almannatengill



Fyrir tveimur mánuðum birtist grein eftir mig í Fréttablaðinu, þar sem ég lýsti yfir stuðningi við Guðlaug Þór Þórðarson í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Nokkru síðar birtist svo önnur grein, þar sem ég skammaði sérstakan saksóknara fyrir að leggjast hundflatur fyrir vafasömum kærum banka, en gefa lítið fyrir kærur frá einstaklingum.

Nokkrum dögum seinna birtist „Sandkorn“ í DV sem ég ætla að leyfa mér að birta í heild sinni hér. Fyrirsögnin var „Ófalur?“ og textinn svohljóðandi:

„Ólafur Hauksson, sem kallar sig almannatengil, stígur stundum fram opinberlega til að mæra eða verja menn. Þannig skrifaði hann grein í Fréttablaðið á miðvikudaginn og varði Aron Karlsson sem dæmdur hefur verið í tveggja ára fangelsi í Vindasúlumálinu. Áður hefur Ólafur skrifað lofgreinar um Guðlaug Þór Þórðarson og varið kærða menn í Sigurplastsmálinu svokallaða. Velta menn því nú fyrir sér hvort hann sé falur; hvort hagsmunaaðilar geti keypt skoðanir Ólafs sem hann svo viðrar opinberlega.“

**Sjálfkrafa óvinur DV**

Í sjálfu sér þurfti ég ekki að verða undrandi á þessum óhróðri DV. Þetta eru alkunn vinnubrögð ritstjórnarinnar. DV hatast út í Guðlaug Þór og hefur birt yfir eitt hundrað afar neikvæðar „fréttir“ um hann. Vinir Guðlaugs verða augsýnilega sjálfkrafa óvinir DV. Í „Sigurplastsmálinu“ birti DV raðóhróður og ærumeiðingar um fyrrverandi eigendum fyrirtækisins.

Ég sendi fréttatilkynningu þegar annar eigenda Sigurplasts höfðaði meiðyrðamál gegn DV og vann. Það gerði mig augsýnilega að óvini DV. Í gagnrýni minni á vinnubrögð sérstaks saksóknara tók ég málið gegn Aroni Karlssyni sem dæmi um undirlægjuhátt þess embættis við bankana. Við það varð ég enn meiri óvinur DV, því að blaðið hafði verið að pönkast í Aroni og föður hans í fréttaflutningi af þessu máli.

Ég var sem sagt vinur óvina DV og þar með taldi ritstjórn blaðsins sig bersýnilega hafa öðlast rétt til að pönkast á starfsheiðri mínum.

**Betra að stíga í hundaskít**

Ekki nennti ég að höfða mál vegna ærumeiðinga DV eða reyna að sannfæra blaðið um að skoðanir mínar væru ekki til sölu. Þá gæti ég allt eins stigið í hundaskít.

Ég ákvað hins vegar að leyfa DV að spegla sig í umræðu af þessu tagi, smakka á eigin meðali. Það gerði ég í grein sem birtist í Fréttablaðinu þann 5. janúar. Þar spurði ég hvort óhróðurinn í DV væri falur. Ég vísaði þar til undarlega mikillar þjónkunar blaðsins við banka og skiptastjóra þrotabúa í einhliða og síendurteknum ásökunum þeirra á hendur fjölmörgum einstaklingum. Ofsi blaðsins í þessum efnum jafnast á við hatursáróður.

Þar með fannst mér staðan orðin nokkuð jöfn. En Jón Trausti Reynisson, framkvæmdastjóri DV, ákvað að framlengja. Í grein í Fréttablaðinu 8. janúar sakaði hann mig um að nota „ljótustu áróðursbrögðin í bókinni“ til að koma höggi á DV.

Staðreyndin er sú að eina „bókin“ sem sem ég kannast við í þeim efnum er „sandkornið“ í DV.

> Það eina sem vantaði upp á röksemdafærslu hans var „pabbi minn er sterkari en pabbi þinn“.

**Gleymdi að líta í spegilinn**

Hrakyrði Jóns Trausta í minn garð beinast því í raun að honum sjálfum. Grátlega fyndið er að sjá ummæli hans á borð við þessi: „[Almannatengillinn] getur leyft sér að klína hverju sem er á þann sem hann hyggst draga niður í svaðið.“ Í „sandkorni“ DV um mig sagði: „Velta menn því nú fyrir sér hvort hann sé falur; hvort hagsmunaðilar geti keypt skoðanir Ólafs sem hann svo viðrar opinberlega.“

Og svona til að láta kné fylgja kviði þá lýsir framkvæmdastjóri DV eftirfarandi yfir í Fréttablaðinu: „Hins vegar er auðvelt að svara honum með sönnum staðhæfingum: Ólafur stundar óhróður og þáttur hans í opinberri umræðu er til sölu.“ Það eina sem vantaði upp á röksemdafærslu hans var „pabbi minn er sterkari en pabbi þinn“.

Margur hefur höfðað og unnið mál vegna ærumeiðinga af minna tilefni. Ég ráðlegg hins vegar engum að fara í mál gegn DV út af einu eða neinu. Í byrjun desember dæmdi Hæstiréttur DV til að greiða samtals 1,6 milljónir króna í miskabætur og málskostnað vegna ærumeiðinga. Greiðslurnar átti að inna af hendi án tafar og birta dóminn í næsta tölublaði DV. Rúmum mánuði síðar var DV hvorki búið að borga eina einustu krónu né birta dóminn.

# Loðdýrarækt bönnuð í Hollandi

LOÐDÝRARÆKT
Íris Ólafsdóttir
rafmagnsverkfræðingur



Þann 18. desember sl. samþykkti hollenska þingið með miklum meirihluta, 46 gegn 29 atkvæðum, að banna loðdýrarækt alfarið þar í landi af siðferðislegum ástæðum. Þar með er Holland komið í hóp framsækinna landa sem viðurkenna grimmd loðdýraræktarinnar en þessi lönd eru Bretland, Austurríki, Króatía og nú Holland. Að auki er reglugerð vegna loðdýraræktunar í Sviss það ströng að greinin hefur lagst af þar.

Loðdýrabændur í Hollandi fá frest til 1. janúar 2024 til að laga sig að nýju lögunum. Árið 2009 var reynt að ná þessu banni í gegn fyrir árið 2018 og var það samþykkt í neðri deild þingsins, en andstæðingar lýstu yfir áhyggjum vegna hugsanlegs fjárhagstjóns minkabænda. Í nýju löggjöfinni var dagsetningunni breytt og bændum voru boðnar bætur.

Hollensk minkaframleiðsla hefur farið ört vaxandi síðasta áratuginn, þar með valdið því að milljónir minka eyddu stuttu, streitufullu æviskeiði sínu í þjáningu í pínulitlum búrum– einungis fyrir hégóma mannskepnunnar.

Sem betur fer sendir Holland nú út þau skilaboð til iðnaðarins og almennings að loðfeldur sé ekki „kúl“ og það að valda dýrum svo mikilli þjáningu fyrir ónauðsynlega vöru sé ekki réttlætanlegt. Tomas Pietsch, sérfræðingur í villtum dýrum komst svo vel að orði: „Ef Hollendingar geta bannað minkaræktunariðnaðinn með 6 milljónir minka á ári og 159 minkabændur, af siðferðislegum ástæðum, er engin ástæða fyrir önnur lönd að viðhalda þessari grimmd gegn dýrum.“

> Sem betur fer sendir Holland nú út þau skilaboð til iðnaðarins og almennings að loðfeldur sé ekki „kúl“ og það að valda dýrum svo mikilli þjáningu fyrir ónauðsynlega vöru sé ekki réttlætanlegt.

Horfumst í augu við grimmd loðdýraræktarinnar, fylgjum framsæknari löndum eftir og setjum spurningarmerki við aukna áherslu Íslendinga á loðdýrarækt.

Heimildir: http://infurmation.com/downloads/press/thenetherlandsbanminkfarming.pdf





Hjartans þakkir til ættingja, vina, samstarfsfólks og annars samferðafólks fyrir stuðning og samhug við veikindi og andlát

**INGUNNAR JÓNSDÓTTUR.**

Sérstakar kveðjur færum við starfsfólki líknardeildarinnar við Kópavog fyrir góða umönnun.

**Magnús Skúlason**
**Hlynur Magnússon**
**Skúli Magnússon**
**Guðrún Katrín Oddsdóttir**

---

✝



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**HELGA ÞÓRÐARDÓTTIR**
**Grenigrund 40, Selfossi,**

lést á Kumbaravogi 7. janúar. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 18. janúar kl. 13.30.

**Eygló Jóna Gunnarsdóttir** **Ingvar Daníel Eiríksson**
**Ásta María Gunnarsdóttir** **Sveinn Aðalbergsson**
**Oddrún Svala Gunnarsdóttir** **Stefán Jónsson**
**Símon Ingi Gunnarsson** **Kolfinna Sigtryggsdóttir**
**Gunnar Óðinn Gunnarsson** **Gyða Steindórsdóttir**
**Erla Bára Gunnarsdóttir** **Magnús Þorsteinsson**
**Trausti Viðar Gunnarsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---

✝



Kær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÚN AUÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Huldugili 2, Akureyri,**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð 2. janúar síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum af alhug öllum sem hafa auðsýnt okkur samúð og hlýhug.

**Þórarinn Guðmundsson**
**Gígja Þórarinsdóttir** **Baldur Kristjánsson**
**Guðrún Þórarinsdóttir** **Jóhann Baldvinsson**
**og fjölskyldur þeirra.**

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**MAGNÚS FRÍMANN HJELM**
**Suðurgötu 15, Reykjanesbæ,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 4. janúar. Útför hans fer fram mánudaginn 14. janúar klukkan 15.00. í Fossvogskapellu. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Sigmar Magnússon**
**Þórunn Aðalheiður Hjelm** **Davíð Fjölnir Ármannsson**
**Guðrún Björg Hjelm** **Valdimar Ernir Eiðsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRA KARITAS ÁRNADÓTTIR**
**Melabraut 6, Seltjarnarnesi,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 9. janúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Jón Árni Þórisson** **Guðrún Hafsteinsdóttir**
**Guðbjörg Þórisdóttir**
**Sverrir Þórisson**
**Guðný Þórisdóttir** **Åke Lindell**
**Gylfi Þór Þórisson** **Sigurbjörg Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

WWW.KVEDJA.IS
Útfararstofa
SVAFARS & HERMANNS




571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

---



**LEIKHÓPURINN** Hér má sjá brot af leikdeild UMF Skallagríms við æfingar á verkinu Nanna systir eftir Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson sem er frumsýnt í kvöld.

# Gamanleikur með broddi

**Leikdeild UMF Skallagríms í Borgarnesi frumsýnir í kvöld leikritið Nanna systir eftir Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson. Leikritið er gamanleikur sem á mikið erindi við samfélagið í dag samkvæmt leikstjóranum Rúnari Guðbrandssyni.**

„Þetta er í sjötta sinn sem ég leikstýri þessu leikfélagi, sem er bæði öflugt og kraftmikið í starfsemi sinni,“ segir leikstjórinn Rúnar Guðbrandsson um Leikdeild UMF Skallagríms í Borgarnesi, sem frumsýnir leikritið Nanna systir í félagsheimilinu á Mýrum í kvöld.

Leikritið er eftir Einar Kárason og Kjartan Ragnarsson og var fyrst sett upp af Leikfélagi Akureyrar árið 1996. Það er kallað óbeislað raunsæisverk en Rúnar kallar það gamanleik með broddi. „Verkið sló í gegn árið 1996 og var einnig sýnt í Þjóðleikhúsinu sama ár. Þetta er skemmtilegt verk sem ég tel eiga erindi við samfélagið í dag,“ segir Rúnar, en í verkinu koma upp málefni sem eru í umræðunni núna á borð við barnaníðinga, kvótamál, eignahlut í litlum plássum og presta. „Þó að þetta sé gamanverk er þarna alvarlegur undirtónn. Verkið gerist í litlu plássi úti á landi og á sér stað á æfingu leikfélagsins þar í bæ þar sem ákveðið uppgjör milli bæjarbúa á sér stað.“

Leikdeild UMF Skallagríms í Borgarnesi er öflugt leikfélag sem var stofnað árið 1916. Það er myndað af sjálfboðaliðum úr Borgarnesi og sveitinni í kring. Rúnar er sjálfur búsettur á höfuðborgarsvæðinu en lætur sig lítið muna um að keyra á milli á æfingar. „Það er mikill áhugi fyrir leikfélaginu hérna og aðsóknin á sýningarnar er mikil. Ég hef heillast af kraftinum í þessum öfluga hóp en síðustu ár höfum við einbeitt okkur að fjölbreyttu efnisvali í verkum og meðal annars sett upp Skugga-Svein og Gullna hliðið. Í félaginu er öflugur kjarni og svo hefur hlaðist utan á hann,“ segir Rúnar, en í kringum tuttugu manns koma að hverri sýningu. Verkið er frumsýnt í kvöld og vonast Rúnar til að sem flestir leggi leið sína í litla leikhúsið á Mýrunum til að berja þessa uppsetningu augum. Sýningar á verkinu standa til 19. janúar.

alfrun@frettabladid.is



**HEILLAÐIST AF LEIKHÓPNUM** Þetta er í sjötta sinn sem Rúnar Guðbrandsson leikstýrir leikhópnum, sem hann segir kraftmikinn og öflugan.

---

✝



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**ÓTTAR SÍMON EINARSSON**

lést föstudaginn 4. janúar. Hann verður jarðsunginn frá Akraneskirkju mánudaginn 14. janúar kl. 13.00.

**Einar Þór Óttarsson**
**Heiður Óttarsdóttir**
**Hákon Bergmann Óttarsson** **Þórdís Harpa Lárusdóttir**
**Þórgunnur Óttarsdóttir** **Óskar Gíslason**
**Inga Hrönn Óttarsdóttir** **Kristinn Jóhann Hjartarson**
**og barnabörn**
**Herdís Ingveldur Einarsdóttir** **Birgir Ásgeirsson**
**Eiður Helgi Einarsson**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÆUNN SIGRÍÐUR GUÐJÓNSDÓTTIR**

verður jarðsungin frá Kálfatjarnarkirkju á Vatnsleysuströnd laugardaginn 12. janúar kl. 14.00.

**Reynir Brynjólfsson**
**Vigdís Elísabet Reynisdóttir**
**Guðjón Vilhjálmur Reynisson**
**Ragnheiður Reynisdóttir**
**Ríkharður Vignir Reynisson**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Eiginmaður minn,

**SIGURBJÖRN ALEXANDERSSON**
**Skipholti 53,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 18. desember síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Herborg Kjartansdóttir**

---

✝



Elskulegur bróðir minn og frændi,

**ÍVAR ÁRNASON**

lést á heimili sínu hinn 31. desember. Útför frá Fossvogskapellu föstudaginn 11. janúar kl. 13.00.

**Ævar Árnason**
**Dórothea Ævarsdóttir**
**Freyr Ævarsson**



## VÍNARTÓNLEIKAR

**Vínartónleikar Sinfó verða í kvöld og á morgun í Eldborgarsal Hörpu. Þar er leikin sígild Vínartónlist undir stjórn Peters Guth, sem hefur átt mikilli velgengni að fagna sem fiðluleikari og hljómsveitarstjóri. Hulda Björk Garðarsdóttir er einsöngvari. Tónleikarnir hefjast kl. 10.30 í kvöld.**


RISA ÚTSALA

YFIR 1000 VÖRUTEGUNDIR

ALLT AÐ 75% AFSL.

SJÓNVÖRP ÚTVÖRP
FERÐATÆKI BÍLTÆKI
DVD SPILARAR MAGNARAR
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR
HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR
HLJÓMBORÐ MP3 SPILARAR
REIKNIVÉLAR VÖFFLUJÁRN OFNAR
FRYSTIKISTUR BLANDARAR HÁFAR
ÖRBYLGJUOFNAR PRÁÐLAUSIR SÍMAR
ÞVOTTAVÉLAR STRAUJÁRN ÍSSKÁPAR
SAMLOKUGRILL KAFFIVÉLAR RAKVÉLAR
HELLUBORÐ RYKSUGUR HRÆRIVÉLAR
UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
PURRKARAR

RISA ÚTSALA

YFIR 1000 VÖRUTEGUNDIR

ALLT AÐ 75% AFSL.

Sjá allt úrvalið á ht.is

Heimilistæki
www.ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500





# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að kjúklingasalati með lárperu, spínati, agúrkum og kasjúhnetum ásamt sítrónudressingu. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þennan girnilega rétt í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## KJÚKLINGASALAT MEÐ SPÍNATI, KASJÚHNETUM OG SÍTRÓNUDRESSINGU

**KJÚKLINGUR fyrir 4-6**
1 kjúklingur
1 laukur í bátum
2 gulrætur í bitum
2 sellerístilkar í bitum
3-4 skrældar kartöflur
2 lárviðarlauf
2 greinar timjan eða 3/4 tsk. þurrkað
Salt og nýmalaður pipar
1/2 lítri vatn

Allt sett í pott með loki og soðið við vægan hita í 45 mín eða þar til fuglinn er soðinn í gegn. Takið fuglinn úr pottinum og kælið. Fjarlægið haminn af fuglinum og síðan allt kjötið af beinunum. Rífið kjötið í hæfilega bita og setjið í skál ásamt 3/4 poka spínat.

2 lárperur, afhýddar í bitum
1 agúrka, skræld og kjarnlaus í bitum
1 dl kasjúhnetur
2 dl græn vínber, má sleppa
300 g Barilla-pastarör, soðið samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum

Öllu blandað vel saman. Ef rétturinn er hugsaður sem forréttur má sleppa pastanu.

**Sítrónudressing**
Fínt rifinn börkur af 2 sítrónum
Safinn úr 2 sítrónum
1 msk. hlynsýróp eða sykur
1 msk. ljóst edik
1 1/2 dl olía
Salt og nýmalaður pipar

Hrærið öllu vel saman. Blandið sítrónudressingunni við salatið og kryddið með salti og pipar. Berið fram með góðu brauði.



**Kjúklingasúpa**
Takið grænmetið og soðið úr pottinum sem fuglinn var soðinn í. Bætið vatni í pottinn svo þar verði allt í allt 500-750 ml.

1 dl rjómi, mjólk eða kókosmjólk.
Sósujafnari ef þarf
salt og nýmalaður pipar.

Setjið allt í pott og sjóðið upp. Maukið vel í matvinnsluvél. Hitið aftur að suðu. Ef súpan er of þunn má þykkja hana með sósujafnara. Góður grunnur fyrir margar súpur. Gott að bera fram með afganginum af kjúklingasalatinu ásamt brauði daginn eftir.


Heilsuréttir Nings

Heilsuréttir Nings innihalda mikið af trefjum, hæfilegt magn próteina og góð kolvetni. Réttirnir eru kryddaðir með ferskum engifer, hvítlauk og chilli. Allir réttir okkar eru að sjálfsögðu án transfitu og MSG.



Sushi er frábær hollustufæða

NINGS




Suðurlandsbraut 6 • Stórhöfða 17 • Hlíðasmára 12 • Sími 588 9899 • www.nings.is















**TÓNLISTARKONUR** „Hún var alveg rosalega fjölhæf söngkona og því dugar ekkert minna en fjórar söngkonur til að gera henni skil,“ segir Bylgja Dís, sem hér er lengst til vinstri.

# DRAMATÍSK BÆÐI Á SVIÐINU OG Í LÍFINU

**ÓP-HÓPURINN** *flytur opinn leiklestur á nýrri óperuleiksýningu um líf og list Maríu Callas í Salnum annað kvöld.*

Tragísk ævi óperudívunnar Maríu Callas varð söngkonunni Bylgju Dís Gunnarsdóttur að yrkisefni en hún hefur skrifað handrit að nýrri óperuleiksýningu sem ber nafnið Svar Maríu. „Verkið er enn í mótun en við höfum nú æft í viku og ætlum á morgun að sýna uppskeruna,“ segir Bylgja Dís, en annað kvöld klukkan 20 verður haldinn opinn leiklestur á verkinu í Salnum í Kópavogi. Leikstjóri er Jamie Hayes sem til að mynda leikstýrði La Boheme með Íslensku óperunni síðastliðið vor.

„Upphaflega ákváðum við í ÓP-hópnum að halda tónleika þar sem við myndum heiðra Maríu Callas með því að syngja aríurnar hennar og segja kannski frá henni inn á milli laga,“ upplýsir Bylgja en hugmyndin vatt upp á sig eftir að Bylgja rakst á og las bréf sem Maríu Callas barst frá „fyrrverandi“ aðdáanda. Í því lýsir bréfritarinn yfir vonbrigðum sínum með söngkonuna, sem þá var farin að halda við hinn gifta auðjöfur Onassis. Í sýningunni Svar Maríu mætast söngkonan og aðdáandinn Elvira. Callas svarar bréfi hennar persónulega, rifjar upp lífshlaup sitt og tónlistina sem hún flutti. „Þær fara í ferðalag saman og smám saman fer Elvira að sjá hlutina út frá sjónarhóli Callas,“ útskýrir Bylgja.

Fjórar söngkonur túlka söng Callas. „Hún var rosalega fjölhæf söngkona og því dugar ekkert minna en fjórar söngkonur til að gera henni skil.“ Bylgja segir þær þó ekki ætla að herma eftir rödd söngkonunnar, sem hafði afar sérstaka tækni. „Það varð til þess að hún kláraði sig mjög fljótt og átti í raun ekki langan feril en söngkonurnar munu hins vegar leggja sig fram um að leika eftir öndun og fraseringu Callas.“ Hvað var það sem gerði Maríu Callas að þeirri stórstjörnu sem hún var? „Í raun hafði hún ekkert til brunns að bera þegar hún byrjaði



að syngja. Hún var klunnaleg og feit, var bólugrafin og afar nærsýn. Hún var feimin, ólst upp í fátækt og átti slæma æsku,“ upplýsir Bylgja og bætir við að þó að rödd Callas hafi verið gífurlega mikil og sérstök frá unga aldri hafi hún á sama tíma verið afskaplega óstýrilát. „Hún grennti sig um meira en 30 kíló á einu ári, hún lærði að ganga og hreyfa sig upp á nýtt og varð að læra hvernig hún gæti fylgt stjórnandanum, sem hún sá ekki vegna lélegrar sjónar,“ segir Bylgja, en það sem vann flesta á hennar band var leiklistin. „Hún var stórkostleg leikkona. Hún lifði sig inn í hlutverkið og heillaði fólk. Þá skipti engu hvort hún væri fölsk.“

Eins og áður sagði verður opinn leiklestur á verkinu á laugardag klukkan 20 í Salnum. Bylgja vonast til að hugmyndin verði þróuð enn frekar og jafnvel að fleiri muni koma að því að setja upp verkið síðar meir. „Callas virðist heilla fólk, enda var hún mjög tragísk.“ ■ solveig@365.is

**HANDRITSHÖFUNDUR** Bylgja Dís skrifar handritið að óperuleiksýningunni Svar Maríu. Flutt verður opinn leiklestur á verkinu í Salnum annað kvöld klukkan 20.



MARIA CALLAS

# NORRÆNAR MYNDASÖGUR

Nordicomics Islands er heiti sýningar á norrænum myndasögum dagsins í dag sem opnuð verður á morgun í Borgarbókasafninu klukkan 15. Hugleikur Dagsson er fulltrúi Íslands á sýningunni og verða hann og sænski höfundurinn Josefin Svenske með erindi á opnuninni.

Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur segir mikla grósku í myndasöguheiminum á Norðurlöndunum.

„Miðað við það sem ég heyri er mikil gróska í Finnlandi og í Noregi en einnig víðar á Norðurlöndunum, til dæmis á Grænlandi. Þetta eru neðanjarðarmyndasögur og tengjast sams konar grósku í Þýskalandi og í fyrrverandi austantjaldslöndunum,“ útskýrir Úlfhildur. Hún segir Norðurlandaþjóðirnar einnig framarlega í utanumhaldi á myndasögum með sérstökum myndasögusöfnum. Þannig séu myndasögur sýnilegri.

En hver eru söguefnin?

„Mjög fjölbreytt og ekki endilega sögur heldur einnig syrpur af myndum sem skapa ákveðna stemmingu og tilfinningu. Þarna eru líka sögur af öllu tagi eins og við sjáum í venjulegum skrifuðum skáldskap, allt frá fantasíum upp í mjög hversdagslegar og raunsæislegar sögur. Það er mjög spennandi að fá þessa sýningu hingað fyrir áhugafólk að sjá það ferskasta sem er að gerast í dag og fyrir aðra til að uppgötva myndasögur,“ segir Úlfhildur.

**STEMNING** Mynd eftir finnska höfundinn Mari Ahokoiva.
MYND/BORGARBÓKASAFNIÐ



F **FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

11. JANÚAR 2013

# Lífið











## 5 KYNÞOKKAFYLLSTU

FRÉTTABLAÐIÐ

Lífið er á Vísi – visir.is/lifid

## HVERJIR VORU HVAR?

Það var þétt setið á Lifandi markaði í Faxafeni í vikunni og því augljóst að hollustan gengur fyrir hjá mörgum um þessar mundir. Mátti þar



sjá **Sigríði Elínu Ásmundsdóttur**, ritstýru Húsa og híbýla, ásamt blaðakonunum **Katrínu Brynju Hermannsdóttur** og Hallgerði Hallgrímsdóttur. Á næsta



borði sátu söngkonurnar glæsilegu **Védís Hervör Árnadóttir** og Ragnheiður Gröndal. Einnig lét Disney-töffarinn Jón Axel sjá sig.





Lífið

UMSJÓN
Ellý Ármanns elly@365.is
Kolbrún Pálína Helgadóttir kolbrunp@365.is

Útgáfufélag 365 miðlar ehf.
Forsíðumynd Valgarður Gíslason
Auglýsingar Atli Bergmann atlib@365.is
Lífið Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
www.visir.is/lifid

# ÁTAKANLEGASTA MÁLIÐ Á FERLINUM

**Mannshvörf er ný þáttaröð á Stöð 2 sem hefur göngu sína í janúar 2013 í umsjá Helgu Arnardóttur fréttamanns. Í þáttunum verður fjallað um Íslendinga sem hafa horfið sporlaust og aldrei fundist allt frá 1941 til 2010. Fyrsti þátturinn verður sýndur næstkomandi sunnudag klukkan 20.25.**

**Til hamingju með þættina, Helga, hvernig er vinnslan búin að ganga?** Vinnslan hefur gengið mjög vel. Þetta hefur verið langt og strangt ferli en er loks á enda eða svona næstum því.

### Lærdómsrík vinna

**Hafa málin verið miserfið?** Það er sko alveg hægt að fullyrða það. Það fer eftir því hversu margir hafa upplýsingar um hvert mál og svo eru oft ekki til neinar haldbærar upplýsingar um eldri málin en ég er að fjalla um mannshvörf allt frá 1941 til 2010. Oft og tíðum eru ekki til neinar skriflegar heimildir um mál og þá hef ég þurft að hringja ógrynni símtala til að fá upplýsingar. Þessi vinna hefur verið góð kennslustund í rannsóknarblaðamennsku, þar sem stuðst hefur verið mikið við Íslendingabók, Þjóðskjalasafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, þjóðskrá auk fjölda gamalla dagblaða og tímarita, jafnvel gamlar símaskrár.

**Hefurðu lent í mörgum hindrunum eða hefur fólk sýnt mikinn samstarfsvilja?**

### Mörg mál óupplýst

Fjölmargir hafa lagt okkur lið við að gera þessa þætti að raunveruleika og þar á ég fyrst og fremst við ótal ættingja og vini þeirra sem hafa horfið. Þeir vilja fyrst og fremst að fjallað sé um þessi mál í þeirri von að einhverjar nýjar upplýsingar berist. Ég vil þakka þeim vel fyrir allan stuðninginn og hjálpina.

**Hefur það komið þér á óvart hve mörg óupplýst mál eru þarna úti?** Það er mjög ógnvekjandi að sjá hversu mörg óupplýst mannshvörf eru á skrá. Margir úr þessum hópi hafa týnst á jökli, fallið í ár eða í sjóinn, þannig að skýra má einhvern hluta þeirra. En svo koma mál sem vekja upp spurningar og valda ættingjum hinna horfnu miklum áhyggjum.

### Dáist að hugrekki ættingjanna

**Hvað munum við sjá í þessum fyrsta þætti?** Fyrsti þátturinn er líklega átakanlegasta málið sem ég hef fengist við á mínum ferli. Hann fjallar um tvo unglingsdrengi á fjórtánda og fimmtánda aldursári sem hurfu sporlaust kaldan dag í janúar 1994. Við ræðum við mæður drengjanna, auk lögreglu og björgunarsveitarmanns, um atburðarásina og rekjum þessa umfangsmiklu leit sem gerð var að þeim en skilaði engu nema óvissu.



„Það gefur manni mikið í þessu starfi að geta sökkt sér ofan í verkefni og séð góða útkomu eftir langa yfirlegu. Þó svo ég myndi gjarnan vilja meiri tíma til að rannsaka. Það er alltaf þannig. Maður verður líka að kunna stoppa. Það er list.“

Ég hef átt í góðum samskiptum við mæðurnar og dáist að hugrekki þeirra beggja að koma fram opinberlega og ræða þessi mál.

### Kann vel við dagskrágerðina

**Hvernig kanntu við þig á þessum nýja vettvangi?** Ég kann afskaplega vel við mig í dagskrárgerð af öllu tagi, það er mikilvægt að fréttamenn fái að spreyta sig á öðru en fréttum. Þær eru oft svo hraðsoðnar og þarf að vinna hratt. Það gefur manni mikið í þessu starfi að geta sökkt sér ofan í verkefni og séð góða útkomu eftir langa yfirlegu. Þó svo ég myndi gjarnan vilja meiri tíma til að rannsaka. Það er alltaf þannig. Maður verður líka að kunna að stoppa. Það er list.

**Munum við sjá þig aftur í Íslandi í dag og fréttum?** Já, það er alveg klárt mál, nú er mig meðal annars farið að klæja í fingurna fyrir næstu kosningar. Það verður áskorun að fjalla vel og mikið um þær auk fjölda annarra verkefna sem rekur á mínar fjörur.

Við hvetjum alla sem telja sig hafa einhverjar upplýsingar um óupplýst mannshvörf á Íslandi að senda skilaboð á netfangið helga@stod2.is





## NÝIR RÉTTIR OG EXÓTÍSKAR KOKKTEILBLÖNDUR

Íslenski barinn er á leiðinni í allsherjar yfirhalningu eftir að veitingamennirnir Haukur Víðisson og Völundur Snær Völundarson tóku yfir reksturinn á honum, Gyllta salnum og veitingastaðnum á Hótel Borg. Búast má við miklum breytingum enda einvalalið við stjórnvölinn. Meðan endurbætur standa yfir á Borg Restaurant mun Íslenski barinn þjóna sem tilraunaeldhús þar sem nýir réttir verða prófaðir daglega. Yfirbarþjónn Íslands og Master Chef-dómarinn Ólafur Örn Ólafsson mun stýra barnum og ku vera upptekinn þessa dagana við að töfra fram nýjar og exótískar kokkteilblöndur eins og honum einum er lagið. Af því tilefni hefur verið blásið til Happy Hour daglega milli 17 og 19.



Ólafur Örn Ólafsson einn af dómurum Masterchef, mun fara vel með gesti Íslenska barsins á næstunni á meðan breytingar á Borg Restaurant standa yfir.



Völundur Snær Völundarson tók nýlega við rekstri Íslenska barsins, Gyllta salarins og veitingastaðar Hótel Borgar ásamt veitingamanninum Hauki Víðissyni.

# ÚTSALA!

## 9. – 12. JANÚAR



# 10–50%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

*GILDIR EKKI AF SÉRPÖNTUNUM NEMA ANNAÐ SÉ TILGREINT

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11–18 og laugardaga 11–16.

# SYKURHÚÐAR EKKI BREYTINGA-SKEIÐIÐ

**Jóna Ósk Pétursdóttir hefur gefið út bókina Frábær eftir fertugt sem fjallar almennt um allar hliðar aldursbreytinga. Hún er viss um að bókin opni umræðu um eðlilegt ferli sem hingað til hefur verið konum feimnismál.**




„Það var voða gaman að fá að prufa að taka þátt í jólabókaflóðinu í ár,“ segir Jóna Ósk Pétursdóttir, sem stendur að bókinni Frábær eftir fertugt sem kom út í byrjun desember.

### Fannst vanta bók fyrir konur á þessum aldri

Í bókinni er fjallað um allt sem viðkemur þeim breytingum sem konur ganga í gegnum á þessum aldri enda eiga sér stað margvíslegar breytingar í líkamanum á þessum árum sem leggjast misvel í konur, að sögn Jónu. Henni fannst vanta bók á borð við þessa á markaðinn. „Undanfarið hafa komið út margar bækur fyrir unglingsstelpur til að styrkja þær í hormónabreytingum þeirra. Þessar eldri hafa gleymst svolítið enda eru konur að ganga í gengum svipaðar hormónabreytingar á þessum efri árum, nema okkar hormónaflæði er að enda í stað þess að byrja eins og hjá unglingunum,“ segir Jóna og bætir við að breytingarskeiðið sé ekki sykurhúðað í bókinni. „Ég byggi bókina í kringum viðtöl og tilvitnanir við konur og viðurkenni að þær eru allar mjög hreinskilnar í sínum svörum sem er gott.“

### Kafli fyrir karlmenn

Bókin er kaflaskipt þar sem fjallað er um allt frá vaxtarlagi, klæðaburði og útlitsbreytingum í kynlíf og svitakóf. Ebba Margrét Magnúsdóttir, kvensjúkdóma- og fæðingalæknir, sá um að veita Jónu faglega ráðgjöf við skrifin.

Einnig er að finna sérkafla fyrir makann en þessi tími er mjög algengt skilnaðartímabil hjá hjónum. „Í kaflanum er karlmönnum gert ljóst hvaða breytingar maki þeirra er að ganga í gegnum og hvaða afleiðingar það hefur. Svo er þeim leiðbeint hvernig er hægt að aðstoða.“

Það tók Jónu um tvö ár að vinna bókina sem hún segir fyrir konur á aldrinum 35-60 ára. Hún er viss um að bókin opni umræðuna um breytingarskeiðið sem hingað til hefur verið ákveðið feimnismál. „Ég hef heyrt að bókin sé uppspretta mikillar umræðu á kaffistofum landsins en þá er tilganginum náð hjá mér. Fáar konur hafa verið tilbúnar að ræða þessi mál og breytingaskeiðið verið feimnismál hjá flestum. Nú vona ég að breyting verði þar á enda er þetta fullkomlega eðlilegt ferli sem allar konur ganga í gegnum.“ **alfrun@frettabladid.is**



Jóna Ósk Pétursdóttir á heiðurinn að bókinni Frábær eftir fertugt, sem fjallar um þær margvíslegu breytingar sem konur ganga í gegnum á þessum árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTSALA
ÚTSALA
30 - 50 % AFSLÁTTUR
SPENNANDI
Eikjuvogur 29, 104 Reykjavík
sími : 694-7911



# ER ERFITT AÐ VAKNA?

**Hver kannast ekki við það að það að eiga erfitt með að vakna, fara stressaður og seinn inn í daginn og ná sér jafnvel ekki á strik fyrr en kvölda tekur? Á nýju ári er tilvalið að tileinka sér nýja og betri svefnsiði.**



1 Leggðu þig fram við að ná 7 klukkutíma svefni. Einnig er mikilvægt að reyna að fara að sofa á sama tíma á kvöldin.

2 Leggðu það á þig að skipuleggja daginn kvöldið áður. Taktu til fötin þín, æfingatöskuna, veskið og hafðu allt nesti tilbúið fyrir sjálfan þig og börnin ef þú ert með börn á heimilinu. Þetta kemur í veg fyrir uppnám og læti ef þú vaknar seint og illa.

3 Rúmið er til þess að sofa í því. Ekki vinna, lesa eða horfa á sjónvarpið uppi í rúmi.

4 Forðastu það að borða fyrir svefninn. Láttu 2-3 klukkustundir líða frá máltíð þar til þú leggst til náða. Annars er líkaminn enn að vinna við að melta matinn og hvílist þar af leiðandi ekki nógu vel.

5 Ekki freistast til að þess að leggja þig yfir daginn. Lúrinn brýtur upp mynstrið og kemur í veg fyrir góðan nætursvefn. Ef þreytan sígur á þig seinnipartinn farðu þá heldur út að ganga í 10 mínútur, drekktu vatn og þú verður eins og nýr.

6 Losaðu þig við álagshugsanir og stress fyrir svefninn með einfaldri öndunar- eða slökunaræfingu og þú svífur á vit draumanna.

**Sofðu vel!**




Kultur • Kultur menn

Kringlunni - s.512 1710 - NTC.is - erum á facebook







# ÚTLITIÐ ER AUKAATRIÐI

**Að mati álitsgjafa Lífsins er það að vera þokkafullur meðal annars útgeislun, kurteisi, hæfileikar, metnaður og húmor en þeir voru beðnir um að nefna þokkafyllstu karlmenn samfélagsins að þeirra mati.**

Tónlistarmaðurinn Ásgeir Trausti bar sigur úr býtum að þessu sinni. Voru mörg falleg orð um hann látin falla og því augljóst að hann hefur stimplað sig rækilega inn í hjörtu þjóðarinnar með yfirburðahæfileikum sínum og þokka. Leikarinn Björn Hlynur Haraldsson og athafnamaðurinn Skúli Mogensen tróna á toppi listans ásamt tónlistarmanninum, en þeir þykja báðir koma einstaklega vel fyrir.

### ÁSGEIR TRAUSTI

- Það umlykur hann einhver dularfull ára. Sexí á öðruvísi hátt. Óútreiknanlegur.
- Hann birtist ekki fyrir svo löngu síðan en gæti hugsanlega heillað flestar konur.
- Það sem mér finnst þokkafullt við hann er að hann er dularfullur og feiminn.
- Dularfullur og þokkafullur með ótrúlega seiðandi augnaráð sem bræðir hvaða konu sem er.
- Hann er vel klæddur en útlitið er í raun aukaatriði, hann væri held ég heillandi hvernig sem hann liti út en fyrst og fremst vegna tónlistarhæfileika sinna og hversu fjarlægur hann er fyrir okkur sem þekkjum hann ekki.

### BJÖRN HLYNUR HARALDSSON leikari




- Hann er með x-faktorinn þegar kemur að kynþokka. Hrikalega aðlaðandi og ógnandi á sama tíma. Ekta „bad boy“.
- Hann er einfaldlega þokkafyllsti maður landsins. Það er einhver ótrúlega óútskýranlega flott orka sem kemur frá honum, algjör töffari, frábær leikari, myndarlegur og flottur í tauinu, svo á hann alveg ótrúlega flotta konu!
- Þessi dökku augu og hár, need I say more?
- Hrikalega flottur maður, það er einhver dulúð yfir honum, sem er bara sexy, og þessi augu!

## ÁLITSGJAFAR

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir** markaðs- og fjölmiðlakona
**Tobba Marinós** markaðsstjóri Skjásins
**Kristrún Ösp** nemi
**Þórdís Lárusdóttir** flugfreyja
**Sylvía Briem Friðjónsdóttir**
**Íris Thelma Jónsdóttir** fulltrúi Íslands í Miss World 2012
**Þórunn Högna** ritstjóri Nude HOME
**Gúrý Finnbogadóttir** fata-/skarthönnuður
**Svana Friðriksdóttir** upplýsingafulltrúi WOW **air**
**Tinna Bergs** fyrirsæta
**Arna Pétursdóttir** verslunareigandi



**3**

**SKÚLI MOGENSEN eigandi Wow**

- Með flotta útgeislun, kemur vel fyrir, ótrúlega kurteis og með mannasiðina á hreinu, enda alið manninn mestmegnis á erlendri grundu, í flottu formi.
- Jákvæður, vel klæddur og ávallt með bros á vör, það eru eiginleikar sem skapa mikinn þokka. Hann stundar líkamsrækt af miklum krafti og hefur heillað margar konurnar í þröngum hjólagallanum.
- Einstaklega sjarmerandi maður sem veit hvað hann vill, svo er hann alltaf í góðu skapi og með fallegt bros.



**ELMAR JOHNSON fyrirsæta**

- Svaðalega sætur sykurpúði sem er greinilega herra fullkominn, það er ekki nóg með að hann hafi gengið á sýningarpöllum fyrir helstu tískumerki heims heldur er hann líka á 5. ári í læknisfræði og var svo að stofna sitt eigið fyrirtæki sem tekur á móti erlendum ferðamönnum, er hægt að vera fullkomnari? Það voru margar stúlkurnar sem heilluðust af honum í tónlistarmyndbandi Þórunnar Antoníu við lagið So high.
- Þetta strákslega lúkk hans fær mann til að vilja vera orðinn aftur 25 ára. Hann er alveg rosalega þokkafullur strákur.
- Gullfallegur og eldklár strákur, það gerist varla betra. Svo er hann bara svo ótrúlega indæll.

**BALTASAR KORMÁKUR leikstjóri og leikari**

- Nær að halda í þokkann ár eftir ár, eitthvað leyndardómsfullt við hann, töff týpa, hefur náð að meika það úti í hinum stóra heimi en heldur samt í sönn gildi í lífinu og er með báða fætur á jörðinni.
- Hann er bara klassískur og eldist mjög vel, svona röff til fara og þrátt fyrir mikla velgengni þá virkar hann mjög jarðbundinn sem er bara hot.
- Ótrúlega fallegur, svona „tall, dark and handsome" týpa sem maður er svolítið hrædd-ur við.







**YFIR ATLANTSHAFIÐ**
28. apríl - 13. maí
299.000 Innklefa
335.000 Klefa með glugga
355.000 Svalaklefa
Verð á mann miðað við tíbýli
- Breakaway -



**LOS ANGELES/PANAMA & MEXIKÓ**
12. - 25. oktbóber
Innklefa 445.000
Klefa með glugga 495.000
Svalaklefa 565.000
Verð á mann miðað við tíbýli
- Star -



**GRÍSKU EYJARNAR & FENEYJAR**
2. - 13. maí
299.000 Innklefa
335.000 Klefa með glugga
369.000 Svalaklefa
Verð á mann miðað við tíbýli
- Jade -



**KARABÍSKAHAFIÐ & JÓLAINNKAUP**
15. - 26. nóvember
Innklefa 290.000
Klefa með glugga 310.000
Svalaklefa 325.000
Verð á mann miðað við tíbýli
- Dawn -



**BARCELONA & MIÐJARÐARHAFIÐ**
6. - 16. september
295.000 Innklefa
320.000 Klefa með glugga
340.000 Svalaklefa
Verð á mann miðað við tíbýli
- Epic -



**JÓL Í KARABÍSKAHAFINU**
19. - 30. desember
Innklefa 325.000
Klefa með glugga 345.000
Svalaklefa 365.000
Verð á mann miðað við tíbýli
- Dawn -



Innifalið: Flug, allar ferðir á milli flugvalla, hótels og skips, hótelgisting, íslensk fararstjórn, fullt fæði og öll skemmtidagskrá um borð.
Lágmarksþáttaka er 16 manns og áskiljum við okkur rétt til að fella ferðina niður ef næg þáttaka næst ekki.



Íslenskur fararstjóri Skúli Sveinsson

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
Sími: 570-8600 www.norræna.is
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík

ICELANDAIR NCL NORWEGIAN CRUISE LINE

### SÖLVI TRYGGVA fjölmiðlamaður



❙ Kúl týpa, myndarlegur, maður sem fer sínar eigin leiðir.
❙ Vel gefinn með beittan fréttaflutning og langt frá því að vera bara sæti strákurinn. Eldklár og mikilvæg rödd í samfélaginu.

### ÞORVALDUR DAVÍÐ

❙ Hæfileikar eru eitthvað sem við flestar heillumst af. Hann getur sungið, leikið og spilað á hljóðfæri. Auk þess er hann einstaklega vel klæddur og ég tala nú ekki um fallegt andlit hans!
❙ Einhver dulúð yfir honum sem gerir hann ansi þokkafullan.

### GARÐAR CORTES söngvari

❙ Hann er vinalegi strákurinn í næsta húsi sem getur kysst þig á hátt sem enginn annar getur kysst þig. Staðfest!
❙ Algjör sjarmur, töff týpa, klæðir sig vel og svo syngur hann eins og engill.

### BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA knattspyrnumaður

❙ Hann er hrikalega myndarlegur, vel vaxinn og það sem ég hef séð er hann vanalega vel klæddur líka. Veit ekki betur en að hann komi vel fram og haldi sig „low profile“, sem mér finnst töff.

## Hæfileikar eru eitthvað sem við flestar heillumst af. Hann getur sungið, leikið og spilað á hljóðfæri.



### HILMIR SNÆR GUÐNASON leikari

❙ Eftir að hafa séð hann nakinn í Myrkrahöfðingjanum, kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar, hefur hann seint farið úr huga mínum.

### HÖGNI EGILSSON söngvari

❙ Hann er með silkimjúka rödd og ótrúlega flottur á sviði sem og í persónu. Svo lítur hann út eins og víkingur, sem er ótrúlega töff.
❙ Það er eitthvað svo dularfullt við hann, sem gerir hann svo þokkafullan.

### ARON PÁLMARSSON handboltamaður



❙ Það þarf fátt að segja, hann er ungur, myndarlegur og topp íþróttamaður.
❙ Kemur vel fyrir og einn af þeim fáu ungu íþróttamönnum sem eru ekki úti um allt og uppi á öllu.

### HELGI BJÖRNSSON söngvari

❙ Ég vil helst setja Helga Björns í öll fimm sætin! Hann er eilífðartöffari og -sjarmör sem kann listina að heilla konur upp úr skónum. Kynþokkinn drýpur af honum og hann verður bara betri með aldrinum!

### BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON

❙ Hann er hugsanlega ekki vinsælastur meðal okkar almúgans en ég verð að segja að ég held að mjög mörgum konum finnist hann þokkafullur. Útlitið og völd, ætli það sé ekki skýringin!

### GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON handboltakappi

❙ Afskaplega fallegur maður, fallegri í eigin persónu en á skjánum, svo er hann náttúrulega hasarkroppur!

### JÓN JÓNSSON tónlistarmaður

❙ Flottur strákur og eiginlega smá krútt í bland. Upplífgandi og skemmtilegur karakter.

### ALEXANDER PETERSON

❙ Alltaf verið þokkafullur, dökkur yfirlitum og með þessa sterku andlitsbyggingu.

### GUÐNI BERGS lögfræðingur/íþróttamaður

❙ Algjör töffari, er með æðislegt bros sem gjörsamlega bræðir mann.

### BENEDIKT VALSSON hraðfréttamaður

❙ Flottur fulltrúi „yngri kynslóðarinnar“. Myndarlegur strákur, flott klæddur og hárið alltaf óaðfinnanlegt, á framtíðina klárlega fyrir sér.

### RÚRIK GÍSLASON knattspyrnumaður

❙ Sérstakt lúkk, augun „to die for“, hrikalega töff fatastíll, virðist jarðbundinn og er að gera flotta hluti.

### STEPHEN STEPHENSEN í Gus Gus

❙ Eftir að hafa séð hann á lendaskýlu einni fata á samstarfssýningu Íslenska dansflokksins og Gus Gus í Hörpunni opnuðust fyrir mér nýjar dyr. Maðurinn er löðrandi af kynþokka.

### DJ MARGEIR



❙ Er guðdómlega fallegur maður og er í raun Johnny Depp okkar Íslendinga. Þegar hann þeytir skífum safnast miklu fleiri konur fyrir framan plötusnúðabúrið en nokkurn tímann barinn.

### MUNDI fatahönnuður

❙ Ótrúlega hæfileikaríkur strákur sem á án efa eftir að ná langt. Svo er hann með mikla persónutöfra.

### GYLFI ÞÓR SIGURÐSSON knattspyrnumaður

❙ Ofsalega sætur og mjög svo góður í boltanum.

### PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON söngvari

❙ Say no more!



### GÍSLI ÖRN leikari

❙ Hann er bara HOT.
❙ Hæfileikaríkur leikari og ekki skemmir útlitið fyrir, virkar líka góður fjölskyldumaður sem er mjög aðlaðandi.



TANDOORI
restaurant take away

KYNNINGARTILBOÐ Í JANÚAR 2013
NÝTT Á ÍSLANDI
NAN Pizzur 7 tegundir - Okkar gómsæta holla eldbakaða
Nan Brauð með freistandi áleggjum og sósum.
Kynningartilboð með 0,5 ltr. af gosi aðeins 1499,- kr.



Nan Pizza á Tandoori er holl og laus við ROTVARNAREFNI, SYKUR, LITAREFNI, BRAGÐEFNI, TRANSFITUR og HERTAR OLÍUR

Sósurnar eru sérhannaðar í eldhúsi Tandoori, m.a. Tikka Tómatsósa, Sweet Chili sósa og Mangó Dip sósa.

Verði ykkur að góðu !

Skeifan 11 - Sími 552-9100

AUGLÝSING – CELSUS KYNNIR

# LIFESTREAM SPIRULINA EYKUR ORKU OG BÆTIR ALMENNA LÍÐAN

**Lífrænt fjölvítamín náttúrunnar. Rannsóknir sýna að Spiralina sé besti næringarauki fyrir börn og fullorðna og hafi góð áhrif á heilsuna.**

Margir finna fyrir orkuleysi og þreytu í skammdeginu. Rannsóknir hafa sýnt að inntaka á Lifestream Spirulina bætir líðan fólks til muna. Sýnt er að efnið styrkir varnir líkamans gegn ýmsum vírusum og bakteríum og er því öflug vörn gegn flensu og kvefpestum. Þeir sem neyta reglulega Lifestream Spirulina finna aukið heilsuhreysti. Lifestream Spirulina er næringarefni fyrir börn sem fullorðna.

### Hvað er Spirulina?

Spirulina eru örsmáir blágrænir þörungar. Lifestream ræktar þörungana í fersku vatni undir ströngu óháðu gæðaeftirliti. Vísindamenn eru á því að Spirulina sé nánast fullkomin fæða fyrir okkur. Líkaminn nýtir næringu Spirulina betur en úr öðrum fæðutegundum að grænmeti meðtöldu. Margar rannsóknir hafa verið gerðar á efninu, eða 300-400, og niðurstöður margra þeirra birst í vísindatímaritum. Ekkert annað bætiefni er jafn næringarríkt og Lifestream Spirulina sem er hreint og án allra fylliefna, í súrefnistæmdum umbúðum.

### Lífrænt fjölvítamín sem virkar

Gott er að vera meðvitaður um gæði bætiefna og vítamína. Verksmiðjuframleidd vítamín eru samsett tilbúin næringarefni sem skortir algerlega lífræna, samverkandi næringu. Ekki er mögulegt að búa til eftirlíkingu af hinu fullkomna lífræna jafnvægi næringarefnanna í Spirulina. Þegar Lifestream Spirulina er valið sem fjölvítamín jafngildir það því að fá næringu beint úr fæðunni, eins og ráðlagt er af næringarfræðingum. Lifestream Spirulina er því upplagt fyrir alla fjölskylduna. Undanfarið hefur mikið verið rætt um að börn og unglingar fái ekki nauðsynleg næringarefni og borði of lítið af ávöxtum og grænmeti. Spirulina er besti möguleikinn sem næringarauki fyrir börn og unglinga og getur bætt heilsu þeirra og líðan.

### Öflug vörn gegn flensum og kvefi

Lifestream Spirulina er ekki líkt neinu öðru Spirulina vegna hreinleika og yfirburða næringarstyrkleika. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að gæða-Spirulina styrkir varnir líkamans gegn vírusum og bakteríum og er því öflugt gegn flensu og kvefi. Þeir sem neyta reglulega Lifestream Spirulina finna aukið heilsuhreysti. Hátt hlutfall af GLA kvöldrósar-fitusýrum styrkir taugakerfið, dregur úr streitu og reynist vel gegn athyglisbresti. Einbeiting eflist og efnið dregur úr ofvirkni og pirringi. Spirulina eykur orku og dregur þar af leiðandi úr sleni, það er því mjög gott fyrir námsmenn, börn sem og eldri, sömuleiðis fólk sem er undir miklu vinnuálagi. Þá hafa margir sagt að sykurþörf verði minni með inntöku Spirulina og að blóðsykur komist í betra jafnvægi.

### Hvenær á að taka inn Spirulina?

Á morgnana er mjög gott að taka Spirulina en líka þegar orkubirgðir líkamans þverra og þreyta sækir að, til dæmis síðdegis. Glýkógen og blaðgrænan auka súrefnismettun í blóði, orkan eykst og andleg líðan um leið þannig að maður verður mun hressari en áður. Því meira Glýkógen í líkamanum í líkamsræktinni þeim mun betri árangur. Best er að taka Lifestream Spirulina inn klukkustund fyrir æfingu eða erfiðisvinnu og er þá merkjanlegur munur á þreki, úthaldi og einbeitingu.

### Lifestream súrefnistæmir umbúðirnar til að vernda næringarefnin

Lifestream Spirulina hefur þann eiginleika að hreinsa úrgangsefni vel úr líkamanum en fólk neytir mikilla aukefna í matvælum. Lifestream Spirulina er einstakt því það er algerlega laust við skordýraeitur, illgresiseyði, mengun, sýkingar og það er ekki genabreytt. Engu er bætt í til að drýgja það.




## Lifestream Spirulina hentar öllum

**Lífrænt fjölvítamín náttúrunnar, fyrir konur, karla, börn og unglinga.**

**Spirulina inniheldur:**
- 13 vítamín
- 16 steinefni
- 18 amínósýrur og snefilefni
- auðmeltanlegt járn
- glýkógen
- betakarótín
- ómega
- kvöldvorrósar-GLA
- blaðgrænu
- SOD
- prótín
- og gnægð af andoxunarefnum.

**Lifestream Spirulina er ræktað eftir alþjóðlegum gæða- og hreinleikastaðli, gæðastöðlunum ISO 9001 og 14001.**

**Alþjóðlega heilbrigðisstofnunin (WHO) telur Spirulina í hæsta gæðaflokki ákjósanlegra næringarauka fyrir börn og fullorðna.**

**Fæst í töflum, hylkjum og dufti í apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, Krónunni, Víði og Fríhöfninni.**




## VILBORG ANNA TREYSTIR Á LIFESTREAM SPIRULINA

Margt afreksfólk hefur notað Lifestream lífræn bætiefni með góðum árangri. Má þar nefna Vilborgu Önnu Gissurardóttur pólfara. Hún treystir á Lifestream-bætiefnin í ferð sinni. Lifstream Spirulina gefur henni bæði aukna orku og þau næringarefni sem líkaminn þarfnast.

Steinunn Erla Sigurgeirsdóttir, fyrirliði kvenna í íshokkífélaginu Birninum, og liðsmenn hennar, sem allar vilja eingöngu hrein náttúruefni, nota Lifestream-bætiefnin.

Spirulina hentar öllum; fullorðnum, unglingum og börnum sem stunda íþróttir með vinnu eða krefjandi námi. Hlauparar, skokkarar og börn og unglingar í íþróttum finna mikinn mun á orku og úthaldi með Spirulina.

**LIFESTREAM fæst í öllum apótekum, heilsubúðum, Hagkaupum, Krónunni, Víði og Fríhöfninni.**




Sjá nánar á visir.is/lifid



Hér njóta skórnir sín vel í fallegum glerskáp.



Skreyta má listana með fallegum flíkum og skarti í bland við skóna.





Það má nota kökudiskana í eitt og annað, til að mynda undir skó.

Skrautlisti með fallegu mynstri festur á vegg og notaður sem skóhirsla. Einfalt, ódýrt og tekur ekkert pláss.

# SÝNUM SKÓNA

**Við eyðum háum fjárhæðum í að kaupa okkur fallega skó sem við geymum svo inni í lokuðum skápum. Því ekki að sýna fallegu skóna okkar sem margir hverjir eru eins og lítil listaverk? Það er hægt að nota margar skemmtilegar útfærslur til að sýna þá sem lífga upp á rýmið í leiðinni.**



**Sandra Dís Sigurðardóttir**
innanhúsarkitekt

### Fyrir lítil rými

Stigar sem hafa verið vinsælir inni á baðherbergjum sem handklæðahengi eru tilvaldir sem skóhengi fyrir háhælaða skó. Það fer ekki mikið fyrir þeim og hægt er að stilla þeim upp hvar sem er, hvort sem það er í forstofu eða jafnvel inni í svefnherbergi.

Einnig er hægt að kaupa skrautlista með fallegu mynstri á og festa á vegginn. Einfalt, ódýrt og tekur ekkert pláss.

### Fyrir stór rými

Hafir þú meira pláss þá er hægt að nota fallegan skáp með glerhurðum eða fara ódýrari leið og nota einfalda bókahillu úr IKEA, þar sem þú getur raðað skónum fallega upp ásamt ýmsum skrautmununum.






BERGLIND BERNDSEN

## BÚIÐ AÐ TAKA ALLT Í GEGN



Í næsta þætti bankar **Sindri Sindrason** upp á hjá Hildi Berndsen innanhússarkitekt, sem býr í fallegu raðhúsi á Nesbala á Seltjarnarnesi. Húsið er á þremur pöllum, allt hefur verið tekið í gegn frá A til Ö og við förum í heimsókn. Heimsókn er í opinni dagskrá, alla laugardaga, strax að loknum fréttum á Stöð 2.



Eldhúsið hjá Berglindi er opið og flott.



Dökku gardínurnar setja fallegan svip á stofuna.


23rd IHF MEN'S WORLD CHAMPIONSHIP
HANDBALL 2013
2 SPORT HD
HM Í HANDBOLTA
HEFST Í DAG
OPNUNARLEIKUR HM
Í DAG KL. 17.50
SPÁNN ALSÍR
Á MORGUN KL. 16.55
ÍSLAND RÚSSLAND
SUNNUDAG KL. 14.40
ÍSLAND CHILE
ÞRIÐJUDAG KL. 16.55
ÍSLAND MAKEDÓNÍA
MIÐVIKUDAG KL. 19.10
ÍSLAND DANMÖRK
FÖSTUDAG KL. 16.55
ÍSLAND KATAR
VIÐ TRÚUM Á SIGUR
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS
ÞORSTEINN J. OG GESTIR
Þorsteinn J. sér um umfjöllun fyrir og eftir leiki íslenska liðsins ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sport, Geir Sveinssyni og Guðjóni Guðmundssyni, og fleiri góðum gestum.
#HM2013
VÍS
Arion banki
VALITOR
ICELANDAIR
FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Lífið

## GRETA SALÓME ÞAKKLÁT MOSFELLSBÆ

Söngkonan og fiðluleikarinn **Greta Salóme Stefánsdóttir** var valin Mosfellingur ársins á dögunum og er svo sannarlega vel að titlinum komin.

Greta á frábært ár að baki en hún sigraði eins og þekkt er orðið í forkeppni Eurovision hérlendis með laginu Mundu eftir mér og stóð sig vel á sviðinu í Bakú í Aserbaídsjan sem fulltrúi Íslands ásamt Jónsa.

Greta sagði í viðtali við Mosfelling, sem stóð fyrir valinu, að hún ætti að mörgu leyti Mosfellsbæ árangurinn að þakka og að bæjaryfirvöld hefðu stutt vel við bakið á sér. Það verður án efa gaman að fylgjast með Gretu í framtíðinni.



## Helgar-MATURINN



**Athafnakonan Þórdís Jóhannsdóttir býður hér upp á fljótlega en einstaklega bragðgóða fiskisúpu fyrir helgina. Fyrir þá sem eru í tímaþröng gæti verið sniðugt að gera grunninn daginn áður. Njótið vel!**

### Stórkostleg fiskisúpa

1-2 laukar
2 gulrætur
1 sæt kartafla
5 hvítlauksrif
1 dl ólífuolía
3 tsk. karrí
2 tsk. paprikuduft
4 dl hvítvín
1 dós tómatar
1 lítri vatn
2-3 fiski- og kjötteningar
1 dós Kátir kroppar barnamatur, gulrót
1 dós Kátir kroppar barnamatur, spergilkál og blómkál
½ l rjómi
700 g fiskafurðir (t.d. humar, lax, skelfiskur)
1 búnt söxuð steinselja
1 búnt söxuð basilíka

Skerið grænmetið og pressið hvítlaukinn.
Hitið ólífuolíuna í stórum potti og léttsteikið grænmetið og hvítlaukinn í olíunni ásamt karríinu og paprikuduftinu.
Hellið hvítvíninu út í og hitið að suðu.
Þegar suðan er komin upp, bætið þá við tómötunum, vatninu, kraftinum, Kátum kroppum og rjómanum.
Smakkið til með salti og pipar.
Sjóðið í um 5 mínútur.
Setjið fiskafurðirnar í og takið af hita. Látið standa í 5–10 mínútur.
Sáldrið ferskri steinselju og basilíku yfir.
Gott að bera fram með nýbökuðu brauði.




Frír prufutími

# Skvass gæti verið fyrir þig

Skvass er skemmtileg íþrótt fyrir fólk á öllum aldri. Um er að ræða fjölbreytta hreyfingu og mikla brennslu.



**Bóka þarf tíma með fyrirvara.**



**Ég nýt þess að stunda skvass því þetta er besta alhliða sportið sem ég hef kynnst. Þar brennir maður flestur kalorium, eykur vöðvastyrk og vöðvaúthald og meiðsl eru fátíð í skvassi (skv könnun Forbes)**

**Erling Adolf Ágústsson**

VEGGSPORT
Skvass & Heilsurækt

Stórhöfða 17 | Sími 577 5555 | veggsport.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD OG HEILSA**

HEILSURÁÐGJÖF - NÆRINGARFRÆÐI. Tekið á allkonar kvillum og sjúkdómum. Einkatímar og námskeið. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Býð upp á gott nudd, heilnudd, íþróttanudd, sogæðanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. 105 Rvk/ S. 894 4817. Ekkert erótískt.

Faglegt heilsunudd og slakandi. Sími 771 2117 Urszula.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**COMENIUS UNIVERSITY IN BRATISLAVA JESSENIUS FACULTY OF MEDICINE Í MARTIN SLÓVAKÍA.**

Inntökupróf í læknisfræði verður haldið í Reykjavík í júní 2013 fyrir skólaárið 2013/14.

**Þeir sem hafa áhuga á að skrá sig í prófið hafið samband í s. 5444333 eða kaldasel@islandia.is**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**

1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Miðsvæðis í Rvk: Herb.f.námsfólk t.leigu m.aðg.að baðh.&eldh.Uppl.í s:8660471

## Húsnæði óskast

Einbýli-rað-parhús í Laugadal, Seltjarnarnesi eða miðsvæðis, óskast á leigu fyrir 4 manna fjölskyldu. Góð umgengni og meðmæli. Uppl. í s: 868-1543 / gertl@flugfelag.is

## Atvinnuhúsnæði



Iðnaðar- og verslunarhúsnæði til leigu við Dalveg í Kópavogi. Ca. 220 m2. Tvær innkeyrsluhurðir. Önnur 4 metra há og þar er lofthæð Frá 4 m. upp í 7.5 m. Húsnæðið er gegnt matvöruverslun Kosts. Uppl. í. S. 8201070.

370 m2 verkstæðisbygging auk millilofts með 2 stórum innkeyrsludyrum til leigu á Keflavíkurflugvelli. Stór lóð. Bílaverkstæði var í húsinu. Búnaður til að taka út útblástur frá bílum ofl. Uppl. í s. 5444333 og 8201070.

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR - VINNUSTOFUR**

Eigum laus nokkur 20 - 40 m2 rými í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði. Hentar vel fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki. Nánar á www.leiga.webs. com Sími 898 7820

Gott 210fm iðnaðarhúsnæði til leigu við Melabraut í hfj. 2 góðar innkeyrsluhurðir, góð lofthæð, hentar mjög vel fyrir heildverslun og verkstæði. Uppl. í s. 893-9678.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bakarameistarinn

**KAFFIHÚS, BAKARÍ**

Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslustörf virka daga í Suðurveri, vinnutími alla virka daga frá 11-19 og 13-19. Einnig laust Húsgagnahöll 13-19, þarf að hafa bíl. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.

**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

**AFGREIÐSLUFÓLK ÓSKAST!**

á virkum dögum í bakaríin okkar í 60% starf. Framtíðarstarf.

**Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

**DRIVE IN VESTURLANDSVEGI**

Leitar eftir fólki í afgreiðslu í lúgu.

**Vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á: atvinna@wilsons.is**

**WILSON'S PIZZA LEITAR AF STARFSFÓLKI Í EFTIRFARANDI STÖÐUR.**

Pizzabakara - Sendla. Um er að ræða hentugan vinnutíma í fullt/ hlutastarf. 20 ára og eldri. Góð laun fyrir rétta fólkið.

**Vinsamlegast sendið umsókn með ferilskrá og mynd á: atvinna@wilsons.is**

TÖLVUTEK

**TÖLVUTEK Í REYKJAVÍK**

Sölumaður í fullt starf. Ráðgjöf við val á tölvubúnaði til viðskiptavina auk tilfallandi starfa í verslun. Víðtæk og góð þekking á tölvubúnaði skilyrði. Góð laun í boði. Fullum trúnaði heitið.

**Umsókn sendist á starf@ tolvutek.is**

TÖLVUTEK

**TÖLVUTEK Í REYKJAVÍK**

Tæknimaður í fullt starf. Tæknimaður með góða reynslu í fartölvu viðgerðum og tölvusamsetningum óskast í öflugan hóp reyndra tæknimanna. Nýleg og góð þekking á helstu tölvuíhlutum og tölvubúnaði skilyrði. Góð laun í boði. Fullum trúnaði heitið.

**Umsókn sendist á starf@ tolvutek.is**

Veitingahús í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki í sal, í hádegi 2X í viku. Uppl. í S. 822 5229.

Óskum eftir starfsmanni í hlutastarf í eldhús. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.

**Starfsmannaþjónustan S. 661 7000.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Svartur Blackberry Curve sími tapaðist við bílastæðin á Rauðarárstíg 1-13, sem snýr að Lögreglustöðinni síðastliðið mánudagskvöld 7. Janúar. Vinsamlega tilkynnið fund í síma 693-7400 eða 411-8312

## Tilkynningar

Óska eftir herb/studio. Er reglusamur, reyklaus. helst í Kóp. Uppl. 8951459 e. kl.17

Félagsfundur í Rósinni, landsfélagi jafnaðarmanna. Verður haldinn 12.jan. kl.10 f.h. í Hamraborg 11. 3 hæð. Dagskrá: Kjör fulltrúa á landsfund. Stjórn Rósarinnar.

## Einkamál

**NÁIN KYNNI**

Ung kona (21) leitar karlmanns sem getur veitt henni það sem hún vill. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8486.

**NÝ UPPTAKA!**

Ung dökkhærð kona (25) í rauðum náttkjól skemmtir sér. Magnaður endasprettur! 905-2002 og 535-9930, uppt.nr. 8199.

**NUDD OG DEKUR**

Afspyrnugott slökunarnudd í boði. Hún gefur upp símanúmer. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8919.

**SAMKYNHN. KK**

Eldri KK vill kynnast yngri KK. Náið samband. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8937.

**SAMKYNHN. KK**

Ungur KK, pass. btn, vill kynnast karlmanni. Fullur trúnaður. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8231.

**SÍMADÖMUR 908 1666**

Spjalldömur, hlökkum til að heyra í þér.







Boltinn í beinni
Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"



Hljómsveitin **SÍN** spilar í kvöld **ásamt Ester Ágústu**
Allir velkomnir.
Gullnáman
Snyrtilegur klæðnaður áskilin • Heimilismatur í hádeginu virka daga • Boltatilboð
Hamborgaratilboð • Veislusalur til útleigu

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**ÓÐINSGÖTU 4**

SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is

# LAUGAVEGUR 12 FRÚ BERGLAUG

Höfum fengið til sölumeðferðar veitingahús á besta stað í miðbæ Reykjavíkur. Frú Berglaug er á horni Laugavegs og Bergstaðarstrætis beint á móti Asiu og við hliðina á Kaffibarnum. Fallegur matsölustaður á tveimur hæðum innréttaður í gamla stílnum og er allur nýuppgerður. Langur leigusamningur í boði. - Frábært tækifæri í veitingarekstri

Nánari upplýsingar veitir:
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali, gtj@fastmark.is



Frú Berglaug



# ÚTSALA

## Allt að 60% afsláttur

**Blomberg þvottavélar frá 79.990**
**Allt að 20% afsláttur**

**Candy uppþvottavélar frá 69.990**
**Allt að 36% afsláttur**

**Mikið úrval af kæliskápum frá Blomberg,**
**Candy og Severin með allt að 33% afslætti**

**Ryksuguvélmenni frá 39.990 með allt að 41% afslætti**

**Ofnar, helluborð og háfar frá Blomberg, Brandt,**
**Die Dietrich og KitchenAid með allt að 60% afslætti**

**Fissler pottar, pönnur og hnífar með 20% afslætti**

**Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990**

**William Bound pipar- og saltkvarnir með 25% afslætti**

**Severin smátæki, kaffivélar, blandarar, brauðvélar,**
**katlar og fleira og fleira á frábærum verðum**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
2. svari, 6. hola, 8. tré, 9. eldsneyti, 11. kvað, 12. mentastofnun, 14. yfirstéttar, 16. í röð, 17. hlaup, 18. hljóð svína, 20. tveir eins, 21. atlaga.

**LÓÐRÉTT**
1. á endanum, 3. átt, 4. eyja í Miðjarðarhafi, 5. svelg, 7. ættbálkur spendýra, 10. fiskilína, 13. háttur, 15. óhapp, 16. augnhár, 19. á fæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. ansi, 6. op, 8. við, 9. kol, 11. ku, 12. skóli, 14. aðals, 16. bd, 17. gel, 18. rýt, 20. yy, 21. árás.
**LÓÐRÉTT:** 1. loks, 3. nv, 4. sikiley, 5. iðu, 7. pokadýr, 10. lóð, 13. lag, 15. slys, 16. brá, 19. tá.






# Stuð í háloftunum

**BAKPANKAR**
Magnús Þorláks Lúðvíksson



Ég fæ alltaf fiðring í magann á Reykjanesbrautinni þegar ég er farinn að nálgast Leifsstöð. Það er skemmtilegt að ferðast og þá eimir enn þá örlítið eftir af þessari tilfinningu að maður sé að gera eitthvað merkilegt þótt flugferðir séu vitaskuld orðnar algengari en í gamla daga. Ég er að vísu aðeins flughræddur en það er svo sem ekkert stórmál. Ég legg í vana minn að fá mér tvo drykki á Panorama-bar fyrir flugtak og svo tek ég yfirleitt einn Tópas-pela með mér í vélina svo ég geti róað taugarnar ef eitthvað óvænt gerist. Stundum tekst mér líka að sökkva mér í lestur og þá gleymi ég alveg hræðslunni. Þess vegna kaupi ég jafnan nýjasta eintakið af Economist í bókabúðinni í Fríhöfninni eða jafnvel góðan reyfara.

**Í DAG** er ég að fljúga til Barbados með stuttri viðkomu í New York. Fram undan eru notalegar og að öllum líkindum sólríkar vikur í Karíbahafinu. Sól, sandur, pálmatré og margarítur. Ansi kærkomið frí eftir myrkrið og kuldann í Reykjavík upp á síðkastið.

**SKYNDILEGA** heyri ég hátt og skýrt úr hátalarakerfinu: síðasta útkall í flug FI-450 til New York. Þá er nafnið mitt lesið upp þannig að ég skelli botnfylli fjórða tvöfalda gin í tónik í mig, tek handfarangurinn og skokka af stað í átt að brottfararhliðinu. Ég er næstum dottinn þegar ég rekst í skilti fyrir utan bókabúðina og fatta að ég á eftir að kaupa mér lesefni. Ég sé að á forsíðu nýja Economist er mynd af Obama með alpahúfu en hugsa með mér að ég verði að sleppa lesefninu í þetta skiptið. Það er hvort eð er hægt að horfa á bíómyndir og svona í fluginu.

**ÉG MÆTI** að hliðinu móður með smá ógleðitilfinningu (fjórir gin í tónik var kannski yfirdrifið) og rétt slepp inn í flugvél. Flugfreyjurnar virtust hálf pirraðar þegar ég mætti en ég fyrirgef þeim það, sætar stelpur. Ég geng frá handfarangrinum en set Tópas-pelann í jakkavasann. Fæ mér svo sæti, fer úr skónum, spenni sætisbeltið og halla sætisbakinu þótt ég viti að ég megi það ekki. Skömmu síðar fer flugvélin af stað og ég loka augunum. Hún tekur á loft, úff mér líður hálfilla, en áður en langt um líður hefur flugvélin rétt sig af og það er slökkt á sætisbeltaljósinu. Mér er létt og ákveð að fagna þessum áfanga með tópasskjússi. Ég býð sætisfélögunum en þeir eru eitthvað óhressir og hafna boðinu. Ég skála þá bara við sjálfan mig og fæ mér annan. Ég hef það nefnilega á tilfinningunni að þetta verði bara nokkuð þægilegt flug.

## MYNDASÖGUR

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### HANDAN VIÐ HORNIÐ

Eftir Tony Lopes




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




THAILAND
Santa Maria
Thai
CHICKEN THAI WOK
Spice Mix
2-3
RÉTTA BRAGÐIÐ ÚR AUSTRI
COCONUT MILK
OYSTER SAUCE
SOYA SAUCE
SATAY SAUCE
SWEET CHILI SAUCE
PREMIUM
EGG NOODLES
COCONUT MILK
FISH SAUCE
Fæst í verslunum
Hagkaups og Bónus
BÓNUS
HAGKAUP

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL




**1898 KR.KG**
NAUTAVEISLU **NAUTGRIPASNITSEL**




**1295 KR.KG**
NAUTAVEISLU **NAUTGRIPAHAKK**




**1898 KR.KG**
**NAUTAVEISLU** NAUTGRIPAGÚLLAS



**359 KR. KG**
FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
**FROSIN LAMBAHJÖRTU**

FRÁ KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI



**1195 KR. KG**



**259 KR. KG**
FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
**FROSIN LAMBALIFUR**

norðanfiskur



NORÐANFISKUR ROÐ OG BEINLAUS ÝSA
**SJÓFRYST ÝSUFLÖK 1259 KR.KG**




**1598**
KR. KG
ALI **FERSKAR GRÍSALUNDIR**

Ódýrustu KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS




**1579 KR.900gr**
**KJÚKLINGABRINGUR**
EUROSHOOPER
FROSNAR 900 GR

KJARNAFÆÐI



**298**
KR. 620G
FROSIÐ
KJÖTFARS
620gr




**695 KR.PK**
NAUTAVEISLU **NAUTGRIPA-HAMBORGARAR** m/brauði **4 stk./80g**




BÓNUS **FRANSKAR**
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
**498 KR. 1500 GR**

KOLSÝRT VATN



**159 KR.**
2 LTR.

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

## EINFALT, ÓDÝRT, FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT

GÓÐUR TILBÚINN MATUR
**FYRIR ÞRJÁ TIL FJÓRA**

**1098 KR. BAKKINN**

ÞARF AÐEINS AÐ HITA!

- BÓNUS HEILSURÉTTUR
- BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
- BÓNUS BURRITOS 4 STK
- BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE
- BÓNUS PASTA CARBONARA

## BÓNUS ÞORSKALÝSI

**598 KR.** 300stk
LÝSISPERLUR 300 stk.

**498 KR.**
ÞORSKALÝSI 500ml

## EINFALT OG GOTT ÓDÝRAR NÚÐLUSÚPUR Á SVIPSTUNDU

YUM YUM NÚÐLUR 70gr BOX
**98 KR.**

ROOKIE NÚÐLUR 85gr PAKKI
**29 KR.**

## BÓNUS KAFFI

**398 KR.**
BÓNUS KAFFI 500gr

## froosh fruit: bottled

**298 KR. 250 ML**
Ósvikinn ávaxta-smoothie 250 ml

## FYRIR PIZZUGERÐINA ÞÍNA HEIMA

PIZZABLANDA, PIZZASÓSA OG ÁLEGG

**198** KR. 200 G
BÓNUS **RIFIN PIZZABLANDA**
FULLKOMNAR PIZZUGERÐINA ÞÍNA HEIMA!

**198** KR. 430ML
BÓNUS **PIZZASÓSA** 430ml

**359** KR. 153 G

**359** KR. 153 G

## QNT PRO

PRÓTEINDRYKKUR
SÚKKULAÐI & JARÐARBERJA
50 GRÖMM HREINT PRÓTEIN Í HVERRI FLÖSKUR

**398 KR. FL**

Súkkulaði ís 2 – Vanillu ís 2 – Jarðarberja ís 2

**359 KR. 2 LTR.**

*Alltaf nýbakaðar...*

**198** KR. 4 STK.
BÓNUS **LANGLOKUR** 4 stk.

**198** KR. 500GR
BÓNUS **KJARNABRAUÐ** 500gr

**98** KR. 5 STK.
BÓNUS **FIMM FLATKÖKUR**

## SKÓLAOSTUR SKÓLAOSTUR SKÓLAOSTUR
## TILBOÐ / VERÐLÆKKUN

**1359 KR. KG**
**SKÓLAOSTUR** Í SNEIÐUM:
339 kr. verðlækkun
Verð áður: 1698 kr.kg

**1098 KR. KG**
**SKÓLAOSTUR** STÓRT STYKKI
281 kr. verðlækkun
Verð áður: 1379 kr.kg

## BÓNUS GULRÓTARTERTA

**998** KR. 760GR

**459** KR. 1.2 KG
FROSIN **JARÐARBER 1.2 kg**

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur











**HJARTASPAÐAR** Hugmyndin að verkinu kviknaði í kjölfar frétta um áfengisveitingar á dvalarheimilum aldraðra fyrr á árinu.
MYND/ALDÍS FJÓLA PHOTOGRAPHY

# Gríman á Grafarbakka

**Hjartaspaðar, nýtt íslenskt leikrit, verður frumsýnt í Gaflaraleikhúsinu á laugardag. Leikið er með heilgrímum og leikarar segja ekki eitt aukatekið orð á sviðinu.**

Það er leikhópurinn Skýjasmiðjan sem stendur að Hjartaspöðum, nýju íslensku leikverki sem frumsýnt verður í Gaflaraleikhúsinu í Hafnarfirði á laugardag. Verkið fjallar um uppátæki eldri borgaranna á dvalarheimilinu Grafarbakka sem sanna rækilega að lífið er ekki búið eftir áttrætt. Í verkinu eru farnar nýjar slóðir í íslenskri leiklist því þetta kvað vera í fyrsta sinn sem leikið er með heilgrímum án orða í sýningu í fullri lengd.

Aldís Davíðsdóttir er einn þriggja leikara í sýningunni. Hún nam leiklist í London og kynntist þar meðal annars heilgrímusýningum og heillaðist af.

„Ég kynnti kærastann minn, Stefán Benedikt [sem leikur líka í verkinu], fyrir þessu formi. Við fórum að skoða þetta betur á netinu og sáum þar fullt af flottum útfærslum sem við sáum mikla möguleika í.“

Í kjölfarið sótti hópurinn um og fékk styrk frá Reykjavíkurborg til að búa til þróunarverkefni.

„Það verkefni vatt hins vegar upp á sig og úr varð heil sýning.“

Auk þess að leika í sýningunni bjó Aldís líka til grímurnar. „Þar sem við höfðum ekki mikla peninga á milli handanna ákvað ég


ALDÍS DAVÍÐSDÓTTIR

að reyna að gera þetta sjálf; byrjaði á einni og fikraði mig áfram en þetta kom mjög vel út. Ég lumaði greinilega á hæfileikum sem ég vissi ekki af,“ segir Aldís og hlær.

Hópurinn samdi verkið í sameiningu. En hvers vegna ákváðu þau að láta það gerast á dvalarheimili aldraðra?

„Þegar við vorum að byrja á hugmyndavinnunni var mikið verið að ræða í fjölmiðlum að það ætti að leyfa sölu á áfengi á dvalarheimilum aldraðra. Umræðan í kringum það var svolítið kostuleg og við fórum í framhaldi að hugsa út frá þessum aðstæðum; hvernig það væri að vera á elliheimili. Hvað gerir maður sér til skemmtunar og hvernig reynir maður að brjóta hversdagslífið upp? Ungt fólk leiðir sjálfsagt sjaldan hugann að því hvernig það er að vera orðinn gamall og settur á stofnun en það er öllum hollt að setja sig í spor eldra fólks, bæði líkamlega og andlega.“

Þessu þarf að hópurinn að koma til skila, ekki með röddinni heldur líkamstjáningu.

„Þess vegna er þetta einmitt svo skemmtilegt form því það spilar allt öðruvísi á hlustun áhorfandans; í stað þess að hlusta eftir orðum þarf hann að lesa í líkamstjáningu, sem er tungumál sem allir í heiminum skilja.“

Aðeins fjórar sýningar eru fyrirhugaðar á Hjartaspöðum og fá eldri borgarar sérstakan afslátt af miðaverði. **bergsteinn@frettabladid.is**

## Hjartaspaðar – aðstandendur

**Höfundur:** Leikhópurinn Skýjasmiðjan
**Leikstjóri:** Ágústa Skúladóttir
**Aðstoðarleikstjóri:** Álfrún Gísladóttir
**Leikmynd:** Klæmint H. Ísaksen
**Búningar:** Dýrleif Jónsdóttir
**Lýsing:** Sune Joenssen
**Tónlist:** Eggert Hilmarsson og ýmsir
**Leikarar:** Stefán Benedikt Vilhelmsson, Aldís Davíðsdóttir og Orri Huginn Ágústson



SELMA BJÖRNS

REGÍNA ÓSK

STEFANÍA SVAVARS

ERNA HRÖNN




# HEIÐURSTÓNLEIKAR

HARPA ELDBORG **09.02.13** | HOF AKUREYRI **16.03.13**

**Dægurflugan** kynnir heiðurstónleika ABBA í Hörpu og Hofi, Akureyri. Miðasala er á **midi.is**, **harpa.is**, **menningarhus.is** eða í síma **528 5050** (Harpa) og **450 1000** (Hof). Miðaverð í Hörpu **4.990 kr. - 9.990 kr.** Miðaverð í Hofi **7.990 kr.**

---

Viðskiptavinir Íslandsbanka fá 20% afslátt á ABBA ef greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr.
Viðskiptavinir á tilboðslista Vildarklúbbsins hafa fengið heimsendan afsláttarkóða í tölvupósti til nota í netsölu.
Einnig er hægt að nálgast afsláttarkóða í þjónustuveri bankans í síma 440 4000 eða í næsta útibúi bankans.

---

Brandenburg

Íslandsbanki

HOF

HARPA

# Margir reynsluboltar í Söngvakeppninni í ár

## Átta af þrettán flytjendum hafa áður keppt í keppninni og tveir unnið hana.

Tilkynnt hefur verið um flytjendur Söngvakeppninnar þetta árið en alls eru tólf lög í úrslitum. Margir þaulvanir Eurovision-keppendum taka þátt í ár en af þrettán flytjendum hafa átta þeirra flutt lag í keppninni áður. Þar af hafa tveir unnið keppnina og farið utan sem fulltrúar Íslands.

Fimm flytjendanna fluttu einnig lög í úrslitum keppninnar 2011, þau Haraldur, Erna Hrönn, Jóhanna Guðrún, Jógvan og Magni. Það ár flutti Pétur Örn einnig lag, en hann er einn af lagahöfundunum í ár. Magni Ásgeirsson er þó eini flytjandinn frá því í fyrra sem tekur þátt aftur í ár. **- trs**

**Augnablik** Erna Hrönn Ólafsdóttir
**Höf:** Sveinn Rúnar Sigurðsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir
Erna Hrönn hefur margoft sungið bakraddir í keppninni og fylgt Eurovision-hópnum utan árin 2009 og 2010. 2007 var hún í aðalhlutverki á sviðinu þegar hún söng lagið Örlagadís og aftur 2011, þá með lagið Ástin mín eina.



**Sá sem lætur hjartað ráða för** Edda Viðarsdóttir
**Höf:** Þórir Úlfarsson og Kristján Hreinsson
Edda er nýliði í keppninni en hún er eiginkona lagahöfundarins Þóris.

**Ekki líta undan** Magni Ásgeirsson
**Höf:** Sveinn Rúnar Sigurðsson og Ingibjörg Gunnarsdóttir
Magni lenti í þriðja sæti í fyrra með lagið Hugarró og landaði öðru sætinu með lagið Ég trúi á betra líf árið 2011. Árið 2008 söng hann lagið Núna veit ég með Birgittu Haukdal og 2006 flutti hann Flottur karl, Sæmi rokk.



**Ég syng!** Unnur Eggertsdóttir
**Höf:** Elíza Newman, Gísli Kristjánsson, Ken Rose og Hulda G. Geirsdóttir
Unnur tekur þátt í fyrsta skipti.

**Lífið snýst** Svavar Knútur Kristinsson og Hreindís Ylva Garðarsdóttir Hólm
**Höf:** Hallgrímur Óskarsson og Svavar Knútur Kristinsson
Svavar Knútur var í aukahlutverki í laginu Undir regnboganum árið 2009. Það sama ár þreytti Hreindís Ylva frumraun sína í keppninni þegar hún söng lag ömmu sinnar, Vornótt.

**Stund með þér** Sylvía Erla Scheving
**Höf:** María Björk Sverrisdóttir
Sylvía er einn af nýliðum ársins. Nánari umfjöllun um hana er hér að neðan.

**Meðal andanna** Birgitta Haukdal
**Höf:** Birgitta Haukdal, Sylvía Haukdal Brynjarsdóttir og Jonas Gladnikoff, Michael James Down og Primoz Poglajen
Birgitta vann keppnina árið 2003 og lenti í áttunda sæti í Riga með lagið Open Your Heart. Árið 2006 sneri hún aftur með lagið Mynd af þér og tveimur árum síðar flutti hún lagið Núna veit ég með Magna.

**Ég á líf** Eyþór Ingi Gunnlaugsson
**Höf:** Örlygur Smári og Pétur Örn Guðmundsson
Eyþór Ingi stígur nú á svið Söngvakeppninnar í fyrsta skipti.

**Skuggamynd** Klara Ósk Elíasdóttir
**Höf:** Hallgrímur Óskarsson, Ashley Hicklin og Bragi Valdimar Skúlason
Þetta er frumraun Klöru Óskar í keppninni, en hún hefur skapað sér nafn með hljómsveitinni Charlies.

**Til þín** Jógvan Hansen og Stefanía Svavarsdóttir
**Höf:** Sveinn Rúnar Sigurðsson og Ágúst Ibsen
Jógvan hefur tekið þátt í keppninni þrisvar sinnum áður. Hann mætti með lagið Ég lofa árið 2011, 2010 flutti hann One More Day og 2009 lagið I Think the World of You. Stefanía er minna kunnug keppninni en hún var í bakröddum í lagi Herberts Guðmundssonar, Eilíf ást, í fyrra.

**Vinátta** Haraldur Reynisson
**Höf:** Haraldur Reynisson
Haraldur tók þátt í keppninni 2011, þá einnig með eigið lag sem ber heitið Ef ég hefði vængi.

**Þú** Jóhanna Guðrún Jónsdóttir
**Höf:** Davíð Sigurgeirsson
Jóhanna Guðrún jafnaði okkar besta árangur í Eurovision árið 2009 þegar hún lenti í öðru sæti í Moskvu með lagið Is It True? Hún tók aftur þátt í keppninni hér heima árið 2011, með lagið Nótt. Hún er kærasta höfundar lagsins, Davíðs.



# Keppir við lærimeistarann

## Dóttir Magnúsar Scheving flytur lag í Söngvakeppninni í ár. Hún tók sín fyrstu skref í söngnámi hjá Birgittu Haukdal og keppir nú á sama sviði.

„Pabbi hefur verið í sviðsljósinu síðan ég var lítil og þegar ég var yngri fékk ég stundum að fylgja honum á sviðið, annaðhvort í búningi Sollu stirðu eða bara sem ég sjálf,“ segir Sylvía Erla Scheving, sextán ára dóttir Magnúsar Scheving, sem flytur lagið Stund með þér í Söngvakeppninni í ár.

Það er María Björk Sverrisdóttir sem semur lagið og textann en Sylvía er nemi í söngskóla hennar. „Ég byrjaði að syngja þegar ég var mjög lítil og fékk æfingaraðstöðu í bílskúrnum heima. Ég byrjaði svo að læra söng hjá Birgittu Haukdal þegar ég var tólf ára og fór yfir til Maríu Bjarkar þegar hún flutti út. Þar fyrir utan hef ég lært klassískan söng hjá Alinu Dubik síðastliðin tvö ár,“ segir Sylvía Erla. Birgitta Haukdal flytur einnig lag í keppninni í ár og segir Sylvía vissulega furðulegt að keppa við lærimeistarann. „Ég er samt enn þá að átta mig á því. Þetta er algjör draumur og þvílíkur heiður að fá að standa á sama sviði og þessar stórstjörnur sem eru að taka þátt,“ segir hún. „Ég hef verið að syngja síðan ég man eftir mér en þetta er í fyrsta skipti sem ég kem opinberlega fram, svo það er mjög spennandi. Ég er mjög þakklát Maríu Björk fyrir að treysta mér fyrir laginu sínu,“ bætir hún við. **- trs**



**VÖN SVIÐSLJÓSINU** Sylvía Erla hefur stundum fengið að fylgja pabba sínum í sviðsljósinu. MYND/KRISTÓFER SCHEVING













MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**FÖSTUDAGUR: CHICKEN WITH PLUMS (14)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **TAKE THIS WALTZ (14)** 17:40, 20:00, 22:00 ■ **WADJDA (L)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **SAFETY NOT GUARANTEED (L)** 18:00 ■ **SEARCHING FOR SUGAR MAN (L)** 22:20 ■ **DJÚPIÐ (L) (ENG. SUBS.)** 20:00

**BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# Neitaði að dansa Gangnam Style

## Tom Cruise segir Psy dansa betur en hann sjálfan.

Tom Cruise vildi ekki dansa Gangnam Style þegar hann var staddur í Suður-Kóreu, heimalandi söngvarans Psy, til að kynna sína nýjustu kvikmynd, Jack Reacher.

„Hann gerir það betur en ég," sagði Cruise á blaðamannafundi vegna myndarinnar og átti þar við Psy. „Ég er mjög ánægður með hversu vel honum hefur gengið. Allir hafa haft gaman af þessu."

Cruise tjáði sig á Twitter í september um Gangnam Style og sagði Psy eiga bjarta framtíð fyrir sér. Því bjuggust margir Suður-Kóreubúar við því að hann myndi dansa dansinn en þeir urðu fyrir vonbrigðum.



TOM CRUISE

# Halda skoska menningarhátíð

## Skoska menningarhátíðin Burns Night verður haldin í annað sinn í mánuðinum.

Hin árlega skoska menningarhátíð Burns Night verður haldin á Kex Hostel í annað sinn helgina 24. til 26. janúar í samstarfi við Vífilfell og Icelandair.

Burns-nótt er haldin ár hvert á afmælisdegi þjóðskáldsins Robert Burns og er fagnað með skoskum mat, drykk, tónlist og að sjálfsögðu ljóðlist Roberts Burns. Kex Hostel hefur í samstarfi við Benna Hemm Hemm boðið skosku tónlistarmönnunum Alasdair Roberts og Bill Wells ásamt hljómsveit til Íslands, auk sekkjapípuleikarans Barnabys Brown. Munu þeir sjá um að haldið sé fast í hefðir á Burns-nótt og allt fari fram í samræmi við lög og reglur. Tvær vinnustofur verða einnig haldnar í tengslum við heimsókn skosku listamannanna.



**TIL ÍSLANDS** Skoski tónlistarmaðurinn Alasdair Roberts spilar á Burns Night. NORDICPHOTOS/GETTY



**VINSÆL** Rage Against the Machine hefur alla tíð verið vinsæl á Íslandi.

# Rokka til heiðurs Rage

Tuttugu ár eru liðin síðan fyrsta plata bandarísku rokksveitarinnar Rage Against the Machine kom út. Að því tilefni verða haldnir heiðurstónleikar föstudaginn 18. janúar á Gamla Gauknum.

Sveitin á miklum vinsældum að fagna á Íslandi. Hún kom svo hingað til tónleikahalds árið 1993 og troðfyllti íþróttahúsið í Kaplakrika. Meðlimir íslensku heiðurssveitarinnar eru þeir Egill „Tiny" Thorarensen, Franz Gunnarsson, Arnar Gíslason og Guðni Finnsson.

Þeir eru allir miklir aðdáendur Rage Against the Machine og hafa sett saman tuttugu laga prógramm.

Miðaverð er 1.500 krónur.

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FÖSTUDAGUR 11. JANÚAR 2013**

### Sýningar

**16.00** Þorvaldur Jónsson opnar sýninguna Athöfn í POKU, kjallara Hríms hönnunarhúss við Laugaveg 25.

### Tónlist

**18.00** Raftónlistarmennirnir DREKKA og Helgi Mortal Kombat spila á tónleikum í geisladiskaverslunini 12 Tónum við Skólavörðustíg.

**21.30** Hljómsveitin Skuggamyndir eða Byzantine Silhouette halda sína mánaðarlegu tónleika á Café Haítí. Sveitin spilar skemmtilega þjóðlagatónlist frá Balkanskaganum. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**22.00** Hljómsveitin Roumcha flytur gypsyjazz á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**23.00** Lifandi tónlist verður á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 500.

### Fyrirlestrar

**20.00** Guðmundur G. Þórarinsson heldur fyrirlestur í húsi Lífspekifélagsins að Ingólfsstræti 22. Fyrirlesturinn nefnist Eru taflmennirnir frá Suðureyjum íslenskir?

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*





**TVEIR SEM FÁ TÆKIFÆRIÐ** Hafnfirðingarnir og gömlu Haukamennirnir Ásgeir Örn Hallgrímsson og Vignir Svavarsson fá báðir stór hlutverk á HM á Spáni. MYND/AFP

# Hver stimplar sig inn á HM á Spáni?

Íslenska landsliðið þarf á „nýjum“ stjörnum að halda á HM í handbolta á Spáni til að fylla í stór skörð, en strákarnir okkar mæta Rússum í fyrsta leik í Sevilla á morgun. Fréttablaðið hefur fundið út hverjir voru spútnikstjörnur íslenska liðsins á síðustu tíu stórmótum.

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið hefur keppni á HM á Spáni á morgun en mætir með mikið breytt lið frá því á síðasta stórmóti. Fjórir byrjunarliðsmenn frá því á Ólympíuleikunum í London heltust úr lestinni í aðdraganda fyrsta stórmóts Arons Kristjánssonar og því reynir á nýjan þjálfara að finna menn til að fylla skörð þeirra.

Íslenska liðið er án þeirra Ólafs Stefánssonar, Alexanders Peterssonar og Arnórs Atlasonar á Spáni auk þess að varnarmaðurinn sterki Ingimundur Ingimundarson verður heldur ekki með. Saman skoruðu þessir fjórir 13,2 mörk að meðaltali í leik á Ólympíuleikunum í London og Ingimundur, Alexander og Arnór voru mikilvægir í vörninni. Fréttablaðið hefur litið til baka og skoðað hvaða leikmenn hafa stimplað sig inn í alvöru hlutverk hjá landsliðinu á undanförnum tíu stórmótum. Allir eiga þeir það sameiginlegt að hafa komið inn með stærra framlag en búist var við fyrir mót og flestir tryggðu sér um leið framtíðarhlutverk í liðinu.

Hlutirnir ganga þó ekki alltaf upp hjá mönnum. Rúnar Kárason kom mjög sterkur inn á Evrópumótinu í Serbíu fyrir ári síðan og hefði fengið stórt hlutverk á HM á Spáni ef hann hefði ekki orðið fyrir því að slíta krossband á landsliðsæfingu síðasta sumar.

Ein spútnikstjarnanna, Aron Kristjánsson, sprakk líka út á sínu síðasta stórmóti en hann var mjög öflugur með íslenska landsliðinu á HM í Portúgal 2003. Aron átti meðal annars stórleik í síðasta leiknum þegar íslenska liðið tryggði sér sæti á Ólympíuleikunum í Aþenu 2004.

Hjá flestum hinum var þetta fyrsta skref aðeins upphafið að frekari afrekum með íslenska landsliðinu á stórmótum. Hér fyrir neðan má finna yfirlit yfir spútnikstjörnur íslenska landsliðsins á undanförnum tíu stórmótum.

Það er ljóst að íslenska landsliðið þarf framlög úr óvæntri átt ætli liðið að ná langt á HM á Spáni. Þrír leikmenn eru tilnefndir fyrir fram, hægri skyttan Ásgeir Örn Hallgrímsson, markvörðurinn Aron Rafn Eðvarðsson og línumaðurinn Vignir Svavarsson. Aron Rafn er bara að taka þátt í sínu öðru stórmóti en hinir tveir hafa verið í „minna“ hlutverki með landsliðinu á blómatímanum síðustu ár. Það er búist við miklu af þessum þremur og hver veit nema að spútnikstjarna okkar á Spáni leynist meðal þeirra sem eru að keppa á sínu fyrstu stórmótum.

ooj@frettabladid.is

## Spútnikstjörnurnar á síðustu tíu stórmótum íslenska landsliðsins í handbolta



**RÚNAR KÁRASON Á EM 2012** Hans fyrsta stórmót. Kom sterkur inn í milliriðlana í meiðslaforföllum Alexanders Petersson og skoraði níu mörk í þremur leikjum en hafði komið inn í hópinn þar sem Ólafur Stefánsson var ekki með.



**ÞÓRIR ÓLAFSSON Á HM 2011** Hans annað stórmót. Kom inn á sitt fyrsta stórmót í fimm ár, skoraði 24 mörk og var frábær í riðlakeppninni þar sem hann skoraði 21 mark í fimm leikjum.



**ARON PÁLMARSSON Á EM 2010** Hans fyrsta stórmót. Skoraði 19 mörk í átta leikjum, þar á meðal fimm í sigri á Dönum og sex í undanúrslitaleik á móti verðandi Evrópumeisturum Frakka.



**BJÖRGVIN PÁLL GÚSTAVSSON Á ÓL 2008** Hans fyrsta stórmót. Varði 11,5 skot í leik, þar af samtals 44 skot í sigrunum á Pólverjum og Spánverjum á leiðinni í úrslitaleikinn.



**LOGI GEIRSSON Á HM 2007** Hans annað stórmót. Fékk fá tækifæri á HM 2005 í Túnis en blómstraði á stóra sviðinu í Þýskalandi þar sem hann skoraði 48 mörk í tíu leikjum eða 4,8 í leik.



**ARNÓR ATLASON Á EM 2006** Hans annað stórmót. Steig sín fyrstu skref í Túnis árið áður en var nú kominn í mun stærra hlutverk þar sem hann skoraði 14 mörk í sex leikjum.



**ALEXANDER PETERSSON Á HM 2005** Hans fyrsta stórmót. Kom öflugur inn í liðið á sínu fyrsta stórmóti eftir að hann fékk ríkisborgararétt og keppnisleyfi frá IHF. Skoraði 18 mörk í fimm leikjum eða 3,6 í leik.



**SNORRI STEINN GUÐJÓNSSON Á EM 2004** Hans annað stórmót. Fékk eiginlega ekkert að vera með á HM í Portúgal en var einn af fáum ljósum punktum á erfiðu móti í Slóveníu. Skoraði 12 mörk í þremur leikjum.



**ARON KRISTJÁNSSON Á HM 2003** Hans þriðja stórmót. Skoraði 19 mörk og 22 stoðsendingar í níu leikjum auk þess að eiga sinn besta leik (4 mörk, 3 stoðs.) í leiknum um 7. sætið þar sem Ísland komst á ÓL eftir tólf ára fjarveru.



**SIGFÚS SIGURÐSSON Á EM 2002** Hans fyrsta stórmót. Varð að stórstjörnu á sínu fyrsta stórmóti þar sem hann skoraði 31 mark í átta leikjum eða 3,9 að meðaltali. Lykilmaður í vörn og hraðaupphlaupum.




## Spánverjar vilja fá gull

Heimamenn sigurstranglegastir er HM fer af stað.

**HANDBOLTI** Heimsmeistaramótið hefst klukkan 18 í kvöld. Heimamenn, Spánverjar, taka þá á móti Alsír í Madríd.

Spánverjar eru með geysisterkt lið og eru sigurstranglegastir hjá veðbankanum Betfair. Frakkar og Króatar koma þar á eftir og loks Danir.

Mikil pressa er á spænska landsliðinu að landa heimsmeistaratitlinum á heimavelli. Valero Rivera er búinn að þjálfa liðið í fjögur ár og hefur ekki enn komið liðinu í úrslit á stórmóti.

„Við höfum verið nálægt því að fara alla leið undanfarin ár en þetta tækifæri er sögulegt,“ sagði Rivera en hann segir að drápseðlið hafi vantað í sitt lið á ögurstundum.



**PRESSA** Það er ætlast til þess að Rivera skili gulli. NORDICPHOTOS/GETTY

„Við erum með marga sterka leikmenn og það er mismunandi hvaða menn taka af skarið. Hópurinn er nógu sterkur til þess að fara í gegnum svona gott mót en það hefur vantað ýmislegt á úrslitastundu,“ sagði Rivera en hann stefnir á gull með sínu liði.

„Í fyrsta skiptið erum við sigurstranglegasta liðið og það mun hjálpa okkur að vera á heimavelli. Frakkar eru samt meistarar og með ótrúlegt lið. Danmörk og Króatía eru líka afar sterk og svo má ekki gleyma liðum eins og Þýskalandi, Rússlandi og Póllandi.“

- hbg

## Danir hvíla Hansen

**HANDBOLTI** Danir spila sinn fyrsta leik á HM á morgun rétt eins og Ísland en þjóðirnar eru saman í B-riðli keppninnar.

Danir tefla fram besta handboltamanni heims um þessar mundir, Mikkel Hansen, og hann verður hvíldur í fyrsta leiknum gegn Katar.

Hansen hefur verið að glíma við meiðsli á hné en hann segist ekki finna fyrir þeim lengur.

- hbg



**MAGNAÐUR** Hansen fær hvíld í fyrsta leik. NORDICPHOTOS/GETTY


ÚTSALA ÚTSALA
15%-50% AFSLÁTTUR
NATURE'S REST heilsurúm
Mjúkt og slitsterkt áklæði
Svæðaskipt gormakerfi
Aldrei að snúa
Sterkur botn
Frábærar kantstyrkingar
Gegnheilar viðarlappir
320 gormar pr fm²
160 x 200 cm.
Aðeins
Kr. 91.200
Verð 114.900
180 x 200 cm.
Aðeins
Kr. 107.920
Verð 127.900
TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR
Nature's Bedding
C&J stillanlegt heilsurúm
með Shape dýnu
2 x 90 x 200 cm.
Kr. 339.830
Verð 399.800
TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR
Charlotte Julien
Dream your world™
Inndraganlegur botn
2x450 kg lyftimótorar
Mótor þarfnast ekki viðhalds
Tvíhert stál í burðargrind
Hliðar- og enda-stopparar svo dýnur færist ekki í sundur
Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
Val um lappir með hjólum eða töppum
5 ára ábyrgð
SHAPE BY NATURE'S BEDDING
Í DORMA
AMERÍSKIR SÓFAR
CAROLINE sófasett
Caroline 3ja sæta sófi. Stærð: 215 x 100 cm
Aðeins kr. 152.915 Verð 179.900
Caroline 2ja sæta sófi: Stærð: 154 x 100 cm
Aðeins kr. 135.915 Verð 159.900
Caroline stóll. Særð: 100 x 100 cm
Aðeins kr. 84.915 Verð 99.900
TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR
DARCY hornsófi
Stærð: 255 x 255 x 95 cm
Aðeins kr. 212.415 Verð 249.900
DARCY fæst í tveimur litum: Bronse og grænum
DARCY sófasett
DARCY 3ja sæta sófi. Stærð: 220 x 95 cm
Aðeins kr. 118.915 Verð 139.900
DARCY 2ja sæta sófi: Stærð: 165 x 95 cm
Aðeins kr. 93.415 Verð 109.900
DARCY stóll. Særð: 115 x 95 cm
Aðeins kr. 84.915 Verð 99.900
SHAPE heilsudýna
SHAPE BY NATURE'S BEDDING
VERÐDÆMI
180 x 200 cm.
Aðeins
Kr. 110.415
Verð 129.900
TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR
Aukahlutir á mynd botn, lappir og gafl
COMO tungusófi
TILBOÐ 40% AFSLÁTTUR
TAKMARKAÐ MAGN!
Stærð
Br. 267 cm
D. 88/159 cm
H. 85 cm.
Tveir litir
Skemill kr. 29.900
Verð 39.900
Útlitsgallaðir COMO tungusófar
Aðeins kr. 99.900
Verð 169.900
GENOVA svefnsófi
ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR
TAKMARKAÐ MAGN!
Stærð: 218 x 95 cm
Litur Ljós- og dökkgrátt áklæði
Aðeins kr. 111.450
Verð 222.900
FLORIDA tungusófi
TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR
Stærð: 250 x 140 cm
H. 71 cm. Litur grátt
Verð 149.900 Aðeins kr. 127.415
MONTORIO svefnsófi
TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR
Aðeins kr. 84.915 Verð 99.900
Stærð: Br. 159 cm.
D. 208 cm H. 63,5 cm.
RUBEN svefnsófi með tungu
TILBOÐ 15% AFSLÁTTUR
Aðeins kr. 118.915 Verð 139.900 Stærð: 241 x 158 cm H. 71 cm.
SHAPE heilsukoddar
SHAPE BY NATURE'S BEDDING
Shape Classic
kr. 4.130
Verð 5.900
TILBOÐ 30% AFSLÁTTUR
Shape Original
kr. 6.230
Verð 8.900
Þéttur
Stuðningslag
DORMA sængurver
Verð frá kr. 5.592
TILBOÐ 20% AFSLÁTTUR
OPIÐ Holtagörðum
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnud.aga kl. 13-16
DORMA
– býður góða nótt
Pöntunarsími ☎ 512 6800
www.dorma.is

## Stöð 2 Sport kl. 17.50

### HM 2013: Spánn-Alsír

*Handboltaveislan er að hefjast á Stöð 2 Sport. Opnunarleikur keppninnar fer fram í dag en þar mætast Spánn og Alsír en þau eru í D-riðli ásamt Króatíu, Ástralíu, Ungverjalandi og Egyptalandi. Fyrsti leikur Íslands er gegn Rússlandi á morgun klukkan 16.55.*



## Í KVÖLD



### Too Late to Say Goodbye

**SKJÁR 1 KL. 23.15** Jenn og Bart Corbin virtust vera hamingjusamlega gift. Þegar Jenn kemst að því að Bart heldur fram hjá henni ákveður hún að gjalda í sömu mynt og hittir mann á netinu. Þegar hún finnst dáin á stofugólfinu heima hjá sér er strax talið að um morð sé að ræða.

TV.COM 6,0 · IMDb 4,8



### Morning Glory

**RÚV KL. 21.30** Rachel McAdams leikur hina ungu Becky Fuller sem er ráðin inn til að hressa upp á óvinsælasta morgunþátt Bandaríkjanna. Hún ræður inn tvo þaulreynda en afar ólíka þáttastjórnendur en það er hægara sagt en gert að halda öllum ánægðum.

Rotten Tomatoes 55% · IMDb 6,5



### The Marc Pease Experience

**STÖÐ 2 KL. 20.55** Marc Pease var helsta söngleikjastjarna skólans þegar hann var í gagnfræðaskóla. Átta árum síðar er hann enn að reyna að lifa á fornri frægð þegar hann áttar sig á því að lífið snýst um fleira en Broadway og söngleiki.

Rotten Tomatoes 17% · IMDb 3,9

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Sagnaslóð **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Óskalögin **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Við frostmark **14.00** Fréttir **14.03** Tilraunaglasið **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Nafnlausir vegir **15.25** Kveikjan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Gullfiskurinn **20.00** Leynifélagið **20.30** Hvað er málið? **21.10** Blái engillinn: Ævi og söngferill Marlene Dietrich **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.05** Hringsól **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.40 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)* Endursýndir þættir vikunnar.
**17.20 Babar**
**17.44 Bombubyrgið**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Framandi og freistandi 3** *(3:9) (e)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Söngvaskáld** Lay Low flytur nokkur laga sinna að viðstöddum áheyrendum í myndveri Sjónvarpsins.
**20.20 Útsvar** Spurningakeppni sveitarfélaga. Að þessu sinni mætast lið Seltjarnarness og Reykjavíkur. Umsjónarmenn eru Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir.
**21.30 Dögun** *(Morning Glory)* Meðal leikenda eru Rachel McAdams, Harrison Ford, Diane Keaton, Patrick Wilson og Jeff Goldblum.
**23.20 Barnaby ræður gátuna – Svarta bókin** *(2:7) (Midsomer Murders XII: The Black Book)* Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi. Meðal leikenda eru John Nettles og Jason Hughes.
**00.55 Aska tímans** *(Dung che sai duk)* **Kínversk verðlaunamynd frá 1994.** Myndin gerist í Kína til forna og segir frá harmi slegnum manni sem fer út í eyðimörk og finnur þar skylmingagarpa til að fremja fyrir sig morð. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In the Middle** *(5:22)*
**08.30 Ellen** *(72:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(59:175)*
**10.15 Til Death** *(8:18)*
**10.40 Masterchef USA** *(11:20)*
**11.25 Two and a Half Men** *(5:16)*
**11.50 The Kennedys** *(5:8)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** *(1:24)*
**13.25 Azur og Asmar** Ævintýraleg teiknimynd um tvo ólíka vini sem alast upp eins og bræður. Dag einn breytist þó líf þeirra og þegar þeim er stíað í sundur.
**15.00 Sorry I've Got No Head**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(73:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Simpson-fjölskyldan** *(19:22)*
**19.45 Týnda kynslóðin** *(17:24)*
**20.10 MasterChef Ísland** *(4:9)*
**20.55 The Marc Pease Experience** Gamanmynd með Jason Schwartzman og Ben Stiller í aðalhlutverkum.
**22.25 Death Defying Acts** Hörkuspennandi og dramatísk mynd sem gerist árið 1926 og segir frá frægasta töframanna allra tíma, Harry Houdini, og ástarsambandi hans við skoska miðilinn Mary. Hún er hins vegar með skuggaleg áform á prjónunum og ætlar að svíkja fé út úr Houdini með klækjum. Áform Mary fara hins vegar ekki eins og hún ætlaði sér. Með aðalhlutverk fara Guy Pearce og Catherine Zeta-Jones í aðalhlutverkum.
**00.05 Saw IV** Fjórða hryllingsmyndin í myndaflokknum.
**01.40 The Lookout**
**03.15 Cold Heart**
**04.50 MasterChef Ísland** *(4:9)*
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.25 Svíþjóð - Ísland**
**17.50 HM 2013: Spánn - Alsír** BEINT frá opnunarleiknum á HM í handbolta 2013.
**19.30 Ísland á HM 2013** Þáttur um Strákana okkar í íslenska handboltalandsliðinu og möguleika liðsins fyrir HM í handbolta á Spáni.
**20.10 The Swing** Í þessum þætti er rennt yfir golfsveifluna eins og hún leggur sig.
**20.30 La Liga Report**
**21.00 HM 2013: Spánn - Alsír** Útsending frá opnunarleiknum.
**22.25 UFC Live Events 124** Útsending frá bardagakeppni þar sem aðalbardaginn var á milli Georges St-Pierre og Josh Koscheck.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.55 Sunnudagsmessan**
**19.10 Premier League World 2012/13**
**19.40 Wolves - Blackburn**
**21.45 Premier League Preview Show 2012/13**
**22.15 Football League Show 2012/13**
**22.45 Premier League Preview Show 2012/13**
**23.15 Wolves - Blackburn**

## 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.25 Svampur Sveinsson**
**08.45 Doddi litli og Eyrnastór**
**08.55 UKI**
**09.05 Elías**
**09.20 Strumparnir**
**09.45 Latibær** *(16:18)*
**10.10 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Histeria!**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Villingarnir**
**17.20 Ofurhetjusérsveitin**
**17.45 M.I. High**

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(17:22)*
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Gossip Girl** *(23:25)*
**18.35 Sjáðu**
**19.00 Friends** *(15:23)*
**19.20 How I Met Your Mother** *(12:24)*
**19.45 Simpson-fjölskyldan** *(15:23)* Marge nýtur þess til hins ýtrasta að keyra um á sportbíl þar til akstursglag hennar nær athygli Wiggums lögregluforingja.
**20.10 The Secret Circle** *(21:22)* Unglingsstúlka flytur til smábæjar í Washington og er tekin inn í leynifélag unglinga sem búa öll yfir óvenjulegum hæfileikum.
**20.55 Pretty Little Liars** *(22:25)*
**21.40 Friends** *(15:23)*
**22.05 The Vampire Diaries** *(21:22)* Unglingsstúlka fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár. Hann reynir að lifa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk en bróðir hans er ekki alveg eins friðsæll.
**22.50 Sons of Anarchy** *(8:13)* Önnur þáttaröðin um hinn alræmda mótorhjólaklúbb Sons of Anarchy sem rekur löglegt verkstæði í bænum Charming í Kaliforníu. Klúbbrinn felur sig á bak við fjölskyldugildi en undir niðri ólgar ólöglegur og óvæginn heimur.
**23.30 The Secret Circle** *(21:22)*
**00.15 The Vampire Diaries** *(21:22)*
**01.00 Pretty Little Liars** *(22:25)*
**01.45 Sons of Anarchy** *(8:13)*
**02.25 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** *(e)*
**08.45 Dr. Phil** *(e)*
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Top Chef** *(5:15) (e)*
**16.30 Rachael Ray**
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Survivor** *(10:15) (e)*
**18.50 Running Wilde** *(8:13) (e)*
**19.15 Solsidan** *(8:10) (e)*
**19.40 Family Guy** *(2:16)*
**20.05 America's Funniest Home Videos** *(43:48)*
**20.30 The Biggest Loser** *(2:14)* **22.00 HA?** *(1:12)* Spurninga- og skemmtiþátturinn HA? er landsmönnum að góðu kunnur. Jói G. er gestgjafi, Sóli Hólm og Gunnar Sigurðsson á Völlum sjá um svörin og Stefán Pálsson semur hinar sérkennilegu spurningar. Gestir í þessum fyrsta þætti eru meistarakokkurinn Rikka og gleðigjafinn Páli Óskar Hjálmtýsson.
**22.50 And the World Was Bond** Skemmtileg heimildamynd um sögu Bond kvikmyndanna þar sem eftirminnilegustu augnablikin eru rifjuð upp í bland við viðtöl við þekkta leikara.
**23.15 Too Late to Say Goodbye** Bandarísk spennumynd með Rob Lowe í aðalhlutverki.
**00.45 Excused**
**01.10 House** *(17:23) (e)*
**02.00 Last Resort** *(7:13) (e)*
**02.50 Combat Hospital** *(3:13) (e)*
**03.40 CSI** *(11:23) (e)*
**04.20 Pepsi MAX tónlist**

## 2 BÍÓ

**11.40 The Special Relationship**
**13.10 Skoppa og Skrítla í bíó**
**14.10 Avatar**
**16.50 The Special Relationship**
**18.20 Skoppa og Skrítla í bíó**
**19.20 Avatar**
**22.00 London Boulevard**
**23.45 Solitary Man**
**01.15 Crank: High Voltage**
**02.50 Solitary Man**
**04.20 London Boulevard**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** *(111:175)*
**19.00 Ellen** *(73:170)*
**19.40 Það var lagið**
**20.40 Idol-Stjörnuleit**
**22.35 Entourage** *(12:12)*
**23.15 Það var lagið**
**00.15 Idol-Stjörnuleit**
**01.45 Idol-Stjörnuleit**
**02.10 Entourage** *(12:12)*
**02.50 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.50** Sony Open **2013** *(1:4)* **11.20** Inside the PGA Tour *(2:47)* **11.45** Sony Open **2013** *(1:4)* **15.15** PGA Tour - Highlights *(1:45)* **16.10** Sony Open **2013** *(1:4)* **19.40** Golfing World **20.30** Sony Open **2013** *(1:4)* **00.00** Sony Open **2013** *(2:4)* **03.30** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Eldað með Holta **21.30** Eldað með Holta

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó · **FM 90,1** Rás 2 · **FM 90,9** Gullbylgjan · **FM 93,5** Rás 1 · **FM 95,7** FM957 · **FM 96,3** FM Suðurland · **FM 96,7** Létt Bylgjan · **FM 97,7** X-ið · **FM 98,9** Bylgjan · **FM 99,4** Útvarp Saga · **FM 100,5** Kaninn · **FM 102,2** Útvarp Latibær · **FM 102,9** Lindin · **FM 105,5** Útvarp Boðun




# iPod nano

Frábær í líkamsræktina
Örþunn og létt hönnun
Nike+ Fitness innbyggt
Allt að 30 klst. rafhlaða
FM útvarp og Bluetooth 4
Stjórntakkar á hlið

Vönduð Apple EarPod heyrnartól fylgja




## Lækkað verð

16GB
**Verð: 29.990.-**
Verð áður: 39.990.-

## iPod touch
(5 kynslóð)



Verð frá: 59.990.- 32GB 64GB

## iPod classic




Verð: 49.990.- 160GB

## iPod shuffle



Verð: 9.990.- 2GB

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

# Epla útsala 15-50% afsláttur
Smáralind
af völdum vörum

## iPad 3

Takmarkað magn



Wi-Fi
16GB **69.990.-**
32GB **84.990.-**
64GB **89.990.-**



**SkullCandy**
25% afsláttur



**iHealth**
20% afsláttur



**WalkOnWater**
30% afsláttur

Dæmi um vörur á útsölu.

epli.is

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300

HELGIN



**„Ég er að spila í Hörpunni í dag og í pólska sendiráðinu á sunnudag. Svo ætla ég að borða afgang af plokkfisk.“**

Davíð Berndsen, tónlistarmaður.

# Bloggar um 52 bækur á einu ári

Kennarinn Trausti Þorgeirsson setti sér óvenjulegt áramótaheit fyrir árið 2013.

Framhaldsskólakennarinn Trausti Þorgeirsson ætlar að lesa 52 bækur árið 2013 og skrifa stuttlega um hverja og eina þeirra á bloggsíðu sinni.

Fyrir um ári síðan byrjaði Trausti að skrifa niður í bók hvaða skáldsögur hann væri að lesa en það datt fljótlega upp fyrir. „Ég var farinn að hafa áhyggjur af því að ég væri farinn að gleyma hvaða bækur ég hefði lesið og fannst mikilvægt að skrá þetta niður,“ segir hann. „Svo var ég að horfa á bíómynd á Rúv um jólin, Julie & Julia. Þar er stúlka sem setur sér það markmið að elda 365 mataruppskriftir upp úr matreiðslubók og blogga um reynsluna. Mér datt í hug að yfirfæra þessa hugmynd á bókalestur og nota bloggið til að aga mig við skriftirnar,“ segir Trausti, sem kennir stærðfræði og tölvunarfræði við Menntaskólann í Reykjavík.

Hann hefur alla tíð verið mikill bókaormur og vill með athæfinu hvetja nemendur sína til að lesa meira í frístundum sínum. „Ég las í Wall Street Journal að George W. Bush [fyrrum Bandaríkjaforseti] hefði lesið 95 bækur árið 2006 þegar hann var leiðtogi hins frjálsa heims. Hann hafði nóg að gera en samt gat hann lesið næstum því hundrað bækur. Ég heyri stundum frá nemendum að þeir hafi ekki tíma til að lesa annað en kennslubækurnar. Mér finnst þetta svo léleg afsökun og þess vegna lít ég á þetta sem hvatningu fyrir nemendur mína. Þeir þurfa að vera tilbúnir til að lesa meira og hafa gaman af því,“ segir hann. Hugleiðingar Trausta um bækurnar má finna á slóðinni http://52baekur.blogspot.com. **- fb**



**BLOGGAR UM BÆKUR** Trausti Þorgeirsson ætlar að lesa 52 bækur á árinu og skrifa um þær allar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TILBOÐ

GLÆNÝ HROGN & GLÆNÝ ÝSUFLÖK

990 kr.kg

Tilboðið gildir í dag föstudag, og á laugardag

OPIÐ LAUGARDAGA 10-15.00

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Heldur áfram í Borgias

Björn Hlynur Haraldsson er nýkominn til landsins eftir fimm mánaða dvöl erlendis. Þar lék hann í sjónvarpsþáttunum Borgias og mexíkóskri bíómynd.

„Það er fínt að vera kominn aftur til Íslands. Ég kom heim rétt fyrir jól,“ segir leikarinn Björn Hlynur Haraldsson, sem hefur dvalið í Búdapest síðustu fimm mánuði.

Þar hefur Björn Hlynur verið við tökur á sjónvarpsþáttunum The Borgias, sem skarta leikaranum Jeremy Irons í aðalhlutverki. Tökur voru umfangsmiklar og fóru fram í stóru kvikmyndaveri rétt fyrir utan Búdapest. Björn Hlynur vill lítið tjá sig um sjálft hlutverkið en segist þó leika Ítala sem líklega kemur töluvert við sögu í þessari þriðju seríu The Borgias, sem verður frumsýnd með vorinu í Bandaríkjunum. „Þetta voru viðamiklar tökur í stóru stúdíói þar sem búið var að byggja heilu borgirnar. Þetta var mikil upplifun og gaman að taka þátt í þessu verkefni,“ segir Björn Hlynur og ber stjörnu þáttana, Jeremy Irons, vel söguna. „Hann er viðkunnanlegur. Það kom í ljós að hann er mikill aðdáandi Íslands. Hann hefur komið

hingað nokkrum sinnum, meðal annars til að taka upp nýútkomna heimildamynd um umhverfismál.“

Á meðan á dvöl Björns Hlyns stóð í Búdapest náði hann að skreppa yfir til Kanada í þrjár vikur þar sem hann lék í mexíkósku myndinni Deserted Cities sem verður frumsýnd á árinu. „Vinur minn, leikarinn Gael García Bernal, leikur aðalhlutverkið í þeirri mynd og það small saman við frí sem ég fékk í október. Ég leik Pólverja í þeirri mynd svo það má segja að ég sé orðinn frekar alþjóðlegur eftir síðasta ár.“

Björn Hlynur ætlar þó að stoppa aðeins við á Íslandi í þetta sinn, en hann er að hefja tökur á annarri seríu af sjónvarpsþáttunum Ástríði þar sem hann fer með hlutverk lögfræðings. Hann viðurkennir að það sé gaman að taka að sér verkefni erlendis enda sé sífellt meira um að íslenskir leikarar láti ljós sitt skína á erlendum vettvangi. „Það virðist ganga vel hjá okkur núna. Þetta opnar örugglega einhverjar dyr og ég fer í það minnsta í fjórðu seríuna af The Borgias á þessu ári. Annað verður að koma í ljós.“ **alfrun@frettabladid.is**



**SKEMMTILEGT VERKEFNI** Björn Hlynur Haraldsson segir tökur á sjónvarpsþáttunum The Borgias hafa farið fram í stúdíói í Búdapest en hann ber stjörnu þáttanna, leikaranum Jeremy Irons, vel söguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Keppnismaður og gefst ekki upp

Djúpið fékk ekki tilnefningu til Óskarsverðlauna. Baltasar hefði viljað ná lengra.

Baltasar Kormákur segist ekki hafa orðið fyrir vonbrigðum með að kvikmynd hans Djúpið var ekki tilnefnd til Óskarsverðlaunanna.

„Það er svo margt annað gott í gangi þannig að ég er ekkert að svekkja mig á þessu. En auðvitað er maður keppnismaður og hefði viljað komast lengra,“ segir leikstjórinn. „Það gengur bara betur næst.“ Myndirnar fimm sem fengu tilnefningu sem besta erlenda myndin eru Amour frá Austurríki, norska myndin Kon-Tiki, No frá Chile, danska myndin A Royal Affair og War Witch frá Kanada. Djúpið var í flokki níu mynda sem áttu möguleika á tilnefningunum.

„Það kemur á óvart að The Intouchables [frá Frakklandi] var ekki tilnefnd þannig að þetta er ófyrirséð. Ég þekki ekki allar þessar myndir þannig að það erfitt fyrir mig að hafa skoðun á þessu,“ segir Baltasar.

Tilkynnt var um tilnefningarnar klukkan fimm um morguninn í Los Angeles, þar sem leikstjórinn er búsettur. Hann segist ekki hafa vakað eftir tilnefningunum heldur fékk hann símtal þar sem honum var greint frá úrslitunum. Spurður hvort hann taki þetta ekki bara næst segir hann: „Jú, maður gefst ekki upp.“



**EKKI SVEKKTUR** Baltasar Kormákur ætlar ekki að svekkja sig á því að hafa ekki fengið Óskarstilnefningu. NORDICPHOTOS/GETTY

Níu myndir fengu tilnefningar sem besta myndin: Amour, Argo, Beasts of the Southern Wild, Django Unchained, Les Miserables, Lincoln, Life of Pi, Silver Linings Playbook og Zero Dark Thirty. **- fb**

Regatta GREAT OUTDOORS® CRAGHOPPERS BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS Dare2b

LAGER SALA!

NÝTT KORTATÍMABIL

KLÁRUM VETRARVÖRURNAR

FRÁBÆR VERÐ!



OPIÐ
VIRKA DAGA. 11–18
LAU. 11–16
SUN. 13–16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fögnuðu nýrri þáttaröð á Lebowski

Ný þáttaröð af spurningaþættinum Ha? hefur göngu sína á Skjá Einum í kvöld. Þátturinn hefur notið nokkurra vinsælda og hefur nýja þáttaröðin verið auglýst heilmikið, svo ljóst er að eftirvæntingar gætir í herbúðum Skjásins. Nýr meðlimur spurningateymisins hefur líka verið kynntur til sögunnar, **Gunnar Sigurðarson**, sem er líklega þekktastur upp á síðkastið sem Gunnar á Völlum. **Sólmundur Hólm,** Jóhann G. Jóhannsson og Stefán Pálsson eru sem fyrr í þættinum og fyrstu gestirnir eru Rikka og Páll Óskar. Aðstandendur þáttarins buðu í frumsýningarpartý á Lebowski bar í gærkvöldi, þar sem viðstaddir fengu ekki aðeins að taka forskot á sæluna og sjá þáttinn heldur var þeim einnig boðið upp á hamborgara og bjór. **- þeb**



### Spilerí í París

Hljómsveitirnar Ghostigital og Epic Rain spila í París 31. janúar á tónlistarviðburði sem tengist Iceland Airwaves-hátíðinni. Einnig kemur fram franska hljómsveitin Mein Sohn William. Bæði Ghostigital og Epic Rain gáfu út nýjar plötur í fyrra og munu vafalítið spila lög af þeim á tónleikunum. Þeir eru liður í að kynna Airwaves á erlendri grundu. Hátíðin verður haldin 30. október til 3. nóvember og má fastlega búast við því að miðarnir seljist fljótt upp eins og á undanförnum árum. **- áp, fb**



## Mest lesið vísir

1. Lýsir kynnum sínum af Karli Vigni og Helga: „Nú tek ég blaðið frá munninum"
2. Vonast eftir yfirvegaðri umræðu um kynferðisbrotamál
3. Feðgar vilja byggja tíu hótel
4. Hafnar ásökunum fórnarlamba
5. Fólk lýsir hrikalegum aðstæðum





